# FRÉTTABLAÐIÐ

87. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. APRÍL 2016




**Sælkerar við búðarborðið** Lykla- og kynslóðaskipti urðu í sælkeraversluninni Vínberinu á Laugavegi í gær en verslunin fagnaði einnig fjörutíu ára rekstrarafmæli. Kaupmaðurinn Logi Helgason, stofnandi og eigandi, hefur sest í helgan stein eftir að hafa rekið verslunina frá árinu 1976. Guðrún Vala Davíðsdóttir, tengdadóttir Loga, tekur við rekstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Brotið á au-pair í íslenskri sveit

**VINNUMARKAÐUR** Tvítug ungversk stúlka fékk greiddar fjörutíu til sextíu þúsund krónur í laun á mánuði fyrir 10-12 tíma vinnu á dag á sveitabæ á Suðurlandi. Stúlkan er á heimleið eftir að hafa starfað á bænum síðan í júní í fyrra.

Eftir þrjá mánuði bað hún um ráðningarsamning. Hjónin á bænum sögðust myndu ráðast í gerð samnings um leið og tækifæri gæfist. „Þau báru hins vegar við annríki viku eftir viku og bættu á mig verkefnum. Ekkert varð af því að gera við mig samning. Þau voru alltaf upptekin.“ – **kbg** / **sjá síðu 10**

## Frægir styðja forsetaefni

**LÍFIÐ** Nú fer að líða að því að í ljós komi hverjir það verða sem munu formlega bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna fyrir hönd stóru flokkanna tveggja. Það sem virðist skipta máli, ásamt því að vera með góð stefnumál, er hvaða fræga fólk styður hvaða kosningabaráttu. Stjörnurnar sem eiga stóran aðdáendahóp hafa lýst yfir stuðningi sínum við hina ýmsu frambjóðendur. – **gj** **/sjá síðu 68**



**Britney Spears**

# Kæra skipstjóra fyrir of marga farþega um borð

**Skipstjórar og framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækis hafa verið ákærðir fyrir að ferðast með of marga farþega. Gefið að sök að fara með 18-22 farþega í bát með leyfi fyrir tólf. Kæran byggð á misskilningi, segir lögmaður fyrirtækisins.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Skipstjórar og eigandi hvalaskoðunarfyrirtækisins Gentle Giants á Húsavík hafa verið ákærðir fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum, reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum, siglingalögum, lögum um lögskráningu sjómanna og reglugerð um lögskráningu sjómanna.

Er þeim gefið að sök að hafa ítrekað á árinu 2015 verið með fleiri farþega í opnum harðskeljabátum en þeir hafa leyfi til. Lögmaður fyrirtækisins segir ákærurnar byggðar á misskilningi.

Landhelgisgæslan fer með eftirlit með skipum í lögsögu Íslands og fer reglulega í skoðunarferðir til að athuga ferðir hvalaskoðunarbáta. Í ákærum sem hafa verið birtar fjórum starfsmönnum Gentle Giants, þremur skipstjórum og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er þeim gefið að sök að hafa á tímabilinu 24. til 28. júlí í fyrra siglt fimm sinnum úr Húsavíkurhöfn með of marga farþega.

Samkvæmt ákærum hefur fyrirtækið aðeins leyfi til að flytja tólf farþega í opnum skeljabátum, svokölluðum RIB-bátum, en farþegar voru á þessu tímabili 18 til 22.

> **Fyrir það fyrsta, þá eru tilvísanir í ákærunum ekki réttar og byggðar á misskilningi. Hér er um tvo báta að ræða sem báðir geta flutt 24 farþega. Þessir bátar eru með þeim öruggustu sem um getur.**
>
> Daníel Isebarn, lögmaður Gentle Giants.



Einnig er ákært í einu tilviki, 20. september 2015, þar sem skipstjóri var með 13 farþega, engan vélavörð og engin skipsskjöl meðferðis.

Daníel Isebarn, lögmaður Gentle Giants, segir þessar ákærur byggðar á misskilningi. Málið eigi sér langan aðdraganda.

„Fyrir það fyrsta, þá eru tilvísanir í ákærunum ekki réttar og byggðar á misskilningi. Hér er um tvo báta að ræða sem báðir geta flutt 24 farþega. Þessir bátar eru með þeim öruggustu sem um getur. Að öðru leyti er ekki tímabært að tjá sig frekar um þetta mál eða reka það í fjölmiðlum,“ segir Daníel.

Ríflega 80 þúsund manns fara í hvalaskoðun á Húsavík á hverju ári og bjóða fjögur fyrirtæki á svæðinu upp á áætlunarferðir í hvalaskoðun. Húsavík hefur getið sér gott orð sem góður hvalaskoðunarstaður á heimsvísu og hefur verið markaðssettur sem slíkur úti í heimi. – **sa**



**RIB-bátar hafa leyfi fyrir 18-22 farþegum.**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um nýja stjórnarskrá. 19

**SPORT** Úrslitakeppnin í Olís-deild karla hefst í kvöld. 24

**MENNING** Hanna Styrmisdóttir kynnti í gær tón- og sviðslistadagskrá Listahátíðarinnar í Reykjavík. 34

**LÍFIÐ** Íslenskur plötusnúður óvænt vinsæll í Brasilíu. 48

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **STÓRELDHÚS**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**AFSLÁTTARDAGAR**

**-20% SÖFNUNAR - STELL HNÍFAPÖR GLÖS**

FIM/FÖS/LAU OG MÁNUDAG

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 – sími 568 9955

## Veður




Norðlæg átt, 3-10 m/s, en 10-18 austan Öræfa. Víða lítilsháttar rigning eða smásúld um morguninn, en léttir til þegar kemur fram að hádegi. Hiti 4 til 10 stig, en svalara norðaustan til.

SJÁ SÍÐU 34

# Gríðarleg rigning í Yemen



Bílar aka í gegnum flóð á vegi í kjölfar gríðarlegrar rigningar í Sana'a, höfuðborg Yemen í gær. Mikil rigning hefur verið í mörgum hlutum Yemen undanfarna daga og hitastigið hefur hækkað mjög mikið. Ekki er langt síðan þúsundir þurftu að flýja heimli sín vegna flóða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Varð ekki vör við skothvelli

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem myrt var á Akranesi aðfaranótt miðvikudags hafði starfað í Grundaskóla í um tíu ár. Hún er af rússnesku bergi brotin en maður hennar, sem fyrirfór sér í kjölfar voðaverksins, er Íslendingur og var á sjötugsaldri.

„Að sjálfsögðu erum við harmi slegin," segir Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri Grundaskóla. Hún vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. Foreldrar barna í Grundaskóla fengu sent bréf um andlát konunnar í gær, miðvikudag, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður haldin athöfn fyrir nemendur skólans í minningu konunnar.

Bæjarbúar eru felmtri slegnir vegna atburðarins. „Þetta er persónulegur harmleikur," segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglu myrti maðurinn konu sína með skotvopni áður en hann fyrirfór sér. Þau bjuggu í fjölbýlishúsi. Lilja Jónsdóttir, nágranni hjónanna, segist ekki hafa orðið vör við skothvelli eða læti um nóttina. „Þau voru nágrannar mínir en ég þekkti hana ekkert mjög vel. En ég var vel málkunnug henni." – snæ

> **Þetta er persónulegur harmleikur.**
>
> Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness



# Féllust ekki á afskriftir til Reykjanesbæjar

**FJÁRMÁL** Kröfuhafar Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar gengu ekki að tillögu um afskriftir af lánum bæjarins.

Bæjarráð fór fram á að kröfuhafar sættust á 6.350 milljóna króna afskriftir. Bæjarráð hafði hótað að óska eftir því að eftirlitsnefnd sveitarfélaga skipaði fjárhagsstjórn yfir bæinn, gengju ekki allir kröfuhafar að tillögunni.

Stefán Árni Auðólfsson, lögmaður helstu kröfuhafa Reykjaneshafnar, segir að tillaga bæjarráðs verði ekki samþykkt óbreytt.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstóri Reykjanesbæjar, útilokar ekki að hægt sé að vinna frekar með tillögur sem kröfuhafar leggi fram en vill ekki tjá sig frekar fyrr en málið verður tekið fyrir á bæjarráðsfundi í dag. – ih





Stökktu

Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í herbergi.

Heimsferðir


# Nelson kærður fyrir að fella tré nágranna síns

**Aspartré var fellt í garðinum á Laugarásvegi í óþökk eigenda. Gunnar Nelson og annar íbúðareigandi eru sagðir standa fyrir verkinu. Faðir Gunnars segir málið byggt á misskilningi og að Gunnar vilji síst af öllu vilja eiga í nágrannaerjum.**

**LÖGREGLUMÁL** Stórt og gamalt tré var á fimmtudag fellt í garðinum á Laugarásvegi 3 í óþökk eigenda hússins. Bardagakappinn Gunnar Nelson og eigandi annarrar íbúðar í nágrannahúsinu á Kleifarvegi 6 eru sagðir hafi staðið fyrir verkinu sem kært hefur verið til lögreglu.

Ekki náðist tal af eigendum Kleifarvegs 6 í gær en Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson, segir að upphaf málsins megi rekja til þess að eigendur Kleifarvegs 6, sem keyptu hvor sína íbúðina í húsinu í fyrra, hafi látið mynda skólplagnir á lóðinni.

„Þá kemur í ljós að þetta aspartré sem er þarna á lóðamörkunum er búið að skemma skólplagnir hjá þeim," útskýrir Haraldur sem kveður við svo búið hafa verið haft samband við nágrannana og þeim boðið að tréð yrði fjarlægt þeim að kostnaðarlausu um leið og tré í Kleifarvegsgarðinum yrðu felld. Vel hafi verið tekið í þetta.

„Þeir ætluðu síðan að láta vita ef það mætti ekki. Síðan er liðnir margir mánuðir og þeir töldu að það væri í lagi að taka þetta tré. Þarna er bara einhver misskilningur á milli þeirra," segir Haraldur, sem kveður Gunnar síst af öllu vilja eiga í erjum við nágranna sína. „Það var aldrei ætlunin. Hann taldi sig vera að gera þeim greiða með því að fjarlægja þetta algerlega á sinn kostnað."

Eigendum trésins, Sigurði Ásgeiri Ólafssyni og Richard Kristinssyni á Laugarásvegi 3, ber hins vegar saman um að þeir hafi alls ekki veitt samþykki sitt fyrir því að umrætt tré yrði fellt. Þeir viti reyndar ekki af hvaða tegund tréð hafi verið en það hafi þó ekki verið ösp.



Útsýnið hefur stóraukist á Kleifarvegi 6 eftir að eigendur hússins felldu tré nágrannanna á Laugarsvegi 3 sem nú er ekki í eins góðu skjóli og áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Hann taldi sig vera að gera þeim greiða með því að fjarlægja þetta algerlega á sinn kostnað.**
>
> Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson



„Þeir höfðu ekkert leyfi, það er alveg á tæru," segir Sigurður sem kveður samband hafa verið haft við þá Richard í fyrra til að óska eftir samþykki fyrir því að tréð yrði fellt. Þeir hafi hvorugur sagst reiðubúnir til að heimila að tréð yrði fellt og teldu jafnvel að ekki mætti farga svo gömlu tré. „Það var ekki haft samband meira við okkur."

Sigurður og Richard sáu ekki hvað orðið var fyrr en þeir komu heim eftir vinnu á fimmtudaginn. Þá var aðeins trjástubburinn eftir. Aðspurður segir Sigurður að þegar málið hafi verið rætt við þá hafi ekki verið minnst á lagnir af nokkru tagi. „Það var bara talað um að þá fengist betra útsýni," rifjar hann upp.

Sigurður og Richard segja báðir að tréð hafi skýlt þeim mikið fyrir suðaustanátt, auk þess verið athvarf fugla og verið til prýði á allan hátt. „Það er bara glæpsamlegt athæfi að gera þetta svona," segir Sigurður.

gar@frettabladid.is


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
60 ÁRA 1956 - 2016
Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli
AUTHOR
EVRÓPSKT GÆÐAMERKI
REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆRT VERÐ!
34.900kr
AUTHOR BELLO 16"
Reiðhjól 16" ál 6061 grind.
Tektro bremsur 855. 16"x1,50 dekk.
3901304
37.900kr
AUTHOR ENERGY 20"
Reiðhjól 20" Eneergy 10"Hi-ten grind.
6 gira Shimano Revoshift skipting,
3901310/11
VORIÐ ER KOMIÐ
blómaval
Sýpris
hæð ca. 100cm
1.499kr
2.490 kr
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana
BLACK&DECKER
14.995kr
Rafmagnshekkklippa
450W, 50 cm blað,
klippir allt að 18 mm
5083686
25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
2.759kr
3.679kr
Hekkklippur
22 cm
5084742
25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
995kr
1.279kr
Greinaklippur
7"
5084732
25% afsláttur af öllum Jumbo, 3-8 þrepa áltröppum
5078885-5078894
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
Verð frá
3.937kr
5.249kr
Áltrappa
3 þrepa, 150 kg
5078885
Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni
JOTUN
Treolje
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
1.995kr
2.529kr
3 ltr
Pallaolía Jotun Treolje
7049123
59.990kr
weber
Gasgrill Weber
Weber Q2200. Meðfærilegt gasgrill á fótum, Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h.
3000378
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
55.900kr
69.900
Broil King
Broil King Monarch 320
8.8Kw- 3 Ryðfrír "Dual Tube" brennarar,
grill grind úr pottjárni,
3000603
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
49.990kr
59.990
Broil King
Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárni
Grillflötur: 38 x 67 cm
3000604
GRILL MIKIÐ ÚRVAL!
Broil King
weber
OUTBACK
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
19.120kr
23.900
OUTBACK
Gasgrill Outback
Outback gasgrill,
2ja brennara. með hliðaborði.Grillflötur:
50x36 cm með tvískiptum brennara
3000225
Byggjum á betra verði
www.husa.is

# Þingmaður fór á ráðstefnu UN Women á eigin kostnað

**ALÞINGI** Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, ákvað upp á sitt eindæmi að fara á 60. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í mars. Þetta ákvað hann þegar í ljós kom að Alþingi ætlaði ekki að senda fulltrúa á ráðstefnuna. Yfirskrift fundarins var „Valdefling kvenna og sjálfbær þróun“.

„Ég hef verið að ræða ýmis mál á þingi sem snerta konur, meðal annars kynferðisofbeldi, starfsemi kampavínsklúbba, heimilisofbeldi og ýmist annað. Þegar ég frétti af þessu þingi þá vildi ég gjarnan fara og sjá hvað heimurinn er að hugsa,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn greindi sjálfur frá þessari ferð á fundi Alþingis í gær og vísaði til þess að Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar, hafði spurt um ferðina að Þorsteini fjarstöddum. „Nú var það ekki ætlan mín á þeim tíma að upplýsa alla þjóðina um að ég væri þar á eigin reikning og konan mín með mér,“ sagði Þorsteinn á þingfundi og bætti við: „Ég var eini þingmaður Íslendinga þarna og ég vil beina því til þingmanna sem hafa brennandi áhuga á því málefni að það er alveg þess virði að eyða svolitlu af peningum sínum til að vera þarna og taka þátt í því merka starfi sem þar fer fram.“ Þorsteinn segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi verið mikil upplifun að sitja þingið. „Ef eitthvað er hefði ég viljað vera enn betur skipulagður en ég var til að geta komist yfir meira. Það voru alls konar viðburðir og hlutir að gerast sem var mjög áhugavert og eiginlega nauðsynlegt að upplifa.“

Hann segir það synd að Alþingi hafi ekki sent þingmann á ráðstefnuna. Sjálfur hafi hann vakið máls á því á fundi forsætisnefndar Alþingis. „Ég hvatti til þess að við myndum senda þingmenn framvegis, helst úr öllum flokkum, því þetta er gríðarmerkilegt.“ **– snæ**



**Þorsteini Sæmundsson varð fyrir miklum áhrifum á kvennafundi Sameinuðu þjóðanna í mars.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Fundur flugumferðarstjóra og samninganefndar Isavia og SA.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hafa lagt fram nýja tillögu

**KJARAMÁL** Boltinn er hjá Isavia og Samtökum atvinnulífsins, segir Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF). Fundur var í kjaradeilu félagsins hjá ríkissáttasemjara fyrir hádegi í gær.

„Við lögðum fram tillögu um hvernig við vildum sjá framhaldið,“ segir Sigurjón, en samninganefndir félaganna hittast næst í byrjun næstu viku.

Flugvirkjar samþykktu yfirvinnubann eftir að „hvorki gekk né rak“ í deilunni eftir að henni var vísað til ríkissáttasemjara fyrr á þessu ári. Bannið tók gildi 6. þessa mánaðar og hefur orðið til þess að lítilsháttar röskun hefur orðið bæði á innanlands- og millilandaflugi síðustu daga. **– óká**

## Sækja um greiðslustöðvun

**VIÐSKIPTI** Peabody Energy, stærsta einkarekna kolanámuvinnsla í heimi hefur óskað eftir greiðslustöðvun í Bandaríkjunum.

Verðfall á kolum hefur gert rekstur fyrirtækisins erfiðan þannig að vandasamt er fyrir fyrirtækið að greiða af skuldum sínum. Skuldir fyrirtækisins jukust verulega eftir að fyrirtækið tók yfir eignarhaldið á Macarthur árið 2011. **– jhh**

# Skiptar skoðanir á banni

**Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja telur eðlilegt að skoðað verði bann við stofnun fyrirtækja í erlendum skattaskjólum. Framkvæmdastjóri SA telur að slíkt bann yrði snúið í framkvæmd.**

**VIÐSKIPTI** „Við erum jákvæð á að slíkt sé skoðað. Þetta hefur verið nauðsynleg og góð umræða síðustu daga um þessi mál,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, spurður út í þá hugmynd þingmannsins Frosta Sigurjónssonar að banna Íslendingum að eiga fyrirtæki í svokölluðum skattaskjólum. Guðjón segir að margt hafi áunnist undanfarin ár. Til dæmis hafi verið unninn samræmdur upplýsingaskiptastaðall um skattaskil. Samtök fjármálafyrirtækja hafi komið að þeirri vinnu með stjórnvöldum. „Það er kannski bara eðlilegt framhald að skoða hvort ástæða sé til að stíga skrefinu lengra.“ Hann segir að hið sama eigi við um hugmyndir um að banna ráðgjöf við þá sem vilja stofna félög eða reikninga í lágskattaríkjum. Bendir hann á að í dag veiti bankarnir ekki slíka ráðgjöf.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fundaði með embætti ríkisskattstjóra og embætti skattrannsóknarstjóra í gær vegna aflandsfélaga. Eftir fundinn sagði Frosti, sem er formaður nefndarinnar, að hann væri hlynntur því að skattaskjól, sem hann kallar líka upplýsingasvarthol, verði bönnuð.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri sagði að fara þyrfti vel yfir þessa hugmynd. „Þetta er róttæk hugmynd en ég held að afstaða skattayfirvalda sé sú að ef þessi lágskattaríki væru ekki til, þá væri lífið nú miklu auðveldara,“ sagði Bryndís í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir algjöra samstöðu ríkja um andstöðu gegn því að menn setji upp skattastrúktúr í fyrirtækjum sem ætlað sé að koma í veg fyrir skattagreiðslur í heimalandi. „Við viljum því fyrir alla muni tryggja það að þessi mál séu í góðu horfi en hins vegar vilja menn gæta þess að þau „meðöl“ sem notuð eru séu framkvæmanleg. Ég óttast að þetta geti orðið talsvert snúið.“

Þorsteinn segir að skattakerfi landa séu ólík og mikilvægt sé að fyrirtækjum og einstaklingum sé frjálst að fjárfesta erlendis. Því megi ekki setja upp regluverk sem á endanum gæti girt fyrir eðlilega fjárfestingu. „Ég held að það gæti verið á endanum erfitt að skilgreina hvað eru skattaskjól og hvað eru ekki skattaskjól. Þó við getum öll verið sammála um að aflandsfélög á Bresku Jómfrúaeyjunum teljist þar klárlega undir.“

**jonhakon@frettabladid.is**



**Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri mættu á nefndarfund hjá efnahags- og viðskiptanefnd í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Skattrannsóknarstjóri með 30 mál í rannsókn

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær kom fram í máli Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra að embættið hafi stofnað alls 178 mál vegna vanframtalinna tekna upp úr leynigögnum um eignir Íslendinga í skattaskjólum sem skattyfirvöld keyptu í fyrra á 37 milljónir króna. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri sagði að embætti hennar hefði til rannsóknar 30 tilvik þar sem grunsemdir væru um skattaundanskot. Af þeim málum sem væru til meðferðar hjá ríkisskattstjóra vegna vanframtalinna tekna væru einhver mál sem myndu líklega upplýsast með þeim hætti að ástæða væri til að vísa þeim til skattrannsóknarstjóra vegna gruns um skattaundanskot.

**Ég held að það geti verið á endanum erfitt að skilgreina hvað eru skattaskjól og hvað eru ekki skattaskjól.**



Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA





# Samkeppnislög kæmu ekki í veg fyrir sameiginlegt kjararáð lífeyrissjóðanna

**KJARAMÁL** Samkeppnislög ættu ekki að hindra að lífeyrissjóðir komi á fót sameiginlegu kjararáði.

„Samkvæmt 2. gr. samkeppnislaga taka þau ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, um hugmyndir Bolla Héðinssonar um að lífeyrissjóðir komi á fót sameiginlegu kjararáði sem ákvarði laun stjórnenda þeirra fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir eiga.

Í Fréttablaðinu í gær segir Bolli að lífeyissjóðir ættu að notfæra sér það afl sem þeir hafi sameiginlega til að reyna að hindra launaskrið. Hann vill að kjararáðið verði sjálfstætt og nefnd sem úrskurði um laun stjórnenda fyrirtækja í eigu lífeyrissjóða.

Páll Gunnar segir að ef samstarf lífeyrissjóðanna taki ekki til fleiri atriða falli samstarfið utan gildissviðs samkeppnislaga.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna og formaður Samtaka iðnaðarins, telur hugmyndina ganga of langt í átt að miðstýringu atvinnulífsins.

„Ef lífeyrissjóðirnir ætla að taka sig saman til að móta launastefnu fyrir fyrirtækin í landinu, þá finnst mér eitthvað rangt við það.“

Guðrún bendir á að unnið sé að nýju vinnumarkaðsmódeli. „Þar sem við ætlum að færa okkur nær skandinavískum þjóðunum. Þar erum við að láta útflutnings- og samkeppnisgreinarnar skapa það svigrúm sem til er til launahækkana, það er miklu eðlilegra en að við förum að búa til miðstýrt ráð sem á að gera það,“ segir Guðrún. **– ih**

**Samkvæmt 2. gr. samkeppnislaga taka þau ekki til launa eða annarra starfskjara launþega.**



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

**Ef lífeyrissjóðirnir ætla að taka sig saman til að móta launastefnu [...] þá finnst mér eitthvað rangt við það.**



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI

RENAULT
Passion for life

# CLIO LIMITED

## GLÆSILEGUR BÍLL, GÓÐUR DÍLL




TAKMARKAÐ MAGN

**MEÐ 300.000 KR. AUKAPAKKA**

Glerþak · 16" álfelgur · Bakkskynjarar
Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu · Lykillaust aðgengi
Dynamic útlitspakki · Svartir speglar með háglans lakki

**Verð: 2.590.000 kr.**
**CLIO 90 TCe**
Bensín, beinskiptur
**Eyðsla 4,6 l/100 km***

**Bílalán 39.745 kr. á mán.**
**m.v. 10% innborgun.****

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,39%.

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM74831

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Engar teikningar til af Exeter-húsi

**REYKJAVÍK** Mannverk ehf. lofar því að Exeter-húsið sem rifið var í liðinni viku verði endurbyggt, þetta kemur fram í yfirlýsingu sem verktakinn sendi frá sér í gær. Framkvæmdir hafa verið stöðvaðar á reitnum og hefjast þær ekki aftur fyrr en lögregla hefur rannsakað málið.

Mannverk hefur annast framkvæmdir á reitnum en í síðustu viku reif vinnuvél fyrirtækisins húsið niður án leyfis. Exeter-húsið, sem var friðað, stóð við Tryggvagötu 12 og var byggt árið 1904.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, sviðsstjóri hjá Minjastofnun, segir að erfitt geti reynst að endurbyggja húsið. „Þetta hús er það gamalt að það eru ekki til neinar teikningar af upphaflegri gerð þess," segir Guðný Gerður.

Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að starfmenn Mannverks hafi talið sig vera innan heimilda við framkvæmdina.

Reykjavíkurborg lítur málið alvarlegum augum og hefur kært niðurrifið til lögreglu. Minjastofnun hyggst gera hið sama á næstu dögum en Guðný Gerður segir ljóst að lög hafi verið brotin með niðurrifinu. Þetta er í fyrsta sinn sem borgin leggur fram slíka kæru en niðurrifið getur varðað allt að þriggja ára fangelsi. – **þv**

> **Þetta hús er það gamalt að það eru ekki til neinar teikningar af upphaflegri gerð þess.**
>
> Guðný Gerður Gunnarsdóttir

## Bretaprins klappar sjaldgæfum nashyrningi



**Vilhjálmur Bretaprins og Katrín Middleton, hertogaynjan af Cambridge, klappa nashyrningskálfi í heimsókn sinni í Assam-héraði í norðaustur Indlandi. Í gær heimsóttu þau friðlýst landsvæði í Kaziringa-þjóðgarðinum en þar er að finna flesta einhyrnda nashyrninga heims.** NORDICPHOTOS/AFP


## Ársfundur Íslandsstofu

ÍSLANDSSTOFA

# HVERNIG FREMJUM VIÐ FRAMTÍÐINA?

Gestafyrirlesari á fundinum er framtíðarfrömuðurinn Anne Lise Kjær. Hún mun fjalla um strauma og stefnur (trends) sem áhrif munu hafa á líf okkar og störf næstu ár og jafnvel áratugi. Hún er meðal virtustu fræðimanna heims á þessu sviði og hefur verið mörgum af stærstu fyrirtækjum heims til ráðgjafar. Hún er höfundur bókarinnar The Trend Management Toolkit, sem vakið hefur mikla athygli.

### Dagskrá

**Ávarp formanns**
Vilborg Einarsdóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu

**Ávarp ráðherra**
Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra

**Skýrsla stjórnar**
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

**Stefnur og straumar**
Anne Lise Kjær, framtíðarfrömuður

Þriðjudagur, 19. apríl, 2016
11.00 - 13.00
Grand Hótel Reykjavík

Skráning á
islandsstofa@islandsstofa.is
eða í síma 511 4000

Allir velkomnir


# Munu ekki sætta sig við niðurstöður

**Gengið var til þingkosninga í Sýrlandi í gær. Allt bendir til stórsigurs forsetans Bashars Al-Assad.**

**SÝRLAND** Búist er við því að Ba'ath-flokkurinn, flokkur Bashars Al-Assad Sýrlandsforseta, hafi unnið stórsigur í þingkosningum sem fóru fram í Sýrlandi í gær.

Ráðamenn á Vesturlöndum eru ekki hrifnir af kosningunum og hefur forsetinn verið sakaður um að reyna að spilla fyrir friðarviðræðum á milli stríðandi fylkinga í landinu sem hófust á ný í svissnesku borginni Genf í gær. Ein helsta krafa andstæðinga ríkisstjórnar Assads í viðræðunum er að hann segi af sér embætti.

Talsmaður utanríkisráðuneytis Þýskalands sagði í gær ómögulegt að halda sanngjarnar og lýðræðislegar kosningar í því ástandi sem er við lýði í Sýrlandi í dag, en í landinu ríkir borgarastyrjöld. „Þýska ríkisstjórnin mun ekki sættast á niðurstöður kosninga sem ríkisstjórn Assads boðar til," sagði talsmaðurinn, Martin Schäfer.

Ríkisstjórn Bretlands sendi einnig frá sér yfirlýsingu. Þar eru kosningarnar kallaðar skrumskæling lýðræðisins. Einnig voru bandamenn Assads, sérstaklega Rússar, hvattir til að þrýsta á að Assad gefi eftir í friðarviðræðum.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, sagði kosningarnar hins vegar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að tómarúm skapaðist í landinu. Þá segir talsmaður ríkisstjórnar Assads kosningarnar samræmast stjórnarskrá og alls ótengdar friðarviðræðunum í Genf. Niðurstöður kosninga lágu ekki fyrir í gærkvöldi. Síðast var kosið árið 2012 en þá fékk flokkur Assads 168 þingsæti af 250.



**Bashar Al-Assad Sýrlandsforseti setur atkvæði sitt í kjörkassann.** NORDICPHOTOS/AFP

> **168**
> **þingsæti af 250 fékk flokkur Assads árið 2012.**

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur staðið yfir frá árinu 2011. Að minnsta kosti 470 þúsund hafa látið lífið. Nærri átta milljónir eru á vergangi innan landsins eftir að heimili þeirra voru lögð í rúst og um fjórar milljónir hafa flúið land.

Vopnahlé hefur verið í landinu frá því í febrúar en þó eru hryðjuverkahreyfingarnar Al-Nusra, Al-Kaída og Íslamska ríkið undanskildar því.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# CLINIQUE

dagar í snyrtivöruverslunum Hagkaups dagana 14. - 20. apríl.
Glæsilegur *kaupauki ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 6.900 kr. eða meira.

**20%**
**afsláttur af öllum vörum í Clinique fimmtudag til miðvikudags.**




**Kaupaukinn inniheldur:**

- Liquid facial soap – milda andlitssápu
- DDML+ - gulakremið 30ml
- Smart Custom-Repair Serum – alhliða serum
- Smart Custom-Repair Eye Treatment – alhliða augnkrem
- High Impact Mascara – svartan maskara
- High Impact Lipstick – varalit, flamenco
- Aromatics in White – nýja ilminn

*á meðan birgðir endast

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Flestar stúlknanna eru kristnar en talið er að fangarar þeirra hafi neytt þær til að taka upp íslamstrú. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Nígerísku skólastúlkurnar taldar á lífi

**NÍGERÍA** Liðsmenn hryðjuverkasamtakanna Boko Haram hafa sent frá sér myndband sem sannar að skólastelpur sem teknar voru í gíslingu árið 2014 séu enn á lífi. Vígamenn Boko Haram réðust vopnaðir byssum inn í heimavistarskóla í bænum Chibok í Nígeríu í apríl árið 2014 og námu á brott 276 stúlkur. Ekkert hafði heyrst af stúlkunum síðan þá. Brottnám skólastúlknanna vakti mikla reiði og var fordæmt um allan heim og varpaði athygli á átökin í Nígeríu.

Í myndbandinu er rætt við stúlkurnar og segir ein þeirra að þær séu við góða heilsu. Talið er að myndbandið hafi verið tekið upp í desember síðastliðnum og notað í samningaviðræðum samtakanna og nígerískra stjórnvalda.

Nígerísk stjórnvöld segjast hafa eintak af myndbandinu. Þó segja stjórnvöld ekki hægt að staðfesta uppruna myndbandsins. – þv








Flutningur á gögnum af tölvu DMI í Kaupmannahöfn til Íslands er lokið - eldri ofurtölva var tekin úr rekstri í byrjun mars. Tölvurnar eru í raun tvær Thor og Freyja og kostuðu rúman milljarð sem 100% er greitt af DMI. MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

# 14 tonna ofurtölva sem jafnast á við 25.000 meðal fartölvur

**Stærsta tölva sem sett hefur verið upp á Íslandi er komin í fullan rekstur í húsnæði Veðurstofunnar. Tölvan er í eigu dönsku veðurstofunnar en stórbætir möguleika íslenskra vísindamanna í sínum störfum, í spágerð sem og rannsóknum í fortíð og framtíð. Stefnt að samstarfi Norðurlanda á rekstri tölvu frá árinu 2020.**


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is




Ofurtölva dönsku veðurstofunnar (DMI) í húsnæði Veðurstofu Íslands er komin í fullan rekstur. Um er að ræða langöflugustu tölvu sem sett hefur verið upp hérlendis og mun hún geta framkvæmt 700.000 milljarða reikniaðgerða á sekúndu fulluppfærð - sem samsvarar getu 25.000 meðal fartölva. Tölvan vegur um 14 tonn.

Á ársfundi Veðurstofunnar í gær var tilurð þessa verkefnis rakin. Kom fram að forsvarsmenn DMI leituðu til Veðurstofunnar haustið 2013 til að kanna möguleika á samvinnu við rekstur ofurtölvu stofnunarinnar. Hlutirnir gengu hratt fyrir sig; samningur var undirritaður í nóvember 2014, tölvan kom til landsins ári seinna og var prufukeyrslum lokið í lok febrúar. Tölvan er í eigu DMI en afurðir hennar nýttar af veðurstofunum báðum. Hún er í raun tvær tölvur sem kostuðu fulluppsettar rúman milljarð íslenskra króna og kostaðar að fullu af DMI.

En af hverju að staðsetja ofurtölvu DMI á Íslandi? Það helgast af því að veðurfar á Íslandi hentar afar vel fyrir rekstur gagnavera, og til dæmis fer hiti í Reykjavík aðeins yfir 20 stig í sex klukkustundir á ári að meðaltali. Frost undir tíu stigum er einnig sjaldgæft sem leiðir til þess að það þarf minni orku hér en á flestum öðrum stöðum í heiminum til þess að kæla tölvuna. DMI þarf svo aftur að endurnýja þennan búnað á fimm til sjö ára fresti, en öflugri tölva þýðir meiri orkuþörf og kvaðir sem opinberar stofnanir í Danmörku starfa undir leyfa ekki rekstur þessarar tölvu þar í landi – hún einfaldlega sprengir loftslagsviðmiðin sem þar eru í gildi vegna stærðarinnar.

Ávinningur DMI er að nýta umhverfisvæna orkugjafa Íslands en Veðurstofu Íslands gefst á móti tækifæri til að stækka reiknisvæðið í kringum Ísland og bæta þjónustu sína á öllum sviðum; í veðurspám, hafísspám, reikningum á fortíðarloftslagi og framtíðarsviðsmyndum mögulegra loftslagsbreytinga. Einnig gefast betri tækifæri til styrkumsókna, bæði úr norrænum og evrópskum rannsókna- og þróunarsjóðum. Sameiginlega munu DMI og Veðurstofan geta beitt sér enn betur að samstarfi hvað varðar loftslagsmál á norðurslóðum. Möguleikar Veðurstofunnar í veðurþjónustu aukast mikið, bæði almennt og hvað varðar aðila sem eiga mikið undir góðum upplýsingum. Enn fremur verður hægt að efla þjónustu við alþjóðaflug.

Flestar veðurstofur í Evrópu reka sínar eigin ofurtölvur til þess að reikna veðurspár. Þróun ofurtölva er hröð og kröfur til veðurstofa um nákvæmari veðurspár kalla á hraðari uppfærslur á ofurtölvunum en áður. Á sama tíma er þrengt að fjárhag veðurstofa. Norska og sænska veðurstofan starfa saman að rekstri ofurtölvu, en nú er stefnt að samnorrænni gagnahýsingu og rekstri ofurtölvu til að reikna veðurspár fyrir öll Norðurlöndin frá árinu 2020. Vinna er hafin við að meta hvað tölva þarf að hafa mikla reiknigetu til þess að geta sinnt öllu þessu svæði sem nær yfir öll Norðurlöndin og Ísland og Grænland þar með talin. Til greina kemur að Eystrasaltsríkin verði líka með í því samstarfi.

### Batteríin vega 8,4 tonn

- Cray XC30 ofurtölvan getur framkvæmt 700.000.000.000.000 reikniaðgerðir á sekúndu.
- Tölvan er 14 tonn.
- Tölvan er 20 sinnum stærri en allt tölvukerfi Veðurstofunnar sem er mikið umfangs.
- Rafhlöður í varaaflstöð tölvunnar vega 8,4 tonn.
- Dísil-varaaflstöð tölvunnar getur framleitt tæplega hálft megavatt.
- Reiknigeta DMI þrefaldast frá fyrri ofurtölvu.
- Tölvan notar rúmlega 10 sinnum meira rafmagn ein og sér en öll starfsemi Veðurstofunnar við Bústaðaveg – eða 400 kW.


www.volkswagen.is




Nýr Volkswagen Caddy

**Glæsilegur vinnubíll**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

**2.670.000 kr.**

(2.135.226 kr. án vsk)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEBENHAMS



*Ertu í réttri stærð?*

## KOMDU Í FRÍA BRJÓSTAMÆLINGU

**VIÐ HJÁLPUM ÞÉR** AÐ FINNA BRJÓSTAHALDARA **SEM HENTAR ÞÉR**

Allar sem koma í mælingu lenda í lukkupotti og geta unnið nærfatasett að eigin vali!



Triumph | THE COLLECTION DEBENHAMS | gorgeous DEBENHAMS | spirit AT DEBENHAMS | FEMILET | Reger by JANET REGER

# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM UNDIRFÖTUM

Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

**Opið** 11 - 21 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# Einangruð, alveg réttlaus og ótryggð í vinnu í sveit

**Zsófía Sidlovits vann um tvö hundruð tíma á mánuði og fékk greiddar fjörutíu til sextíu þúsund krónur í laun á mánuði fyrir vinnu á sveitabæ á Suðurlandi. Hún er frá Ungverjalandi og segist hafa verið fegin því að fá launaða atvinnu og því ekki gefið upp vonina um betri kjör. Zsófía er nú farin frá sveitabænum og tilfinningarnar eru blendnar.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



**VINNUMARKAÐUR** Zsófía Sidlovits er rúmlega tvítug, hún er frá Ungverjalandi og er á heimleið eftir tæplega árs vinnu á sveitabæ á Suðurlandi. Hún fékk greiddar fjörutíu til sextíu þúsund krónur í laun á mánuði fyrir 10-12 tíma vinnu á dag.

Zsófía fékk engan ráðningarsamning gerðan við sig. „Ég var í raun ósýnileg á Íslandi allan þennan tíma. Réttlaus, ótryggð og einangruð.“

Hún greinir blaðamanni frá reynslu sinni í von um að greiða götu þess fólks sem kann að lenda í sömu aðstæðum og hún sjálf. Zsófía hefur fengið húsaskjól á höfuðborgarsvæðinu hjá góðviljaðri konu þangað til hún fer aftur til Ungverjalands.

**Fegin að fá vinnu**

Atvinnuna fékk hún í gegnum hóp á Facebook þar sem auglýst er eftir au-pair og vinnufólki á íslenska sveitabæi. Nánar tiltekið, hópnum Farm- and Aupair jobs in Iceland.

„Þar sem atvinnutækifæri eru




fá fyrir ungt fólk í Ungverjalandi leita margir út fyrir landsteinana. Ungt fólk er fegið því að fá tækifæri til vinnu og tilbúið til þess að leggja hart að sér,“ segir Zsófía. „Það gefur seint upp vonina lendi það í slæmum aðstæðum. Sjálf var ég í þeim sporum.“

**Fékk ekki samning**

Zsófía kom til landsins í júnímánuði í fyrra. Á sveitabænum eru kindur, kýr og hestar og mikill búskapur. Fjöldi vinnumanna aðstoðar hjónin á bænum við verkin.

Húsmóðirin á bænum hafði nýlega eignast tvíbura og átti fyrir þrjú börn. „Það kom í minn hlut í byrjun að þrífa, elda og hugsa um börnin,“ segir Zsófía. Hún segir langan tíma hafa farið í að þrífa húsið í byrjun, það hafi verið svo skítugt. Hún hafi sjálf boðist til að elda því húsmóðirin hafi ekki sýnt því áhuga.

„Ég furða mig á því hversu lág laun fyrir húsverk eru. Húsmóðirin sagði mér að þau væru lítils metin hér. Nánast einskis. En vinnan var mjög krefjandi.“

Eftir þrjá mánuði bað hún um samning. Hjónin á bænum sögðust myndu ráðast í gerð samnings um leið og tækifæri gæfist. „Þau báru hins vegar við annríki viku eftir viku og bættu á mig verkefnum. Ekkert varð af því að gera við mig samning. Þau voru alltaf upptekin.“

**Eins og þriðja flokks borgari**

Zsófía var beðin um að sinna verkum í fjósinu líka. Vinnutíminn lengdist og átti eftir að lengjast enn frekar. Hún vaknaði klukkan sjö og mjólkaði kýrnar klukkan hálf átta, sinnti ýmsum verkum, eldaði kvöldmat og mjólkaði aftur áður en hún fór að sofa.

> **Það gengur ekki að rekstur sveitabæja á Íslandi gangi á þrælahaldi. Erlent vinnuafl á ekki að vera þriðja flokks fólk á Íslandi.**
>
> Zsófía Sidlovits



> **Þetta mál þarfnast frekari skoðunar. Það eru alltaf að koma upp ný og ný mál sem fær mann til þess að velta fyrir sér umfangi þessa. Við þurfum öll að taka höndum saman.**
>
> Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
> Formaður Bárunnar stéttarfélags



**10-12**

**tíma vann Zsófía á dag og fékk 40-60 þúsund krónur í laun á mánuði.**

Zsófía átti lausa stund á meðan hún borðaði hvern dag. „Ég gerði mér grein fyrir því að það var ekki rétt staðið að þessu. Yfir sumartímann voru Íslendingar að aðstoða þau en það kom líka erlent verkafólk en það stoppaði stutt,“ segir Zsófía og segir Íslendingana hafa notið allra réttinda og verið skráðir til vinnu öfugt við útlendingana. Nú þegar hún veit að hún átti rétt á lágmarkslaunum að frádregnu fæði og húsnæði segist henni líða eins og þriðja flokks borgara. Með réttu hefðu húsráðendur átt að borga henni lágmarkslaun. Hún hefur orðið af mörg hundruð þúsundum króna í tekjur.

**Tilfinningarnar eru blendnar.**

„Mér leið vel á bænum. Ég sakna dýranna og tengdist börnunum. Þá átti ég alveg í ágætum samskiptum við húsráðendur þrátt fyrir að vera í þessari slæmu stöðu. Ég þorði ekki að fara því þá hræddist ég að ég yrði af þeim litlu tekjum sem ég hafði þó.“

Íslendingar hafa verið duglegir að stappa í hana stálinu, hvatt hana til þess að leita til verkalýðsfélags, jafnvel að kæra hjónin til lögreglu og leita réttar síns. Hún segist frekar vilja segja sögu sína. „Ég myndi gjarnan vilja að verkalýðsfélagið athugaði stöðu verkafólks á bænum. Það gengur ekki að rekstur sveitabæja á Íslandi gangi á þrælahaldi. Erlent vinnuafl á ekki að vera þriðja flokks fólk á Íslandi.“

**Komin ný stelpa á bæinn**

Nú eru vorverkin fram undan og annir um sumar og hún óttast að hjónin muni nýta sér ódýrt vinnuafl og koma sér hjá löglegri skráningu. „Það er komin ný stúlka á bæinn í stað mín. Ég þjálfaði hana upp. Þótt ég sé farin frá þeim þá fékk ég skilaboð frá þeim nýverið. Þeim finnst sjálfsagt að ég komi og baki fyrir afmælisveislu. Ég vil bara að þau geri þetta rétt. Þetta er ekkert persónulegt gagnvart þeim. Þau eru sjálfsagt ekki vont fólk, en eru samt að brjóta lögin.“ Hún segist vilja koma aftur til Íslands og leita sér betri tækifæra. „Ég kem undirbúin. Ég hef til dæmis áhuga á að leita betri tækifæra í ferðaþjónustu og þekki nú íslenskt samfélag. Ég þorði fyrst ekki að tala undir nafni vegna þess að ég óttaðist að fá ekki vinnu þegar ég kem aftur til Íslands en Íslendingar hafa verið duglegir að útskýra fyrir mér að hér eigi allir sinn rétt og svona gangi íslenskt samfélag hreinlega ekki fyrir sig.“

**Lágmark 250 þúsund í laun**

Zsófía hefði ekki getað verið á au-pair samningi. Vinnutími þeirra sem eru á slíkum samningi er aðeins 30 klukkustundir á viku, ekkert er dregið af launum fyrir fullt fæði og húsaskjól. Launin eru 12.500 krónur á viku og flugstyrkur, ef dvalið er í sex mánuði eða lengur til og frá landinu.

„Húsmóðirin sagði við mig að hún hefði ekkert að gera með fólk í vinnu sem telur tímana sína. Þá kvartaði hún yfir því að það væri dýrt að þvo af mér,“ segir Zsófía frá.

Sérstakir kauptaxtar gilda um laun fyrir vinnu á bændabýlum. Það eru Bændasamtök Íslands og Starfsgreinasamband Íslands sem hafa umsjón með kjarasamningum verkafólks og eru samningar aðgengilegir á síðunni bondi.is.

Zsófía hefði samkvæmt samningnum átt að vera með 1.490 krónur á tímann í dagvinnu og 2.683 krónur á tímann í yfirvinnu. Mánaðarlaun hennar að lágmarki 258.402 krónur. Hámarksfrádráttur á dag vegna fæðis og húsnæðis eru 2.266 eða tæplega 70.000 krónur. Laun Zsófíu voru hins vegar um 130 þúsund krónum lægri.

**Kallað eftir gögnum**

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir hjá Bárunni stéttarfélagi segir þær starfsgreinar sem skeri sig úr hvað varðar brot á starfsfólki séu ferðaþjónustan, ræstingarfyrirtæki og bændabýli.

„Oftast eru mál mjög snúin þegar ekki er um ráðningarsamning að ræða, ekki skilgreindur vinnutími, ekki launaseðlar eða staðfesting á launagreiðslum eða þær eru handahófskenndar, segir Halldóra.

„Stundum er ekki einu sinni kennitala. Við þurfum að kalla eftir gögnum fyrir hvern einstakling fyrir sig. Oft eru engin gögn til staðar þá þarf að skrá alla daga frá því vinna hófst og finna út vinnutímann og reikna svo upp kröfur miðað við kjarasamninga og gefa viðkomandi atvinnurekanda frest til þess að leiðrétta þennan „misskilning“ sem menn kalla gjarnan þegar þarna er komið.“

Halldóra segir að gangi það ekki eftir þá fari málið til lögfræðinga félagsins. „Þetta er oft tímafrekt og snúið ferli. Stéttarfélögin eru mikið í þessu ferli, að reikna út kröfur og innheimta en það girðir því miður ekki fyrir síendurtekin brot hjá sömu aðilum. Annars vegar eru þetta aðilar með einbeittan brotavilja eða ákveðin vanþekking sem auðvelt er að vinna með.“

Halldóra segir þurfa að skoða mál Zsófíu betur. „Þetta þarfnast frekari skoðunar. Það eru alltaf að koma upp ný og ný mál sem fær mann til þess að velta fyrir sér umfangi þessa. Við þurfum öll að taka höndum saman. Óska ég hér með eftir ábendingum frá samfélaginu til stéttarfélaganna og yfirvalda. Látum þetta ekki viðgangast,“ segir hún.




# NEYTENDUR

**Ráð**
**Þvottur**



## Uppþvottalögur á fitubletti í fatnaði

Ef þú hefur verið svo óheppinn að hella niður á þig sósu eða salatolíu skaltu við fyrsta tækifæri nudda blettinn með svolitlu af uppþvottalegi og skola síðan með volgu vatni. Þar sem uppþvottalögur leysir upp fitu er hann tilvalinn til þess að fjarlægja erfiða bletti. Það er einnig tilvalið að þvo húðfitu af skyrtukrögum með uppþvottalegi. Uppþvottalög á hins vegar alls ekki að nota á flík sem bara má hreinsa í efnalaug. Þá er nefnilega hætta á að flíkin eyðileggist. Best er að láta blettinn eiga sig og fara sem fyrst með flíkina í hreinsun.

# Pakkaferðir ekki alltaf ódýrastar

Mikilvægt er að neytendur geri verðkönnun á kostnaði pakkaferða og því að koma sér sjálfum í sólina og beri saman hvað þeir vilja í ferðinni. Oft getur verið töluvert ódýrara að taka tengiflug til sólarlanda.


Pakkaferðir fela oft í sér hlunnindi fyrir barnafjölskyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Um þetta leyti er mikið auglýst af pakkaferðum með fjölda ferðaskrifstofa og flugfélaga. Oft eru þessi tilboð hagstæð, hins vegar getur borgað sig að neytandinn kynni sér sjálfur innihald ferðarinnar. Stundum getur verið ódýrara að panta sjálfur flug og gistingu, eftir því hvað neytandinn vill í ferðinni.

Auglýstar pakkaferðir fela oft í sér að annað hvort tveir fullorðnir séu að ferðast saman, eða tveir fullorðnir með tvö börn. Flug og gisting fyrir tvo fullorðna með tvö börn á sólarströnd, til dæmis á Spáni í tíu daga, getur kostað allt frá þrjú hundruð til rúmlega fimm hundruð þúsund krónur.

Þá getur borgað sig að bóka sjálfur. Það kostar einungis frá 7.800 krónum að fljúga frá Íslandi til London Gatwick yfir sumartímann, til Spánar (þar með talið Tenerife) kostar frá 3.500 krónum aðra leið. Það getur jafnvel borgað sig að gista á hóteli í eina nótt til að ná tengiflugi.

Sniðugt er að styðjast við flugleitarsíður. Á flugleitarvefnum Skyscanner má leita að flugi frá Íslandi til London Gatwick og velja heilan mánuð og finna þá hvenær er ódýrast yfir sumarmánuðina að fara út. Síðan má leita að flugi frá London Gatwick til allra áfangastaða á Spáni yfir heilan mánuð og þá sýnir leitin hvert sé ódýrast að fara í landinu.

Fjölskyldur geta sparað sér hótelkostnað með því að leigja frekar íbúð. Airbnb er líklega ein þekktasta leiðin til að leigja sér íbúð en fjöldi annarra aðila býður ferðalöngum að leigja íbúðir til styttri tíma, má þar nefna Home Away og Home Rentals.

Kristján Sigurjónsson, sem rekur Túristi.is, segir mikilvægt að bera saman verð en að vera einnig meðvitaður um að inni í pakkaferðum er oft önnur þjónusta fyrir fjölskyldur innifalin. „Þegar þú pantar í gegnum ferðaskrifstofu þá færðu oft íslenskan fararstjóra og krakkaklúbba og eitthvað slíkt. Fyrir fjölskyldur getur það einnig verið þægilegur kostur að þurfa ekki að skipuleggja rútuferðir til og frá flugvelli. Ég myndi ekki útiloka að pakkaferðir geti verið ódýrari kostur," segir Kristján.

> **Þegar fólk er að skipuleggja ferðir til Tyrklands eða Krítar, eða þangað sem ekki er í boði áætlunarflug, þá getur verið ódýrara að fara með ferðaskrifstofu.**
>
> Kristján Sigurjónsson, eigandi Túrista.is



„Þegar fólk er að skipuleggja ferðir til Tyrklands eða Krítar, eða þangað sem ekki er í boði áætlunarflug, þá getur verið ódýrara að fara með ferðaskrifstofu. En ef þú ert að fara til Tenerife eða á Spánarstrendur er framboð af flugi svo mikið að þá getur verið ódýrara að bóka eigin pakka, en þú fórnar kannski krakkaklúbbum og fararstjórn í staðinn," segir Kristján.

„Af því að framboð af flugi er orðið svona mikið, þá geturðu í langflestum tilfellum sett saman ódýrari pakka. Á móti kemur að í pakkaferðum er oft betri trygging ef verða til dæmis breytingar á flugi og þú missir af einni nótt á hóteli. Farþegar sem skipuleggja sig sjálfir fá það til dæmis ekki," segir Kristján.

saeunn@frettabladid.is







Hugrún saxar niður ávexti og grænmeti þegar það fer að láta á sjá og setur í frysti til að búa til boost úr því. NORDICPHOTOS/GETTY



**Neytandinn** Hugrún Harðardóttir hárgreiðslumeistari

# Hollustan í fyrirrúmi við matarinnkaupin

Hugrún Harðardóttir hárgreiðslumeistari kveðst huga meira að innihaldsefnum en verði þegar hún gerir matarinnkaup. „Það er kannski ekki skynsamlegt fljótt á litið en ég held að það sé meiri ávinningur sé litið til langs tíma. En auðvitað geta ekki allir leyft sér það og slíkt verður maður að virða."

Hún segir lítið fara til spillis af þeim mat sem hún kaupir. „Ég kaupi ótrúlega mikið af grænmeti og ávöxtum. Þegar ég sé að það er að byrja að láta á sjá tek ég utan af því, saxa það niður í box og læt í frysti. Þetta nota ég svo í boost. Ég á alltaf frosinn banana í frystinum sem ég get sett í matvinnsluvél og búið til ís úr honum."

Að sögn Hugrúnar reynir hún að elda sem mest frá grunni. „Ég kaupi eiginlega engan pakkamat. Ég kaupi kjöt helst beint af býli og ég kaupi helst ekki eldisfisk."

> **Ég kaupi ótrúlega mikið af grænmeti og ávöxtum. Þegar ég sé að það er að byrja að láta á sjá tek ég utan af því, saxa það niður í box og læt í frysti. Þetta nota ég svo í boost.**

Hún kveðst ákveða kvöldið áður hvað hún ætli að hafa í kvöldmat næsta dag og taka kjöt eða fisk úr frystinum að morgni. Þannig sé til dæmis minni hætta á skyndikaupum.

Hollustan er einnig í fyrirrúmi þegar kemur að nasli. „Ég poppa úr maískornum í stað þess að kaupa snakk en ég poppa ekki í örbylgjuofni. Mér finnst eitthvað skrítið við að borða það sem hefur verið í örbylgjuofni." – ibs

# OUTLET

**TAX FREE DAGAR**

ALLAR OUTLET VÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

## YFIR 4.000 VÖRUR ENN LÆGRA VERÐ

DAGANA 14.-18. APRÍL.

HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VAXTALAUS EPLI

EPLI

Í ALLT AÐ 6. MÁN*






# Nýr iPad Pro

## Nú líka **9,7"**

| | |
|---|---|
| iPad Pro 9,7" | Verð frá **107.990.-** |
| iPad Pro 12,9" | Verð frá **149.990.-** |

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuðum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Lækkað verð á

# MacBook Air




## Mabook Air

Verð frá **169.990.-**
Verð áður frá **189.990.-**

Allt að
12 tíma
rafhlöðuending



Apple penni
Sérhannaður til notkunar með iPad Pro.
Verð **21.990.-**




Shrapnel
Þráðlaus (Bluetooth) smáhátalari frá Skullcandy.
Verð **8.990.-**



Grind
Þráðlaus (Bluetooth) heyrnartól frá Skullcandy.
Verð **12.990.-**



ZIPP
Þráðlaus (Bluetooth) hátalari frá Libratone.
Verð frá **39.990.-**




Apple Smart Keyboard
Lyklaborð sérstaklega hannað fyrir iPad Pro
Verð frá **29.990.-**



iPad Smart Cover
Verð frá **8.990.-**



LA robe sleeve
Fyrir 13"-15" fartölvur
Verð **6.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

# VIÐSKIPTI



Þorbjörg Jensdóttir

## Þorbjörg frumkvöðull ársins

Þorbjörg Jensdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri IceMedico, var valin frumkvöðull ársins 2016 á verðlaunaafhendingu sem Stjórnvísi stóð fyrir þriðjudaginn 12. apríl á Grand Hóteli.

Þau viðmið sem dómnefnd hefur við val á frumkvöðli ársins eru meðal annars nýsköpun, stefna og árangur í starfi. Frumkvöðull ársins stuðlar að samkeppnisforskoti með skarpri framtíðarsýn og þekkingu á þörfum viðskiptavina og hefur góðan skilning á atvinnugreininni, segir í tilkynningu.

Í umsögn dómnefndar segir að leið Þorbjargar í starf frumkvöðuls og framkvæmdastjóra hafi legið í gegnum doktorsnám í Danmörku og rannsóknir því tengdum á glerungseyðingu tanna. Þær rannsóknir hafi leitt af sér munnsogs-mola sem örvuðu munnvatnsframleiðslu um tuttugufalt án þess að eyða glerungi tannanna. – sg

## Spá auknum kaffiútflutningi



Samtök indónesískra kaffisérfræðinga áætla að útflutningur á kaffi frá landinu aukist í samræmi við aukna neyslu. Útflutningur til Bandaríkjanna muni aukast sérstaklega. Varan er ein af aðalútflutningsafurðum landsins. Hér má sjá kaffiframleiðslu í Ulee Kareng í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Þetta er í fyrsta sinn á fimm ársfjórðunga tímabili sem hagnaður JPMorgan dregst saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hagnaður JP Morgan dróst saman milli ársfjórðunga

Hagnaður JPMorgan Chase & Co dróst saman á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þetta er í fyrsta sinn sem það gerist yfir fimm ársfjórðunga tímabil. Fram kemur í frétt Reuters um málið að kostnaður við lán til olíufélaga hafi hækkað á tímabilinu, samhliða því að tekjur vegna fjárfestingabankastarfsemi dróst saman.

Tekjur og hagnaður fyrirtækisins voru samt ofar spám greiningaraðila, og hækkuðu hlutabréf í bankanum í morgunviðskiptum í gær. Heildartekjur námu 24,08 milljörðum dollara, 3.000 milljörðum króna, og bankinn hagnaðist um 1,35 dollara, 168 krónur, á hvern hlut.

JPMorgan er stærsti banki Bandaríkjanna, mælt í eignum, og er fyrstur til að greina frá hagnaði á tímabili sem er talið hafa verið það versta frá því eftir efnahagskreppuna 2008. Greiningaraðilar telja að hagnaður JPMorgan muni vera sá besti meðal bandaríska banka.

**1,35**

**dollara hagnaður var á hlut hjá JPMorgan**

Lækkun á hrávöru, sér í lagi olíu, hefur haft áhrif á bankastarfsemi úti um allan heim, auk þess sem lægri hagvöxtur í Kína, lágir stýrivextir og aukinn umsýslukostnaður hafa tekið sinn toll af bandarískum bönkum. – sg

# Konur versla tvöfalt oftar í fataverslunum

**H&M var sú fataverslun sem notendur Meniga versluðu mest við á fyrstu þremur mánuðum ársins, þrátt fyrir að H&M sé ekki með verslun hér á landi. Konur eyða árlega 238 þúsund krónum í föt en karlar 154 þúsund krónum.**

Konur eyða meira í fatnað ár hvert en karlar, þær versla tvöfalt oftar í fatabúðum en karlar. Karlmenn eyða hins vegar að meðaltali hærri fjárhæð þegar þeir versla. Þetta sýna tölulegar upplýsingar frá Meniga sem ná til tuttugu þúsund Íslendinga.

Konur eyða að meðaltali árlega 238 þúsund krónum í fatnað en karlar eyða 154 þúsund krónum. Á hverjum mánuði eyða konur tæplega 20 þúsund krónum í föt, en karlar eyða tæpum 13 þúsund krónum.

Þessi munur á fjárhæðum skýrist meðal annars af því að konur kaupa sér að meðaltali 25,3 sinnum á ári fatnað og fylgihluti, en karlar gera það einungis 12,8 sinnum.

Hjá konum líða að meðaltali sautján dagar á milli kaupa, en hjá körlum líður rúmur mánuður eða 41 dagur.

Við greiningu talnanna ber þó að hafa í huga að mögulega eru konur að kaupa líka barnaföt, gjafir eða jafnvel föt á maka sinn. Þetta þýðir ekki endilega að þær séu að kaupa föt á sig.

Stærstu mánuðirnir í Meniga hagkerfinu fyrir fatnað og fylgihluti eru í desember og janúar, bæði síðasta vetur og árið áður.

Vinsælasta fatabúð sem Íslendingar versluðu við á síðustu þremur mánuðum (janúar til mars 2016) var H&M. Af topp tíu vinsælustu fataverslununum átti H&M 17,7 prósenta markaðshlutdeild. Það er áhugavert í ljósi þess að H&M verslun er ekki að finna á Íslandi. Á hæla H&M kemur Lindex með 17 prósenta markaðshlutdeild og svo Zara með 12,7 prósent.

Herragarðurinn og Dressmann eru vinsælustu herrafataverslanirnar en Herragarðurinn átti 11,8 prósent af heildarmarkaðshlutdeild, Dressmann 6,4 prósent og Hugo Boss var með 4,9 prósenta hlutdeild.

Úrvinnsla Meniga byggir á tölfræðilegum samantektum sem aldrei eru persónugreinanlegar. Meniga greinir ekki eftir heimilum, heldur meðaltalsnotkun einstaklinga.

saeunn@frettabladid.is

### Verslunarhegðun notenda Meniga-appsins




### Vinsælustu fatabúðirnar

| Verslun | Markaðshlutdeild |
|---|---|
| H&M | 17,70% |
| Lindex | 17% |
| Zara | 12,70% |
| Herragarðurinn | 11,80% |
| Debenhams | 10,70% |
| Gallerí sautján | 7,30% |
| Dressmann | 6,40% |
| Vero Moda | 6,10% |
| NEXT | 5,50% |

**17,7%**

**mældist markaðshlutdeild H&M af topp tíu verslunum.**

DACIA
www.dacia.is

Hugsanlega sennilega

# STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

## DACIA LOGAN MCV DÍSIL




Verð kr.

**2.790.000** þús.

****Bílalán kr. 279.000 innborgun og kr. 42.804 á mán í 84 mánuði.**

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.;** Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögununar reiknivél Lykill.is.
Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutsfallstala kostnaðar 11,41%.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Fyrstu skrefin



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fagnaðarefni er að Panama-skjölin svonefndu, upplýsingalekinn frá panömsku lögfræðistofunni Mossack Fonseca, virðist ætla að verða til þess að ríki heims taki sig á við að loka glufum þar sem óvandaðir hafa getað falið fjárhagsupplýsingar sínar.

Í gær funduðu í París í Frakklandi fulltrúar skattayfirvalda í á fjórða tug ríkja innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sérstaklega um Panama-skjölin, aðgerðir og samstarf vegna þeirra.

Fundurinn var á vettvangi sérstaks samráðshóps, JITSIC, þar sem skipst er á upplýsingum og lagt á ráðin um aðgerðir vegna skattaskjóla. Á vef OECD kemur fram að fulltrúar 35 ríkja eigi aðild að hópnum. Þar á meðal er Ísland, en héðan sóttu fundinn fulltrúar frá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og fjármálaráðuneyti.

Þá er fagnaðarefni að uppljóstranirnar hafa vakið umræðu um hvað sé eðlilegt og hvað ekki þegar kemur að frjálsu flæði fjármagns landa á milli. Útrýma þarf leynd og ólögmætri starfsemi án þess að komi niður á fjárfestingu, hvort heldur sem er út eða inn fyrir landsteinana.

Á vef Samtaka atvinnulífsins í gær er til að mynda vitnað til orða Björgólfs Jóhannssonar, formanns samtakanna, á ársfundi þeirra nýverið, um að óásættanlegt sé ef fyrirtæki og stjórnendur ganga á svig við lög og reglur og greiði ekki til samfélagsins til jafns við aðra.

Björgólfur benti á að í flestum tilvikum væri tilgangur þess að koma eignum fyrir í aflandsfélagi að dylja eignarhald og mögulega komast hjá skattgreiðslum í heimalandi. Hann benti á að SA hefði tekið einarða afstöðu gegn svartri atvinnustarfsemi og lagt sitt af mörkum til að berjast gegn henni.

Svört atvinnustarfsemi hefur engu að síður verið landlæg hér á landi og það er umhugsunarefni að Íslendingar virðist líka eiga met í að nýta sér aflandsfélög.

Því vekur von að ákveðin merki eru um hugarfarsbreytingu sem vonandi leiðir í átt til aukins gagnsæis og siðlegri viðskiptahátta. Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokks, velti til dæmis, í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær, upp spurningunni um hvort auka ætti upplýsingagjöf frá stjórnmálamönnum hér líkt og til umræðu væri í Bretlandi eftir uppljóstranirnar í Panama-skjölunum.

Þá upplýsti Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, að vilji væri til þess að fara yfir og skýra reglur um hagsmunaskráningu þingmanna.

Allt er þetta í áttina og gott að hér virðist komin hreyfing á viðbrögð stjórnvalda við Panama-skjölunum. Til mikils er að vinna í baráttunni við undanskot frá skatti og rétt sem Elín Hirst benti á í ræðu sinni á Alþingi í gær að skattbyrði hér gæti verið miklu lægri væru menn ekki „í stórum stíl að koma sér undan því að axla sínar byrðar gagnvart samfélaginu, fara á svig við skattalög, fá frítt far“.

Hér þurfa viðbrögð stjórnvalda við Panama-skjölunum að vera bæði skýrari og sterkari en annars staðar, enda skuggi þessara uppljóstrana óvíða dekkri.

**Ákveðin merki eru um hugarfarsbreytingu sem vonandi leiðir í átt til aukins gagnsæis og siðlegri viðskiptahátta.**




Halldór




## Frá degi til dags

**Sýndarmennska**

**Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, er vandi á höndum. Hans eigin flokksmenn eru fylgjandi því að ríkið verði leyst undan þeirri ábyrgð sem fylgir bankarekstri. Þingmenn Framsóknarflokksins, samstarfsflokksins í ríkisstjórn, hafa hins vegar goldið varhug við sölu bankanna. Hefur Frosti Sigurjónsson verið þar í fararbroddi, en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, hefur tekið undir þær. Því virðist skorta pólitíska samstöðu um sölu á bönkunum og löngu orðið ljóst að ekkert verði af henni í bráð. Nýtt frumvarp Samfylkingarmanna, um að banna sölu á bönkunum, er því hrein sýndarmennska.**

**Réttur vettvangur?**

**Það styttist í forsetakosningar og frambjóðendur þegar farnir að kynna sig. Þeir Sturla Jónsson og Andri Snær Magnason voru einmitt í þeim erindagjörðum í Bítinu á Bylgjunni í gærmorgun. Þeir lágu ekki á svörum sínum þegar þeir voru spurðir út í áherslumál sín. Sturla vill berjast fyrir heimilin í landinu og gæta að hagsmunum fólksins. Andri Snær vill aftur á móti vernda náttúruna, stofna þjóðgarð á miðhálendinu og breyta stjórnarskránni. Miðað við þetta er sú spurning áleitin hvort Alþingi sé rétti staðurinn fyrir þá, frekar en Bessastaðir.**

**jonhakon@frettabladid.is**

## Erum öll jafnaðarmenn



Guðmundur Ari Sigurjónsson
í framboði til formanns Samfylkingarinnar

Guðmundur Ari heiti ég og ég er jafnaðarmaður. Meirihluti Íslendinga er jafnaðarmenn, jafnaðarmenn sem vilja að allir hafi möguleika til að blómstra, óháð efnahag og félagslegri stöðu. Jafnaðarmenn sem vilja að stjórnvöld séu öflugt stuðningsnet þegar einstaklingurinn þarf á stuðningi að halda og að kerfið vinni markvisst að því að valdefla einstaklinginn svo hann geti hámarkað sjálfstæði sitt og sjálfræði.

Við erum flest öll sammála um að ríkið eigi að bjóða upp á fyrsta flokks heilbrigðis- og menntakerfi fyrir alla landsmenn, óháð aldri og efnahag. Við erum flest öll sammála um að óásættanlegt sé að fátækt tíðkist í landi þar sem nóg er af auðlindum og fjármagni. Það er með öllu óásættanlegt að sex prósent af tekjuminnsta hópi landsins hafi þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna fjárskorts og að unga kynslóðin sem er að alast upp í dag hafi það verr en foreldrar hennar höfðu.

Flestir Íslendingar eru meðvitaðir um það að stærstu vandamál samfélagsins tengjast því að allt of margar krónur fara í allt of fáa vasa sem svo virðast leka til Tortóla. Við erum flest orðin þreytt á forríkum stjórnmálamönnum sem segja okkur að ekki séu til peningar til að byggja nýjan spítala, hækka persónuafsláttinn, lengja fæðingarorlofið, mæta húsnæðisvanda ungs fólks með raunverulegum aðgerðum og öllum hinum brýnu úrlausnarmálunum sem ráðast þarf í. Það gekk svo endanlega fram af okkur flestum þegar við fengum að vita að þessir sömu stjórnmálamenn eiga sinn þátt í því að það vantar peninga í hagkerfið.

Meirihluti Íslendinga er jafnaðarmenn, jafnaðarmenn sem leita logandi ljósi að stjórnmálaafli sem talar þeirra máli, stjórnmálaafli sem berst fyrir jöfnum tækifærum og bættum lífsgæðum. Það er kominn tími til að Samfylking jafnaðarmanna stígi inn af hliðarlínunni og svari þessu kalli, hætti að leiða gagnrýni á aðra flokka og byrji þess í stað að leiða umræðuna með lausnum á þeim vandamálum sem íslenskur almenningur stendur frammi fyrir. Ég býð mig fram til að leiða slíka Samfylkingu jafnaðarmanna, Samfylkingu sem með jafnaðarstefnuna að vopni byggir upp það samfélag sem meirihluti Íslendinga vill búa í.

**Það er með öllu óásættanlegt að 6% af tekjuminnsta hóp landsins hafi þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna fjárskorts.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Glugginn er galopinn

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Reynslan utan úr heimi bendir til að kreppur séu kjörlendi nýrra stjórnarskráa. Hitt gerist sjaldan að þjóðir komi sér upp nýrri stjórnarskrá af engu sérstöku tilefni, en það getur þó gerzt og hefur gerzt, t.d. í Svíþjóð 1974 og Kanada 1982. Hitt er þó miklu algengara að kreppur eða sambærileg atvik, t.d. byltingar eða stríð, þurfi til að fá menn til að setja sér nýja stjórnarskrá.

**Skuggi skandalanna**

Ísland fellur vel að þessari mynd. Bankahrunið 2008 kallaði á uppgjör og þá um leið nýja stjórnarskrá. Alþingi setti málið í farveg sem var í einu og öllu til fyrirmyndar og hefur vakið athygli og aðdáun um allan heim. Þjóðfundurinn 2010 og Stjórnlagaráð 2011 skiluðu öllu sem ætlazt var til af þeim innan settra tímamarka og í friði og spekt. Allir flokkar á þingi studdu ferlið framan af, þ.m.t. Framsóknarflokkurinn sem gerði nýja stjórnarskrá ritaða af kjörnum fulltrúum fólksins beinlínis að skilyrði fyrir stuðningi við minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna 2009. Sjálfstæðisflokkurinn studdi ferlið einnig og átti t.d. frumkvæði á Alþingi að þjóðfundinum. Efnahagsástandið var svo ótryggt að enginn vissi hversu djúp kreppan yrði eða hversu lengi hún myndi vara. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn dró upp neyðaráætlun um hagstjórn í samráði við ríkisstjórnina. Stjórnmálastéttin var í þröngri stöðu, með bakið uppi við vegg.

**Stjórnarskrármálið er efst á stefnuskrá Pírata, langstærsta stjórnmálaflokksins skv. öllum skoðanakönnunum. Nægur er hann orðinn nú þegar skaðinn sem töf gildistöku nýju stjórnarskrárinnar hefur valdið. Glugginn er galopinn.**

Smám saman kom í ljós að bjargráð AGS studd lánsfé frá Norðurlöndum og Póllandi auk sjóðsins sjálfs myndu skila meiri árangri en menn höfðu þorað að vona í upphafi. Kreppan virtist því ætla að verða grynnri og styttri en menn höfðu óttazt í fyrstu. Skuggi skandalanna sem hrintu Íslandi fram af bjargbrúninni 2008 virtist vera að styttast. Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum sem báru höfuðábyrgð á hruninu, m.a. með spilltri einkavæðingu bankanna 1998-2003, óx því kjarkur á ný. Þeim fannst staðan ekki vera eins þröng og áður.

Þetta gerðist í áföngum. Hæstiréttur eða réttar sagt sex dómarar í réttinum, þar af fimm skipaðir af dómsmálaráðherrum Sjálfstæðisflokksins, tóku í ársbyrjun 2011 ranga og beinlínis ólöglega ákvörðun um að ógilda stjórnlagaþingskosninguna; sú ákvörðun er eitt grófasta hneykslið í sögu réttarins frá 1920 og þótt víðar væri leitað. Lögleysuna má ráða af því að Öryrkjabandalagið lagði árið eftir fram hliðstæða kæru vegna forsetakjörsins 2012 til að knýja Hæstarétt til að líta í spegil, kæru sem Hæstiréttur vísaði réttilega frá sér á þeim grundvelli að meintir annmarkar hefðu engin áhrif getað haft á úrslitin. Hertir af lögleysu Hæstaréttar snerust þingmenn Sjálfstæðisflokksins nú gegn stjórnarskrármálinu og síðan einnig þingmenn Framsóknarflokksins. Auðmýktin frá því fyrst eftir hrun var nú rokin út í veður og vind. Ef kreppunni slotaði, hlyti nýju stjórnarskránna að daga uppi eftir þeirri reglu að kreppur eru kjörlendi nýrra stjórnarskráa. Glugginn var að lokast, héldu þingmenn núverandi stjórnarflokka. Upp hófst einhver voðalegasta smánarganga þeirra á Alþingi frá öndverðu eins og t.d. Jóhanna Sigurðardóttir fv. forsætisráðherra, og þingmennirnir Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari og Þráinn Bertelsson hafa öll vitnað um opinberlega úr návígi.

**Sómi Alþingis**

Kreppunni er ekki lokið. Efnahagslífið hefur að vísu rétt úr kútnum. En hrunið snerist ekki aðeins um efnahagsmál eins og sjá má af því að Hæstiréttur hefur dæmt bankamenn og aðra til fangavistar sem nemur 60 mannárum fyrir afbrot tengd hruninu og eiga mörg mál þó enn eftir að koma til kasta réttarins. Við bætast nú Panama-skjölin sem sýna að fjöldi aflandsfyrirtækja í eigu Íslendinga er 60 sinnum meiri miðað við mannfjölda en fjöldi slíkra fyrirtækja í eigu Norðmanna. Skjölin afhjúpa spillingu og hagsmunaárekstra á æðstu stöðum víða um heim og hafa nú þegar leitt til stjórnarskipta hér heima, en þó aðeins til málamynda enn sem komið er. Af þessari atvikarás má ráða að uppgjöri Íslendinga við hrunið er hvergi nærri lokið. Af þessu má einnig ráða að tilefnið sem hrunið 2008 gaf þjóðinni til að setja sér nýja stjórnarskrá er enn til staðar. Ætla má að nýtt Alþingi sjái í ljósi alls sem á undan er gengið sóma sinn í að staðfesta loksins þjóðarviljann eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána 20. október 2012.

Stjórnarskrármálið er efst á stefnuskrá Pírata, langstærsta stjórnmálaflokksins skv. öllum skoðanakönnunum. Nægur er hann orðinn nú þegar skaðinn sem töf gildistöku nýju stjórnarskrárinnar hefur valdið. Glugginn er galopinn.

# Gef dánum ró en hinum líkn sem lifa



Helgi Þorláksson
sagnfræðingur



Við Kirkjustræti í Reykjavík, nánar tiltekið þar sem var bílastæði fyrir sunnan Landsímahúsið við Austurvöll, er verið að grafa upp mannabein til að rýma fyrir hóteli. Á það var bent í ræðu og riti árið 2013, þegar fyrirhugaðar hótelframkvæmdir voru kynntar, að þarna var hluti af kirkjugarði Reykvíkinga. Hann náði frá Aðalstræti og líklega allt að núverandi Austurvelli og er trúlegt að upphaf hans megi rekja hátt í 1000 ár aftur í tímann.

Mál er að staldra við og hugleiða sinn gang. Eins og staðan er virðist stefna borgaryfirvalda vera: Burt með forfeður og formæður, ferðamenn þurfa pláss. Á sínum tíma datt fjárfesti nokkrum í hug að þarna væri vænlegt að reisa stórt hótel og borgaryfirvöld gengu til samstarfs við hann um skipulag og hönnun. Málið var þá kynnt þannig að fyrirhuguðu hóteli fylgdu veitingastaðir og meira „líf“ í Miðbænum. Alþingi mótmælti þessum fyrirætlunum kröftuglega og hátt í 18.000 manns skrifuðu undir mótmæli. Borgaryfirvöld töldu sig hins vegar bundin af úreltu deiliskipulagi Kvosarinnar, frá 1987.

Spurningin er hvort „fundur“ kirkjugarðsins við Landsímahúsið breyti ekki skipulagsforsendum. Og jafnvel þótt svo væri ekki lögformlega væri ástæða til að hugleiða virðingu við hina framliðnu. Kirkjugarðurinn var notaður fram til 1838 og talið er að enn á seinni hluta 19. aldar hafi verið jarðað fólk, þar sem núna er verið að grafa upp bein. En legsteinar molna og minningar hverfa. Þegar svo stendur á er gamall og góður siður að sýna kirkjugörðum virðingu, setja upp minningarmark um hina framliðnu og leyfa lifendum að njóta þess friðar sem hinum framliðnu er veittur. Það er gert með því að gefa lifendum kost á útivist í garðinum. Þannig hefur verið farið að í þeim hluta garðsins sem snýr að Aðalstræti og er ýmist kallaður Fógetagarður eða Víkurgarður.

**Spurningin er hvort „fundur“ kirkjugarðsins við Landsímahúsið breyti ekki skipulagsforsendum. Og jafnvel þótt svo væri ekki lögformlega væri ástæða til að hugleiða virðingu við hina framliðnu.**

**Smíðina ber að endurskoða**

Illu heilli er þar fyrirhuguð aðalaðkoma að umræddu hóteli í nýju húsi sem rísa skal meðfram Kirkjustræti þar sem beinin finnast. Smíði þessa stórhýsis ber að endurskoða í ljósi beinanna. Borgaryfirvöld ættu að vera fús til viðræðna um þetta enda hefur heldur sljákkað í þeim sem telja að ákóf uppbygging hótela í Kvosinni sé heilladrjúg. Henni fylgir einsleitni og ofurfjöldi erlendra ferðamanna á þröngu svæði. Ekki er ætlandi að þeir komi til landsins til að skoða hótel og aðra ferðamenn og yrði varla í óþökk þeirra að hótelum væri dreift nokkuð um borgarlandið.

Stöldrum við og hugleiðum okkar gang. Beinagrindurnar sem þegar hafa verið grafnar upp mætti rannsaka og hugsanlega taka sýni en síðan mætti koma þeim fyrir aftur á sínum stað. Að svo búnu mætti slétta yfir, setja upp minningarmark og opna útivistarsvæði á milli Fógetagarðs og Austurvallar, öllum til ánægju, líka erlendum ferðamönnum.

SA Samtök atvinnulífsins · FESTA Samfélagsábyrgð fyrirtækja · Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið · UN Women Íslensk landsnefnd

HVATNINGARVERÐLAUN JAFNRÉTTISMÁLA 2016
ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök Atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð óska eftir tilnefningum til **Hvatningarverðlauna jafnréttismála 2016** sem verða afhent þann 25. maí næstkomandi. Verðlaunin afhendir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Markmið með **Hvatningarverðlaunum jafnréttismála** er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt innan sinna fyrirtækja og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

**Leitað er eftir tilnefningum frá fyrirtækjum þar sem áhersla er lögð á neðangreinda þætti í starfsemi þeirra:**
· Tekið er mið af jafnréttismálum í allri stefnumótun fyrirtækisins
· Jafnrétti kynjanna er í hávegum haft í innri og ytri samskiptum fyrirtækisins
· Jöfn hlutföll kynjanna í stjórn, stjórnendastöður og aðrar almennar stöður
· Auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa
· Jöfnum launum kynjanna
· Aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið

**Sérstaklega er leitað að fyrirtækjum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:**
· Stefna fyrirtækis í jafnréttismálum hefur skýran tilgang og markmið
· Jafnrétti hefur fest rætur og sýnt er fram á varanleika
· Vakin er athygli á rekstrarlegum ávinningi af jafnrétti
· Jafnréttissýnin er hvetjandi fyrir önnur fyrirtæki
· Sýnt er frumkvæði og nýsköpun sem stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna

Frestur til að senda inn tilnefningar er til **9. maí**. Tilnefningar skulu sendast með því að fylla út eyðublað á **unwomen.is**.



# Gleymd stefna um einföldun regluverks atvinnulífsins?



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

> **Nýleg dæmi sýna að við undirbúning löggjafar í Stjórnarráði Íslands er sveigjanleikinn nýttur – en þá til þess að setja meira íþyngjandi reglur fyrir íslenzk fyrirtæki en Evróputilskipanirnar krefjast.**

Nýtt ráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar byggir stefnu sína á stjórnarsáttmála Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks frá því vorið 2013. Þar var sérstaklega kveðið á um einföldun regluverks atvinnulífsins í þágu vaxtar, fjárfestingar og atvinnusköpunar.

Um þetta segir meðal annars í stjórnarsáttmálanum:

*„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.*

*Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“*

Þetta er góð stefna, en því miður hefur lítil vinna verið lögð í að hrinda henni í framkvæmd. Endurskoðun regluverksins sem íslenzk fyrirtæki vinna eftir er að minnsta kosti enn sem komið er ákaflega takmörkuð.

Öllu verra er að oft er eins og þátttakendum í löggjafarstarfi stjórnvalda hafi ekki verið sagt frá þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, eða að þeir séu þá búnir að gleyma henni. Þetta er sérstaklega áberandi við innleiðingu nýrra reglna sem hafa bætzt við EES-samninginn.

Árum saman hefur verið bent á að við innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins í íslenzkan rétt sé svigrúmið til að taka mið af íslenzkum aðstæðum oft ekki nýtt sem skyldi. Staðreyndin er nefnilega að aðildarríki EES hafa oft og iðulega talsverða möguleika til að laga Evrópulöggjöfina að eigin þörfum og kringumstæðum. Nýleg dæmi sýna að við undirbúning löggjafar í Stjórnarráði Íslands er sveigjanleikinn nýttur – en þá til þess að setja meira íþyngjandi reglur fyrir íslenzk fyrirtæki en Evróputilskipanirnar krefjast.

Tökum tvö slík dæmi, sem sýna hvernig stjórnsýslan virðist ekki hafa frétt af stefnunni um einföldun regluverks atvinnulífsins.

**Af hverju þurfti að fækka örfélögum?**

Viðskipta- og iðnaðarráðherra lagði nýlega fram á Alþingi frumvarp sem innleiðir tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga. Við samningu frumvarpsins í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var skilgreining á svokölluðu örfélagi þrengd frá því sem Evróputilskipunin kveður á um. Ef viðmið tilskipunarinnar hefðu fengið að standa óbreytt hefðu 90% fyrirtækja á Íslandi fallið undir skilgreininguna á örfélögum, en ráðuneytinu þótti við hæfi að aðeins um 80% fyrirtækja teldust örfélög. Hvers vegna er ekki útskýrt í greinargerð frumvarpsins.

Með innleiðingu tilskipunarinnar er verið að einfalda mjög kröfur til ársreikningaskila og endurskoðunar ársreikninga hjá örfélögum og draga úr kostnaði og umstangi, sem er að sjálfsögðu mjög jákvætt fyrir atvinnulífið. Hins vegar þýðir þessi ákvörðun ráðuneytisins um að þrengja skilgreininguna þá líka að óþarfa kostnaður og fyrirhöfn er lögð á 10% íslenzkra fyrirtækja. Enginn hefur enn útskýrt af hverju það er nauðsynlegt.

**Þrengt að auglýsingum lyfjafyrirtækja**

Annað dæmi er af nýlegum drögum að frumvarpi til nýrra lyfjalaga, sem samin voru af nefnd á vegum velferðarráðuneytisins. Ýmis ákvæði frumvarpsdraganna eru mun meira íþyngjandi en Evróputilskipunin sem átti að innleiða með lögunum. Miklu þrengri skorður eru settar við lyfjaauglýsingum en tilskipunin kveður á um og sömuleiðis við dreifingu lyfjafyrirtækja á sýnishornum af vöru sinni.

Nefndin sem samdi frumvarpið hefur fallizt á athugasemdir Félags atvinnurekenda um að of þröngar skorður séu settar við afhendingu lyfjasýnishorna en ekkert hefur frétzt af því hvort ráðuneytið hyggst áfram leggja til við Alþingi að mun harðari reglur gildi um lyfjaauglýsingar hér á landi en í öðrum Evrópuríkjum.

**Í verkahring forsætisráðherrans**

Mörg fleiri dæmi væri hægt að tína til úr starfi stjórnarráðsins við að undirbúa innleiðingu á Evrópureglum í íslenzk lög. Um þau öll má segja að hægri höndin virðist ekki vita hvað sú vinstri gerir. Þeir sem hafa fengið það verkefni að innleiða reglur EES virðast telja sig hafa umboð til að gera það með íþyngjandi hætti fyrir íslenzk fyrirtæki, þrátt fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks atvinnulífsins – og þrátt fyrir áherzlu að minnsta kosti sumra ráðherra ríkisstjórnarinnar á að Evróputilskipanir séu innleiddar með „mildum“ hætti. Getur verið að embættismennirnir sem fá það verkefni að semja lagafrumvörpin séu með aðra stefnu en hinir kjörnu fulltrúar?

Nýr forsætisráðherra hefur vafalaust í mörg horn að líta, en það á að vera í hans verkahring að vinda ofan af þessari þróun og tryggja að við undirbúning löggjafar sé stefnunni um einföldun regluverks atvinnulífsins fylgt í raun.



# Í húfi er lýðræðið



**Marc Fleurbaey**
hagfræðiprófessor við Princeton háskóla

> **Árangurinn er einstök blanda alþýðlegrar visku og sérfræðiþekkingar. Kannski er það þess vegna sem umrædd stjórnarskrá komst ekki í gegnum þingið.**

Ísland er býsna áhugavert land. Íbúar eru þar fáir og því er þar hægara um vik en í fjölmennari ríkjum að gera tilraunir að því er varðar samfélagsgerð, og brydda upp á nýjungum. Þar voru til dæmis stjórnendur bankastofnana kallaðir til ábyrgðar vegna þess sem gerðist árið 2008, en í öðrum löndum höfðu menn ekki kjark til þess.

Stjórnarskrárdrögin sem samin voru 2012 eru annað merkilegt og byltingarkennt afrek. Í því ferli var grasrótin lögð til grundvallar og kallaðir voru saman fjölmargir borgarar á þjóðfundi sem skilgreindu grunngildi þjóðarinnar. Síðan var kjörin fámennari nefnd sem hélt áfram að vinna við verkefnið með fáséðu gagnsæi. Árangurinn er einstök blanda alþýðlegrar visku og sérfræðiþekkingar. Kannski er það þess vegna sem umrædd stjórnarskrá komst ekki í gegnum þingið.

Hvað er í húfi? Ef til vill er það sjálft lýðræðið í innsta eðli sínu. Til er tvenns konar skilningur á hugtakinu lýðræði. Annars vegar er sá sem mest ber á í almennri umræðu um „lýðræðisríki“, en hann er meðal annars fenginn hjá austurrísk-bandaríska hagfræðingnum Joseph Schumpeter. Þar er litið til lýðræðis í stofnunum, þar sem gert er ráð fyrir því að keppt sé um opinberar stöður, og kosningakerfi með þátttöku flestra hæfra einstaklinga. Í sumum ríkjum er minna lýðræði en í öðrum, þar sem kjósendum er gert erfitt um vik að komast á kjörstað, mörk kjördæma eru færð til í því skyni að skapa þannig tiltekinn meirihluta, eða útiloka tiltekin pólitísk samtök frá þátttöku á vafasömum grunni. Í stuttu máli byggist þessi skilningur lýðræðis á því að opið og gagnsætt kosningakerfi nægi til að lýðræði dafni.

Þá er til annar skilningur á lýðræði, sem alþýðuviska staðfestir yfirleitt. Þar er ekki litið á lýðræði sem pólitíska samkeppni, heldur sem möguleika allra til þess að taka þátt í ákvörðunum sem hafa áhrif á líf manna, á öllum sviðum, og ekki aðeins að því er varðar stjórnmál í þröngum skilningi. Samkvæmt þessum skilningi, sem vissulega gerir meiri kröfur, er lýðræði ábótavant þegar lykilákvarðanir, sem hafa áhrif á líf ríkisborgaranna, mótast af elítum sem ekki eru kosnar, og þrýstihópum. Í þessu tilviki eru það sérhagsmunahópar, sem stjórna fjölmiðlunum, og oft er kosningabarátta fjármögnuð eftir leynilegum leiðum.

Þessi skilningur nær hljómgrunni í alþýðuvisku, þar sem allir vilja hafa stjórn á eigin lífi, og slík stjórn er útilokuð þegar fámennisstjórn nær völdum þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Þessi skilningur á lýðræðishugtakinu er í fullkomnu samræmi við aukna þátttöku kvenna í valdastólum, bæði innan fjölskyldunnar og í samfélaginu, valdatöku hagsmunaaðila við stjórn fyrirtækja, og aukna stjórn borgara að því er varðar efnahags- og félagsmál.

**Ber þátttökulýðræðinu fagurt vitni**

Víkur þá sögunni aftur að íslensku stjórnarskrárdrögunum. Þau voru samin með opinni þátttöku fjölda einstaklinga, og ber það eitt þátttökulýðræðinu fagurt vitni. Auk þess stefnir sá texti í sömu átt. Hann kveður ekki aðeins á um grundvallarmannréttindi og grunnstofnanir þingræðis. Þar er líka krafist gagnsæis í eignarhaldi á fjölmiðlum og fjármögnun stjórnmálaflokka, gagnsæi í allri opinberri stjórnsýslu, og þar er líka kveðið á um rétt til mannsæmandi lífs og almannatrygginga, aðgang að heilsugæslu og menntun, þar eru settar skorður á eign og nýtingu náttúruauðlinda til þess að vernda almannahagsmuni og komandi kynslóðir, þar er gert ráð fyrir lausn hagsmunaárekstra á Alþingi. Öll þessi ákvæði er unnt að skilja sem svo, að ríkisborgarar eru hvattir til þess að stjórna lífi sínu í auknum mæli, einnig eigin hagsmunum og sameiginlegum hagsmunum. Er það þetta sem starfandi stjórnmálamenn óttast?

**Þýðandi: Ólöf Pétursdóttir**

# Grunnskólarnir sveltir



**Hjördís Bára Gestsdóttir**
grunnskólakennari og náms- og starfsráðgjafi

> **Hér er eitthvað mikið að í íslensku skólakerfi og þetta þarf að bæta, ekki skipa nefnd ofan á nefnd til að gera rannsóknir sem allar sýna svipaðar niðurstöður og gera svo ekkert í málunum.**

Stundum fær maður alveg nóg af „ástandinu“. Við kennarar eigum að bjarga öllu og ganga í öll hlutverk, segja „já“ við öllum tillögum og viðbótum í starfinu og vera ekkert að hafa neitt allt of margar skoðanir á því sem fyrir okkur er lagt. Hingað og ekki lengra!

Hvenær ætla þessir einstaklingar sem taka mikilvægustu ákvarðanirnar varðandi menntamál yngstu kynslóðarinnar að skilja hvað þarf að vera til staðar til að gera grunnstoðirnar sem styrkastar fyrir hvern og einn?

Niðurskurður sérkennslu, fjölmennir og mikið getublandaðir bekkir með einn kennara er klárlega ekki málið. Þvílík hræsni að halda því fram að þetta sé bara „ekkert mál“ að vera með fjölmennan bekk og allir fái nám við hæfi. Ég blæs á það sem á að kallast einstaklingsmiðað nám, þvílík fjarstæða að reyna að troða þessu inn eins og málin eru í dag.

Ég segi að:

- í hverjum bekk eigi að vera færri nemendur en nú tíðkast
- ráða eigi inn fleiri vel menntaða og áhugasama kennara
- auka eigi við sérkennslukvótann og allan þann stuðning sem nemendur eiga kost/rétt á að fá
- gera eigi allt sem mögulegt er til þess að gera starfsumhverfi barnanna hvetjandi og skilvirkt.

Ef heldur áfram sem horfir munu kennarar kulna í starfi löngu fyrir starfslokaaldur, veikindadagar og fjarvistir vegna veikinda ýmiss konar verða fleiri en þeir þyrftu að vera og óánægja starfsstéttarinnar mun aukast.

Þetta myndi þá leiða til þess að æ færri sýndu kennaranáminu áhuga og færri útskrifast með bros á vör og spenntir fyrir því að taka til starfa eins og kannski áður var, því umræðan og upplifanir starfandi kennara nú á dögum eru ekki mikið á jákvæðu nótunum.

Fyrir utan þessa örfáu þætti sem hér að framan eru ritaðir vil ég aðeins beina sjónum ykkar að náms- og starfsfræðslu. Margoft hefur það verið gefið út að æskilegur nemendafjöldi á hvert 100% stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum ætti að vera 300. Í mörgum skólum er þetta alls ekki raunin og sums staðar eru allt upp í 800 nemendur á einn náms- og starfsráðgjafa. Niðurstöður fjölmargra rannsókna á þessu viðfangsefni hafa sýnt það greinilega að með vandaðri og markvissri náms- og starfsfræðslu má draga verulega úr brottfalli nemenda úr framhaldsskóla.

Hér er eitthvað mikið að í íslensku skólakerfi og þetta þarf að bæta, ekki skipa nefnd ofan á nefnd til að gera rannsóknir sem allar sýna svipaðar niðurstöður og gera svo ekkert í málunum. Hvernig væri að taka mark á niðurstöðunum og setja nefndarpeningana í eflingu námsog starfsfræðslu við grunnskólana? Ráða inn fleiri.

Ef virkilega yrði nú hlustað og úr þessu yrði stórbætt eins og að framan er lagt til þá myndi það án efa spara þjóðarbúinu stórfé til lengri tíma litið.

Vaknið til lífsins og gerið betur, miklu betur. Verum saman í liði og stefnum fram á við með hagsmuni barnanna okkar að leiðarljósi. Í dag er forgangsröðunin mjög brengluð, tökum til og lögum þessi miklu mistök síðustu ára þar sem „niðurskurðargrafan“ hefur ráðið ríkjum svo um munar.

# Vor í nánd...

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Landora 7% Veggmálning 9 lítrar
Litur: Starbright
**5.995**

Dicht-Fix þéttiefni 750ml
**1.995**

Bostik spartl 250ml
**590**

Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
**2.890**

Deka Hrað 5 kg
**1.890**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
**1.890**

**19.990**
**Lavor Galaxy 140**
**Háþrýstidæla**
140 Max Bar
450 lítrar/klst
1900W
9 kg

Gróðurmold 20 l
**490**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**18.990**

Landora tréolía, 3 lítrar
**2.690**

ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
**4.390**

Pretul greinaklippur
**895**

Tia - hekkklippur 10"
**1.995**

Truper 24"
greinaklippur
**2.295**

Strákústur 30cm
breiður
**795**

**796** ~~995~~
25 stk. 110 lítra ruslapokar
Einnig 200lítra 10 stk. kr. **795** (65my)

20% AFSLÁTTUR

Bio Kleen pallahreinsir
**895**
5 lítrar kr. **3.295**

Rafhlöðuborvél 18V
2 gíra Li-ion rafhl. kr.
**13.990**

Asaki AV226 800W
höggborvél SDS 2,6
kg 900 sn/mín.
**14.990**

**2.390**

**1.790**

20% afsláttur

Kapalkefli 10 mtr
**2.990**

Kapalkefli 3FG1,5 25 mtr
~~6.190~~
**4.952**

15 metra rafmagnssnúra
**3.190**

**119.900**
m. VSK

**Oleo Mac 14"**
**Steinsög 4,5HP**
Einnig til 5HP 16" kr. 149.900

Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
**2.790**

Meister fúgubursti með krók #4360430
**2.690** (með auka vírbursta)

20% AFSLÁTTUR

Drive útdraganlegt rafmagnskefli 15 metra
~~11.990~~ **9.592**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Raforkuflutningskerfi: Þungstíga Ballerínan



**Magnús Rannver Rafnsson**
verkfræðingur

Kolefnisfótspor er löngu orðið staðlað hugtak í umhverfisfræðum og segir með skýrum hætti til um mælanleg áhrif tiltekinnar framkvæmdar, framleiðslu eða vöru á umhverfi sitt. Við reiknum út í þessu samhengi magn mengunarinnar sem skilin er eftir í umhverfinu og getum þannig mælt umhverfisgæði tiltekinnar vöru eða framleiðslu. Eðli málsins samkvæmt eru umhverfisgæðin meiri eftir því sem magn mengunarinnar sem ferlið getur af sér er minna. Þetta er meðal annars gagnlegt verkfæri þegar óábyrgir aðilar stíga fram með yfirlýsingar um umhverfisgæði verka sinna sem í reynd standast ekki skoðun.

Nýlega kynnti Landsnet til leiks nýja gerð háspennumastra. Möstrin hafa fengið nafnið „Ballerína“ og eru kynnt sem afrakstur margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu sem kostaði mikla fjármuni, samkvæmt orðum þeirra Nils Gústavssonar og Sverris Jan Norðfjörð hjá Landsneti. Ekki hefur verið upplýst um hve miklu fjármagni varið hefur verið í þetta verkefni; við óskum hér með eindregið eftir þeim upplýsingum. Hins vegar hefur forstjórinn sjálfur tilkynnt að hér sé um að ræða „nýja kynslóð háspennumastra“ á Íslandi.

**Dýpstu kolefnisfótspor sem um getur**

Ballerínur eins og við þekkjum þær eru léttar í spori og ásýnd og svífa fyrirhafnarlaust um umhverfi sitt – leiksviðið. Það munu ballerínur Landsnets þó aldrei gera, enda einhver þyngsti klumpur af stáli sem stíga mun jörð á Íslandi, ef fer sem horfir. Sú staðreynd að klumpur þessi verði fluttur í heilu lagi frá útlöndum – svo virðist sem Landsnet ætli í alvörunni að flytja inn 30 metra löng mannvirki í heilu lagi erlendis frá – mun hvorki auka á hagkvæmni gjörningsins eða umhverfisvænleika. Þessi meinta ballerína verður svo þungstíg að hún mun skilja eftir sig í náttúrunni einhver dýpstu kolefnisfótspor sem um getur í sögu raforkuflutningskerfisins. Ekki grynnri verða sporin á hagkerfinu. Þetta er afrakstur margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu sem kostaði mikla fjármuni.

Íslenskt landslag og íslensk náttúra er leiksvið, leiksviðið okkar sem við eigum saman, þ.e. síðast þegar ég vissi. Ég verð þó að viðurkenna, að með hverju misserinu sem líður og eftir því sem fundum og ráðum um íslenska náttúru fjölgar, þeim mun minna hef ég á tilfinningunni að svo sé. Ef ég væri stjórnandi ballettflokks og réði til mín fylkingu af klunnalegum ballerínum í yfirþyngd til þess að þramma og trampa um gólf leikhússins, undir því yfirskyni að um væri að ræða ballett, yrði mér gert að taka pokann minn umsvifalaust. Ballettdans á að vera fisléttur og leikandi. Ef ég ætti leikhúsið einn, gæti ég jú gert nokkurn veginn það sem mér sýndist hverju sinni, en á endanum yrði ég að taka tillit til vilja fólksins – samfélagsins – ef ég ætlaði ekki að valda leikhúsinu alvarlegu tjóni. Tómt leikhús er ekki mikils virði. Fyrir hvern er hið nýja íslenska raforkuflutningskerfi byggt?

**Á skjön við umræðu um umhverfismál**

Þessi sótsvörtu kolefnisspor ballerínanna þungstígu eru algjörlega á skjön við umræðu um umhverfismál, algjörlega á skjön við niðurstöður umhverfisráðstefnunnar COP21 í París og í svo gott sem fullkomnu ósamræmi við kröfur íslensks almennings um hagkvæmni í fjárfestingum. Er þetta yfirhöfuð í samræmi við raforkulög? Hvernig?

Þessi meinta ballerína verður svo þungstíg að hún mun skilja eftir sig í náttúrunni einhver dýpstu kolefnisfótspor sem um getur í sögu raforkuflutningskerfisins. Ekki grynnri verða sporin á hagkerfinu. Þetta er afrakstur margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu sem kostaði mikla fjármuni.

Þá er nafngiftin „Ballerína“ athyglisverð, enda flestum sem með þessum málum fylgjast kunnugt um íslenska nýsköpunarfyrirtækið Línudans ehf. (www.facebook.com/greengrids). Línudans hefur frá árinu 2008 unnið að þróun fisléttra umhverfisvænna háspennumastra sem eru á sama tíma mjög hagkvæmur valkostur fyrir raforkuflutning á hárri spennu. Sú staðreynd að Landsnet stígi nú fram með svokallaða nýja kynslóð háspennumastra sem einnig fær skírskotun í dans, líkt og Línudans hefur gert í sínum verkefnum frá upphafi – ekki síst til markaðssetningar og áherslu þeirrar nýju hugmyndafræði sem fyrirtækið stendur fyrir – er ekki bara illa gert heldur endurspeglar mikla og átakanlega fátækt hlutaðeigandi.

Við vitum að það er ekki fallegt að gera hugmyndir og hugmyndafræði annarra að sínum, siðferðislega rangt og óheiðarlegt. Öllu verra er ef hin nýja kynslóð háspennumastra reynist bæði menga meira en áður hefur sést á þessu sviði auk þess að vera einhver dýrasta mastralausn sem komið hefur fram á sjónarsviðið á Íslandi. Það er alls ekki gott fyrir hækkandi hitastig á jörðinni og síður en svo gott fyrir íslenskan efnahag. Hver er ballettstjóri?

Af tillitssemi við íslenska skattgreiðendur og þá fjölmörgu aðila sem fjárfest hafa tíma og fjármagni í verkefnum Línudans ehf., íslenska ríkið þar með talið, þá er rétt að óska eftir skýringum á þessari niðurstöðu margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu Landsnets sem kostaði var til með fjármunum Íslendinga. Hve miklu hefur verið varið í þetta verk sem forstjórinn sjálfur Guðmundur Ingi Ásmundsson kynnti fyrir okkur á haustdögum?

Fyrir hönd íslenskrar náttúru og umhverfisþenkjandi fólks; hve margar þúsundir tonna CO2 verða skildar eftir í umhverfinu.

Óskað er eftir skýrum tölulegum upplýsingum.

# Hvað er Viðreisn?



**Benedikt Jóhannesson**
talsmaður Viðreisnar

**Viðreisn er frjálslynt stjórnmálaafl sem vill réttlátt samfélag, stöðugleika, viðskiptafrelsi og vestræna samvinnu. Stjórnmálaflokkarnir hreykja sér af því að styðja ákveðna hópa eða stéttir umfram aðra, en neytendur hafa engan flokk.**

Við sem stöndum að Viðreisn búum okkur nú af krafti undir næstu kosningar. Rauði þráðurinn í stefnu okkar er: Almannahagsmunir umfram sérhagsmuni.

Við finnum mikinn áhuga og meðbyr. Yfir 1.300 manns hafa skráð sig í starf Viðreisnar og í nýjustu skoðanakönnun Gallup er Viðreisn komin með 3,3% fylgi. Haldnir hafa verið tveir stórir, opnir stefnumótunarfundir þar sem grunnurinn var lagður og vinna er í fullum gangi í málefnanefndum.

**Baráttumálin**

Hér eru nokkur af stefnumálum okkar.

**1.** Ríkið á ekki að úthluta gæðum landsins til ákveðinna hópa án endurgjalds.
**2.** Sjávarútvegur greiði markaðstengt auðlindagjald með því að árlega fari ákveðinn hluti kvótans á markað.
**3.** Landbúnaður lúti lögmálum almennrar samkeppni. Innflutningshöft og tollar á landbúnaðarvörur verði afnumin í áföngum. Bændur verði leystir úr fátæktargildru.
**4.** Nýtum náttúruauðlindir á skynsamlegan og sjálfbæran hátt með það í huga að óskert náttúra er líka auðlind.
**5.** Reisum nýjan Landspítala með áherslu á endurnýjun tækjabúnaðar. Húsið verði tekið í notkun eigi síðar en árið 2022.
**6.** Enginn verði þvingaður af vinnumarkaði eingöngu vegna aldurs. Nýtum reynslu og þekkingu allra eins lengi og þeir hafa vilja og getu til þess að vinna.
**7.** Ísland á að taka þátt í alþjóðlegu hjálparstarfi, þar með talið móttöku flóttamanna.
**8.** Bætum hag ungs fólks með því að lækka vexti og verðbólgu til samræmis við nágrannalönd. Það er óþolandi að Íslendingar, fólk og fyrirtæki, þurfi að borga miklu hærri vexti en nágrannaþjóðir.
**9.** Námsárangur nái að minnsta kosti meðaltali innan OECD. Nám á bæði grunn- og framhaldsskólastigi verði markvissara en nú er.
**10.** Kosningarétturá að vera óháður búsetu. Jafnrétti þegnanna er grundvallarhugsjón lýðræðisins.
**11.** Þjóðin kjósi strax um hvort ljúka skuli aðildarviðræðum við Evrópusambandið til þess að ná aðildarsamningi sem borinn verður undir þjóðina.

Öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðar og velmegunar almennings. Ríkið á að búa til umgjörð stöðugleika sem dregur úr hættu á því að pólitíkusar, auðjöfrar eða sérhagsmunahópar geti ráðskast með þjóðina og eignir hennar. Ríkið á ekki að skipta sér af einstaklingunum að þarflausu. Ekki láta pólitíkusa ráðstafa takmörkuðu fjármagni á lágum vöxtum til vildarvina.

Hluti af þessari umgjörð er breytt stjórnarskrá sem tryggir að almenningur geti komið að málum ef ákveðinn fjöldi kjósenda krefst þess. Meirihluti Alþingis á ekki að valta yfir minnihlutann, en þingið verður að vera starfhæft og umræður eiga að vera markvissar, en ekki til þess að þæfa mál.

Löggjöf þarf að vanda og undirbúa vel, en ekki henda frumvörpum inn á síðustu dögum þingsins. Einfalt og gegnsætt stjórnkerfi, sem og skilvirkar reglur sem þjóna hugsjónum lýðræðis.

Á næstu tveimur mánuðum verður haldinn formlegur stofnfundur Viðreisnar, en fram að því höldum við áfram undirbúningsstarfinu í málefnanefndum og með umræðufundum.

Við sem stöndum að Viðreisn búum okkur nú af krafti undir næstu kosningar. Rauði þráðurinn í stefnu okkar er: Almannahagsmunir umfram sérhagsmuni.

Viðreisn er ekki fyrir þá sem vilja bara „eitthvað annað“. Hún er hins vegar augljós kostur fyrir þá sem vilja stöðugleika, frjálslyndi, velferð, jafnrétti og vilja nýta aðferðir markaðarins þar sem þær eiga við, öllum til hagsbóta.

# Samstaða – um hvað?



**Þorvaldur Þorvaldsson**
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

Í Fréttablaðinu 7. apríl birtir Ögmundur Jónasson svar við grein frá mér tveimur dögum fyrr. Honum finnst sér greinilega misboðið. Hvor okkar talar niður til hins, læt ég liggja milli hluta. Ég játa að mér var óþarflega mikið niðri fyrir við skrifin, sem kannski stafar af því að ég hafði trú á Ögmundi og studdi hann um árabil.

Grein minni var ekki ætlað að fella dóm um persónuleg embættisverk Ögmundar heldur vísa til stefnu og áhrifa þeirrar ríkisstjórnar sem hann var lykilmaður í. Auðvitað hefur Ögmundur gert margt gott og þarft sem of langt væri að tíunda en það losar hann ekki undan ábyrgð á stefnu fyrrnefndrar ríkisstjórnar og orð hans verða eðlilega skilin í ljósi hennar að óbreyttu.

**Áhrif síðustu ríkisstjórnar**

Ögmundur kallar eftir því að ríkisstjórn síðasta kjörtímabils njóti sanmmælis. Það þýðir varla eingöngu að bera skuli í bætifláka fyrir hana. Það er fyrst og fremst mikilvægt að meta erindi hennar og áhrif í heild. Með því að einkavæða bankana aftur og færa þá í hendur auðmanna var í raun öllum leiðum lokað til neinna umbóta. Þegar bankarnir soga til sín öll verðmæti sem þeir koma höndum yfir út úr raunhagkerfinu verður lítið eftir til velferðar og annarra þarfa samfélagsins. Þess vegna fylgdi því blóðugur niðurskurður til velferðar. Um leið fengu bankarnir frítt spil til að reka þúsundir fátækra fjölskyldna út á gaddinn, sem ýmist hafa flúið land eða sligast nú undir hækkandi húsaleigu. „Eigendur“ tryggingafélaga sem fengu styrki frá ríkinu í stað þess að vera þjóðnýtt, eru nú aftur farnir að taka sér háar arðgreiðslur.

Þetta er ekki „eitthvað sem misfórst“. Þetta var kjarni stjórnarstefnunnar og almennir flokksmenn fengu engin tækifæri til að hafa áhrif á hana. Þannig var búið í haginn fyrir íhaldsstjórnina og vaxandi ójöfnuð sem enn heldur áfram. Enn fremur hafði þessi stjórn þau áhrif að ýta undir ranghugmyndir um vinstristefnu. Af hverju ætti Ögmundur ekki að svara fyrir þetta mikla tjón til að reyna að vinda ofan af því?

Það er nefnilega hárrétt hjá Ögmundi að undanfarna áratugi hefur fjarað mjög undan vinstrihreyfingunni undir áhrifum frá svokallaðri frjálshyggju. Ein ástæða þess er sú að vinstrihreyfingin hefur haft of marga leiðtoga sem tala í gátum eða segja eitt og gera annað án samráðs við eigin flokksfólk og stuðningsmenn. Þannig hafa orðið vonbrigði, upplausn og óvissa um hvað vinstristefnan felur í sér í raun og veru. Út úr því koma m.a. flokkar með „alls konar“.

Það er því ekki óeðlilegt þó spurt sé hvað stendur á félagshyggjufánanum sem Ögmundur vill draga að húni? Verður það um meiri betlipeninga frá fjármálaauðvaldinu, eða barátta gegn arðráni og fyrir aukinni félagsvæðingu frá grunni?

En hættan á fasisma lúrir einnig á næsta leiti.

**Hvað stendur á fánanum?**

Það er því ekki óeðlilegt þó spurt sé hvað stendur á félagshyggjufánanum sem Ögmundur vill draga að húni? Verður það um meiri betlipeninga frá fjármálaauðvaldinu, eða barátta gegn arðráni og fyrir aukinni félagsvæðingu frá grunni? Stjórnmál eru ekki einkamál flokka og einstaklinga. Samstaða er þar lykilatriði. Til að hún skapist verður að vera samtal og skýrt hvað átt er við. Ef Ögmundi er alvara með að stuðla að slíku er skynsamlegt að bregðast líka við því sem aðrir segja, hvort sem þeir eru sérstakir handhafar sannleikans. Þó að honum finnist það kokhreysti sem jaðrar við aðhlátursefni þá hafa flestar hugmyndir um pólitíska endurreisn vinstrihreyfingarinnar komið fram í stefnu og sjónarmiðum Alþýðufylkingarinnar undanfarin ár. Að sniðganga þau sjónarmið dregur úr líkum á samstöðu.

# VINSÆLUSTU ATVINNUBÍLAR EVRÓPU

*Gríðarsterk sendibílalína Ford*




*Standard heitir á morgnana*

FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.379.000** KR. ÁN VSK
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.491.000** KR. ÁN VSK
FÁANLEGUR Í TVEIMUR LENGDUM

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **4.431.000** KR. ÁN VSK
FÁANLEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN AWD

# FORD TRANSIT SENDIBÍLAR

Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda harðgerðir, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Á síðasta ári var Ford stærsta merkið í flokki atvinnubíla í Evrópu.

Bluetooth GSM símkerfi, olíumiðstöð með tímastillingu (standard heitir á morgnana), spólvörn og brekkubremsa er hluti af ríkulegum staðalbúnaði allra Ford Transit.

*EIGUM TRANSIT SENDIBÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX*

Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

**Komdu og prófaðu Ford Transit**

ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. $CO_2$ losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. $CO_2$ losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 kr. m/vsk. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Janus Daði Smárason hefur spilað frábærlega fyrir Haukana í vetur en Haukar eru liðið sem önnur lið þurfa að stöðva næstu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Erfitt að stöðva Haukana

**Úrslitakeppnin í Olís-deild karla hefst í kvöld með fjórum leikjum. Vinna þarf tvo leiki í fyrstu umferð. Bjarni Fritzson, þjálfari ÍR, segir að það verði erfitt að stöðva deildarmeistara Hauka.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Eftir langan vetur og 27 leikja deildarkeppni er loksins komið að því að úrslitakeppnin í Olís-deild karla hefjist. Það er átta liða úrslitakeppni og öll fjögur einvígin fara fram á sama degi en leikur ÍBV og Gróttu hefst þó fyrr.

Í fyrstu umferð úrslitakeppninnar þarf að vinna tvo leiki þannig að liðin mega lítið misstíga sig. Fréttablaðið fékk Bjarna Fritzson, þjálfara ÍR, til þess að spá í spilin fyrir úrslitakeppnina.

### Mest spennandi rimman

„Þetta verður alvöru rimma enda áhugaverðir leikir hjá þessum liðum í vetur," segir Bjarni um viðureign ÍBV og Gróttu en þetta eru liðin sem urðu í fjórða og fimmta sæti deildarinnar í vetur. ÍBV í fjórða og á því heimaleikjaréttinn.

„Grótta hefur bætt sig ótrúlega mikið í vetur og spilar í raun betri ÍBV-vörn en ÍBV gerir. Liðin spila sem sagt sömu vörn. Meiðslin hjá ÍBV spila hér auðvitað inn í og spurning hversu heilir þeir leikmenn sem hafa verið að glíma við meiðsli hjá þeim verða. Meiðslin veikja sérstaklega vörnina þeirra sem er þeirra aðalsmerki," segir Breiðhyltingurinn en hann á erfitt með að spá í þessa rimmu.

„Ef ÍBV er með alla sína leikmenn heila þá held ég að ÍBV vinni. Ef ekki þá held ég að Grótta muni vinna í oddaleik. Gróttu-strákarnir hafa verið flottir og ÍBV er með reynt og skemmtilegt lið. Þetta verða mjög skemmtilegir leikir hjá liðunum."

### Haukarnir of sterkir

Bjarni segir að það sé auðveldara að spá í rimmu Hauka og Akureyringa. Haukarnir rúlluðu upp deildarkeppninni á meðan Akureyri varð í áttunda sæti með 26 stigum færri en Haukar.

„Ég held að Haukarnir fari frekar auðveldlega í gegnum þetta og vinni 2-0. Þeir eru svo rosalega góðir. Haukar eru eina liðið sem við mættum í vetur þar sem við áttum einfaldlega ekki möguleika. Þeir hafa verið í allt öðrum klassa í vetur en önnur lið deildarinnar," segir þjálfarinn og er greinilega hrifinn af deildarmeisturunum.

„Leikir þeirra gegn Akureyri hafa farið vel fyrir Haukana og ég sé ekki að Akureyri eigi möguleika. Ég veit að vinir mínir fyrir norðan munu reyna að trufla Haukana eins mikið og þeir geta en ég sé bara fá lið trufla Haukana mjög mikið. Haukarnir hafa verið langbestir."

### Hörkuleikir Reykjavíkurliðanna

Gengi Reykjavíkurliðanna Vals og Fram hefur verið mismunandi. Valur varð í öðru sæti í deildinni á meðan Fram endaði í sjöunda sæti. Fram spilaði vel fyrir áramót en missti síðan algjörlega flugið.

„Ég held að Valsararnir taki þetta einvígi. Það hafa samt oft verið hörkuleikir á milli þessara liða og ég sé það ekkert breytast. Ég spái því að Valur vinni einvígið, 2-1," segir Bjarni.

„Valsararnir hafa í gegnum tíðina ekki verið góðir gegn framliggjandi vörn nema örvhenta undrabarnið þeirra. Hann er helvíti erfiður. Það gæti truflað Valsmennina og því segi ég oddaleikur. Ef Framararnir ná upp sömu stemningu og fyrir jól þá gæti þetta orðið jafnt."

### Hef trú á Aftureldingu

Lokarimman í átta liða úrslitunum er síðan á milli Aftureldingar og FH. Afturelding varð í þriðja sæti en FH-ingar voru mjög heitir eftir áramót og enduðu í sjötta sæti.

„Ég hef trú á Aftureldingu í þessu einvígi. Auðvitað voru FH-ingar góðir eftir jól og Ágúst Elí hefur verið frábær í markinu. Ef hann heldur dampi þar þá getur allt gerst. Svo kom Ágúst Birgisson frá Aftureldingu og hann hefur verið mjög mikilvægur fyrir FH," segir Bjarni en hann hefur áhyggjur af lykilmanni í FH-liðinu.

„Ásbjörn Friðriksson meiddist í næstsíðasta leik. Tognaði á kálfa sem eru erfið meiðsli. Það er ekki gott að fara inn í úrslitakeppni með slík meiðsli. Ef þau eru enn að plaga hann þá verður þetta Afturelding alla leið. Ef Ási er 100 prósent þá á FH möguleika. Afturelding er aftur á móti með mjög öflugan leikmannahóp. Ég held að liðið sé einfaldlega betra."

Eins og Bjarni segir þá hefur hann mikla trú á Haukunum en sér hann fyrir sér að eitthvert lið geti strítt Haukunum á leið þeirra að titlinum?

„Ég held að Haukar klári þetta en Valur og ÍBV með fullmönnuð lið geta átt í fullu tré við Haukana. Úrslitakeppnin er samt þannig að allt getur gerst. Smá meiðsli til eða frá geta breytt einvígjum og leikjum. Haukarnir hafa sloppið vel þar til þessa."

## Einvígin

ÍBV – Grótta
Haukar – Akureyri
Valur – Fram
Afturelding – FH

> **Haukarnir eru rosalega góðir. Þeir hafa verið í allt öðrum klassa í vetur en önnur lið deildarinnar.**
>
> Bjarni Fritzson

## Nýjast

### Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit

**Atl. Madrid - Barcelona 2-0**
1-0 Antoine Griezmann (36.), 2-0 Griezmann, víti (88.).
***Atl. Madrid er komið áfram í undanúrslit.***

**Benfica - B. München 2-2**
1-0 Raúl Jiménez (27.), 1-1 Arturo Vidal (38.), 1-2 Thomas Müller (52.), 2-2 Talisca (76.).
***B. München er komið áfram í undanúrslit.***

### Domino's-deild karla, undanúrslit

**Njarðvík - KR 74-68**
**Njarðvík:** Jeremy Martez Atkinson 29/15 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 17/5 fráköst, Logi Gunnarsson 16/5 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 5, Haukur Helgi Pálsson 5/8 fráköst/8 stoðsendingar, Oddur Rúnar Kristjánsson 2/8 stoðsendingar.
**KR:** Michael Craion 28/12 fráköst/3 varin skot, Brynjar Þór Björnsson 14/5 fráköst, Darri Hilmarsson 12, Helgi Már Magnússon 9/13 fráköst, Björn Kristjánsson 5.
***Staðan í einvíginu er 2-2 og liðin mætast í oddaleik í DHL-höllinni á föstudaginn.***

### Olís-deild kvenna, 8-liða úrslit

**Haukar - Fylkir 19-15**
**Markahæstar:** Maria Ines De Silva 4, Ramune Pekarskyte 4, Karen Helga Díönudóttir 4/1 - Patricia Szölösi 4/2, Hildur Björnsdóttir 3, Thea Imani Sturludóttir 3.

**Grótta - Selfoss 27-17**
**Markahæstar:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Arndís María Erlingsdóttir 4, Lovísa Thompson 4, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 4 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 5/3, Steinunn Hansdóttir 4.

**Fram - ÍBV 21-23**
**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4 - Drífa Þorvaldsdóttir 8/1, Telma Silva Amado 7, Díana Dögg Magnúsdóttir 4/1.

**Stjarnan - Valur 27-20**
**Markahæstar:** Hanna G. Stefánsdóttir 8/2, Þórhildur Gunnarsdóttir 5 - Morgan Marie Þorkelsdóttir 6/1, Kristín Guðmundsdóttir 5.

**ÞRÍR REFIR KOMA TIL GREINA**
Þrír leikmenn Leicester City koma til greina sem leikmaður ársins í ensku úrvalsdeildinni að mati leikmanna deildarinnar. Þetta eru þeir Jamie Vardy, N'Golo Kante og Riyad Mahrez en þeir hafa átt frábært tímabil fyrir topplið Leicester sem hefur komið öllum á óvart í vetur. Mesut Özil (Arsenal), Dimitri Payet (West Ham) og Harry Kane (Tottenham) koma einnig til greina. Kane er einnig í hópi þeirra sex sem eru tilnefndir sem besti ungi leikmaður ársins. Kane fékk þá viðurkenningu í fyrra.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | RBC Heritage | Golfstöðin |
| 19.00 | Liverpool - Dortmund | Sport |
| 19.00 | Sevilla - Athletic | Sport 2 |
| 19.00 | Sp. Prag - Villarreal | Sport 3 |
| 18.30 | ÍBV - Grótta | Vestm.eyjar |
| 19.30 | Haukar - Akureyri | Ásvellir |
| 19.30 | Valur - Fram | Valshöllin |
| 19.30 | Afturelding - FH | N1-höllin |
| 17.30 | Valur - Breiðablik | Valsvöllur |



# 20% AFSLÁTTUR

## AF BÚSÁHÖLDUM & BLÓMUM

NÝJAR VÖRUR Á PIER.IS

GILDIR 14.–20. APRÍL

30% AFSLÁTTUR 30%

**LUKTIR**
VERÐ FRÁ 3.192,- m/afslætti

## 30% AFSLÁTTUR AF LUKTUM

**BLÓM**
VERÐ FRÁ 312,- m/afslætti

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR



Kobe Bryant hefur verið afar óheppinn með meiðsli síðustu árin í deildinni og þau komu öðru fremur í veg fyrir að hann bætti ekki stigamet NBA.



Kobe Bryant, þá aðeins 19 ára, í leik á móti átrúnaðargoði sínu Michael Jordan sem á þeim tíma var leikmaður NBA-meistara Chicago Bulls og í huga flestra orðinn besti leikmaður allra tíma í NBA-deildinni. Þeir urðu góðir félagar og Kobe fékk góð ráð frá Jordan á meðan hann var að fóta sig í NBA-deildinni.



Kobe Bryant kallar á félaga sína í Los Angeles Lakers-liðinu eftir að hann fékk afhent verðlaun sem besti leikmaður NBA 2007-08 – í fyrsta og eina skiptið.



Kobe Bryant og Shaq voru báðir kosnir bestu leikmenn Stjörnuleiksins 2009. Þeir voru búnir að grafa stríðsöxina eftir sáran viðskilnað fimm árum áður.

# Kveðja, Kobe

**Kobe Bryant spilaði sinn síðasta leik á ferlinum í nótt en þá lauk hans tuttugasta tímabili í NBA-deildinni. Það eru afar fáir leikmenn í sögu NBA sem hafa afrekað jafnmikið og Kobe á þessum tveimur áratugum. Fréttablaðið skoðar í dag svipmyndir frá þessum magnaða ferli svörtu mömbunnar.**

**KÖRFUBOLTI** Eftir tuttugu ár, 1.346 leiki, fimm titla og yfir 33 þúsund stig, þá lauk NBA-ferli bandaríska körfuboltamannsins Kobe Bryant í Los Angeles í nótt. Síðasti leikurinn var á móti Utah Jazz og skipti lið hans engu máli en þannig hefur þetta nú verið í vetur. Leikir Lakers hafa snúist um kveðjuferð Kobe um Bandaríkin en sigrarnir og aðallega tapleikirnir hafa verið verið hálfgert aukaatriði.

Átrúnaðargoð Kobe Bryant var Michael Jordan og þeir eru alltaf bornir mikið saman enda að mörgu leiti mjög líkir leikmenn. Það er erfiðara að finna meiri keppnismenn og báðir áttu stórkostlega ferla í NBA. Kobe náði að skora meira en Jordan á ferlinum en náði ekki að jafna titlafjöldann sem mun eflaust plaga hann um ókomna tíð.

Þrettándi apríl 2016 verður nú skráður í sögubækur Los Angeles Lakers enda hefur enginn leikmaður spilað fleiri leiki eða skorað fleiri stig fyrir félagið en Kobe Bryant, hvort sem er í deild eða úrslitakeppni. Hann hefur komið sér vel fyrir um alla metabók Los Angeles Lakers – og það er ekki eins og einhverjir meðalmenn hafi verið að spila með þessu sigursæla NBA-liði í gegnum tíðina.

Það eru samt fleiri dagar sem standa upp úr á þessum frábæra ferli og á þessari síðu förum við yfir nokkra þeirra. Það var af nógu að taka og því komust ekki nærri því allar stærstu stundir Kobe fyrir.





Kobe Bryant varð tvisvar NBA-meistari eftir að Shaquille O'Neal yfirgaf hann og þá í bæði skiptin með þeim Pau Gasol og Deric Fisher.



Kobe Bryant komst upp fyrir Michael Jordan í desember 2014 og endar sem þriðji stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar frá upphafi á eftir Kareem Abdul-Jabbar og Karl Malone.



Kobe Bryant með Phil Jackson en þeir unnu fimm titla saman í NBA. Jackson vann ellefu titla á þjálfaraferlinum, sex með Jordan og svo fimm með Bryant.





Samband Kobe og Shaq var mjög stormasamt, þeir unnu þrjá titla saman (að neðan) en síðan sauð upp úr og Shaq yfirgaf Lakers (að ofan).



Kobe Bryant og LeBron James unnu tvö Ólympíugull saman með bandaríska landsliðinu, fyrst á ÓL í Peking 2008 (að ofan) og svo aftur í London 2012.



Kobe Bryant, eiginkona hans Vanessa og dæturnar Natalia og Gianna eftir að Kobe varð NBA-meistari í fimmta sinn árið 2010.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
14. APRÍL 2016 FIMMTUDAGUR

# MEÐFERÐ VIÐ HVARMABÓLGU OG AUGNÞURRKI



**Provision kynnir**
Hvarmabólga (blepharitis) og augnþurrkur eru líklega algengustu augnsjúkdómar á Íslandi. Provision býður úrval af vörum til meðferðar á þessum sjúkdómum, svo sem sótthreinsandi klúta, gervitár og augnhvíluna.

„Erfitt er að meta hlutfall fólks með hvarmabólgu þar sem sjúkdómurinn veldur oft litlum einkennum. Á hinn bóginn getur hann valdið einkennum sem eru afar óþægileg og hafa ríkuleg áhrif á daglegt líf fólks og er því brýnt að leita meðferðar,“ segir María Elfarsdóttir, sölustjóri Provision.

### EKKI FLÓKIÐ EN KREFST NATNI

„Helstu einkenni hvarmabólgu eru sviði í augum, óskýr sjón, aðskotahlutspirringur, kláði, roði í hvörmum og augum og bjúgur á hvörmum. Margir finna til dæmis til óþæginda eftir að hafa horft lengi á tölvuskjá eða sjónvarp,“ útskýrir María.

„Þó ber að leggja áherslu á að þurr augu og hvarmabólga koma oft fram saman og þarf því oft að meðhöndla hvort tveggja, en augnþurrki fylgja sjóntruflanir og óstöðugleiki í tárafilmu, sem mögulega getur skaðað yfirborð augans. Meðferð við hvarmabólgu er oftast ekki flókin en hún krefst töluverðrar natni og reglusemi,“ útskýrir María. „Nauðsynlegt er að meðhöndla augun með heitum bökstrum og er augnhvílan mikilvæg til að koma á eðlilegri starfsemi fitukirtla í augnhvörmum.

Blephaclean klútarnir eru dauðhreinsaðir blautklútar, án rotvarnar- og ilmefna. Þeir fjarlægja mjúklega leifar af slími og húðskorpu af augnhvörmum og úr augnhárum og minnka einnig þrota. Klútarnir hreinsa án þess að valda ertingu í augum eða húð en gefa henni raka og mýkt. Þeir henta einnig þeim sem nota linsur. Blephaclean inniheldur efni eins og hýalúronsýru, sem er afburða rakagjafi sem getur bundist þúsund sinnum sinni eigin þyngd í vatni og gerir hana að helsta bindiefni vatns í líkamanum. Iris florenthina er bólgueyðandi og dregur úr þrota í kringum augu. Centella asiatica er efni



> Meðferð við hvarmabólgu er oftast ekki flókin en krefst natni og reglusemi.
> María Elfarsdóttir, sölustjóri Provision

sem talið er að flýti fyrir gróanda sára, styrkir húðina og eykur blóðflæði, er talið gott fyrir og eftir augnaðgerðir til að halda svæðinu hreinu. Það hefur einnig reynst vel við exemi og psoriasis.“

### ÞREFÖLD MEÐFERÐ

„Provision býður upp á gervitár, augnhvílu og klúta sem mikilvægt er að nota allt saman til að fá fram bestu líðan í augum hjá þeim sem þjást af hvarmabólgu og augnþurrki,“ segir María. „Thealoz droparnir eru náttúrulegt efni sem eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum. Nýjasta varan okkar er augnhvílan, margnota hitapoki sem fylltur er með hörfræjum og hitaður í örbylgjuofni í 30 til 40 sekúndur.“

**Provision-vörurnar fást í apótekum um land allt.**




**„Provision býður upp á gervitár, augnhvílu og klúta sem mikilvægt er að nota allt saman til að fá fram bestu líðan í augum hjá þeim sem þjást af hvarmabólgu og augnþurrki.“**

Augnheilbrigði

Hvarmabólga og þurr augu.

Thealoz inniheldur trehalósa sem er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi.

Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum.







Fæst í öllum helstu apótekum.

provision







Tara bloggar á makemyday.is og fyrir hun.is og hefur um tíma verið að gera förðunarkennslumyndbönd á Youtube. „Það er margt spennandi fram undan sem kemur bráðlega í ljós.“ MYND/VILHELM

# SKAPIÐ RÆÐUR FÖR Í FÖRÐUNINNI

Förðunarfræðingurinn **Tara Brekkan Pétursdóttir** leyfir lesendum að skyggnast ofan í snyrtibudduna sína og sýnir eftirlætisvörurnar.

Tara Brekkan Pétursdóttir förðunarfræðingur segist vel geta verið án snyrtivara þegar hún er spurð hvaða þriggja snyrtivara hún geti ekki verið án. „Ég er ein af þeim sem elska líka að vera ómálaðar og finnst það ekkert vera nauðsyn. En ef ég ætti að nefna þrjár snyrtivörur þá væri það léttur farði, augabrúnalitur og maskari.“

Tara segir að dagleg förðunarrútína sé yfirleitt þannig að hún notar gott rakakrem á morgnana og léttan farða, hyljara, smá púður til að festa, highlight, sólarpúður og kinnalit. „Einnig móta ég augabrúnirnar, set létta augnskyggingu, stundum eyeliner, maskara og svo er ég með varalit eða gloss. Það er samt mjög misjafnt hvernig ég mála mig og fer það mikið eftir því í hvernig skapi ég er. Svo er ég mikið að sýna förðun á Snapchat, tara_makeupart, og þá er ég mjög mismunandi förðuð,“ lýsir hún.

**Áttu einhverja fyrirmynd þegar kemur að förðun?** Já, Marilyn Monroe finnst mér alltaf flottust.

**Hvaða snyrtivörur verða keyptar fyrir vorið?** Fullt af litum, glimmeri, skemmtilegheitum og auðvitað góð sólarvörn.

**Hvar kaupir þú snyrtivörur helst?** Aðallega í Sephora þegar ég kemst til útlanda eða þekki einhvern sem er að fara og er það yndislegur að versla fyrir mig.

**Eyðir þú miklu í snyrtivörur?** Já, ég eyði svolítið miklu í snyrtivörur af því ég starfa við að farða aðra og þarf því að eiga svo margt fyrir ólíka einstaklinga. En svo fæ ég oft vörur gefins.

**Hvaða snyrtivörur eru í uppáhaldi?** Ég er nýbúin að fjárfesta í Luminous Silk Foundation frá Armani. Það er léttur farði en samt þekur hann og jafnar út húðina og helst vel á allan daginn.

Tara er mikið fyrir að „highlighta“ húðina og finnst henni gott að setja fyrst fljótandi highlight yfir kinnbein, framan á nefið og smá fyrir ofan augabrúnirnar. „Becca Cosmetics liquid highlight í litnum Opal er tær snilld. Svo er Chocolate-pallettan mín frá Too Faced sú augnskuggapalletta sem ég nota mest. Þessi palletta hefur að geyma alla helstu liti sem ég þarf og þar eru bæði mattir og gljáandi augnskuggar og heitir og kaldir litir. Ég elska varaliti og nota mikið fjólu- og vínrauða varaliti. Einn af mínum uppáhalds þessa dagana er mattur varagloss frá Girlactik sem heitir Stellar. Þetta varagloss er einfalt að setja á varirnar og svo þornar það og verður matt en verður samt ekki mjög þurrt og kekkjótt eins og sumt matt gloss verður og helst á allan daginn,“ lýsir Tara og bætir við að hún sé líka hrifin af húðvörum Bláa lónsins.

„Ein af mínum uppáhaldsvörum frá þeim er Balancing oil-free emulsion. Þetta serum er ein mesta snilld sem ég veit um. Það jafnar út olíuna í húðinni sem skiptir svo miklu máli þegar verið er að setja á sig farða vegna þess að ef það er mikil olía í húðinni rennur farðinn til og förðunin er fljót að færast til og skemmast. Ég nota þetta á þau svæði þar sem olíuframleiðsla er mikil og set þetta á áður en ég set farðann á.“

## SNYRTIVÖRUR Í UPPÁHALDI




**1.** Chocolate-pallettan frá Too Faced er sú augnskuggapalletta sem Tara notar mest. **2.** Ein af uppáhaldssnyrtivörum Töru þessa dagana er matt varagloss frá Girlactik sem heitir Stellar. **3.** Becca Cosmetics liquid highlight í litnum Opal sem er eitt eftirlæti Töru. „Það er einnig hægt að setja hann í farðann og fá þetta „strobe look“ sem er svo vinsælt í ár.“ **4.** Tara segir Balancing oil-free emulsion frá Blue Lagoon jafna út olíuna í húðinni sem skipti miklu máli þegar verið er að setja á sig farða. **5.** Farðinn frá Armani sem er í uppáhaldi hjá Töru. Hún segir koma svo fallega áferð af honum, húðin verði fersk og falleg.






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

TRI

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SHIMANO

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND










ParkTool

WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00





Vor og sumar 2014


Haust og vetur 2015


Vor og sumar 2014

# Slimane hættur hjá Yves Saint Laurent

Hedi Slimane er hættur sem listrænn stjórnandi Yves Saint Laurent. Hér eru nokkrir hápunktar af fjögurra ára ferli hans hjá tískurisanum.

Hedi Slimane er franskur ljósmyndari og tískuhönnuður ættaður frá Túnis. Hann hefur hannað eigin föt frá sextán ára aldri. Ferill hans hefur verið farsæll en hann var listrænn stjórnandi Dior Homme á árunum 2000 til 2007. Í apríl 2002 varð Hedi Slimane fyrsti hönnuður karlmannsfata til að hljóta CFDA-verðlaunin sem alþjóðlegur hönnuður. David Bowie afhenti verðlaunin en Slimane hannaði fötin sem Bowie notaði á tónleikaferðum sínum.

Árið 2012 tók hann við sem listrænn stjórnandi Yves Saint Laurent. Hann þótti hrista töluvert upp í hlutunum hjá þessu rótgróna merki. Til að mynda starfaði hann frá Los Angeles en ekki í París þar sem höfuðstöðvar merkisins eru.

Hann lauk starfi sínu hjá Saint Laurent í lok mars á þessu ári og við af honum tekur Anthony Vaccarello. Nákvæm ástæða fyrir brotthvarfi Slimane hefur ekki verið gefin upp og óráðið hvert næsta skref tískuhönnuðarins verður.


Hedi Slimane.








Haust og vetur 2015


Haust og vetur 2015


Vor og sumar 2015


Haust og vetur 2014.




# VORSPRENGJA

## NÝ SENDING

# 20-40%

**afsláttur af öllum vörum**

**bara þessa helgi!**



COSMO

Kringlunni












Haukur klæðist hér uppáhaldsflíkinni sinni sem er jakki frá Henrik Vibskov. Jakkinn er að sögn Hauks fullkomin vor- og haustflík. Auk hans klæðist Haukur hér peysu, buxum og skóm frá Rick Owens. MYNDIR/ANTON BRINK

# SVARTUR Á LEIK

**Haukur Tandri** breytti fatastíl sínum og útliti fyrir tveimur árum. Svartur litur heillar hann mest ásamt „dassi“ af hvítum.

Miðborgarbúinn Haukur Tandri Hilmarsson hefur undanfarin þrjú ár unnið sem framleiðslunemi á VOX Restaurant í Reykjavík. Hann er auk þess hluti af Dj teyminu Plútó sem skartar mörgum af framsæknustu plötusnúðum landsins en hluti hópsins spilar á Palóma næsta laugardag á „Opal Tapes Showcase“ kvöldi. Auk eldamennsku og tónlistar hefur hann áhuga á líkamsrækt og bara því að hafa gaman af lífinu.



Jakki frá Reason og peysa frá Études. Buxurnar eru frá Cheap Monday.

**Lýstu fatastílnum þínum**

Hann samanstendur fyrst og fremst af svörtum flíkum með „dassi“ af hvítu. Svartur er mjög heillandi fatalitur. Hann er mínímalískur, sýnir lítið og gefur mikla dulúð frá sér en talar samt algjörlega fyrir sig sjálfur. Hefðbundinn hversdagsklæðnaður er tónlistarbolur, hettupeysa, jakki, gallabuxur og svo hafa góðir Converse-skór ekki brugðist mér í fjölmörg ár.

**Hvenær fékkstu áhuga á tísku?**

Það eru um tvö ár síðan ég fann fyrst hvernig fötin skapa manninn. Ég var orðinn leiður á útlitinu og ákvað að breyta til, m.a. með því að klæða mig í allt svart og aflita á mér hárið. Þannig byrjaði boltinn að rúlla. Veiran lifnaði svo fyrir alvöru þegar ég fór til New York sama sumar og þáverandi kærasta mín fór með mig í verslanir sem opnuðu augu mín.



**Hvað einkennir klæðnað ungra karlmanna?**

Ef ég ætti að nefna eitthvað myndi ég segja stuttur, svartur jakki, síður, hvítur bolur, svartar gallabuxur og hvítir skór. Ungir karlmenn í dag eru undir miklum áhrifum frá mönnum eins og Justin Bieber og ASAP Rocky þegar kemur að klæðnaði. Mér finnst það vera af hinu góða.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?**

Ég versla aðallega á netinu, þá helst á grailed.com þar sem m.a. er hægt að kaupa notaða merkjavöru sem kemur betur út fyrir budduna.

**Áttu uppáhaldshönnuði?**

Þar má nefna t.d. Rick Owens, Yohji Yamamoto, Henrik Vibskov, Damir Doma, Rei Kawakubo (Comme des Garçons), Jonny Johansson (Acne Studios), Alexander Wang og Raf Simons.

**Eyðir þú miklu í föt?**

Já, ég kaupi frekar dýra merkjavöru en fimm evru bol úr H&M. Það þýðir líka að lengra er á milli fatakaupa hjá mér og ég gef mér alltaf góðan tíma til umhugsunar.

**Áttu þér uppáhaldsflík?**

Ég keypti Henrik Vibskov jakka fyrir stuttu síðan sem ég er enn trylltur yfir. Jakkinn er dökkblár og síður og hefur fjóra rennilása að framan sem mætast allir aftan á bakinu í x-lögun. Fullkomin vor- og haustflík.

**Notar þú fylgihluti?**

Ég á fallegan Alexander McQueen-trefil sem ég nota nær daglega yfir veturinn. Svo er ég duglegur að ganga með Teklifehúfuna mína. Úr og skartgripir hafa hins vegar aldrei heillað mig.

**Hvað er fram undan?**

Prófa að búa í útlöndum, styrkja tengsl mín við allt flotta fólkið sem ég hef í kringum mig í lífinu og leggja alla Fóstbræðraþættina á minnið.



**Heildverslunin Garri er þekkt fyrir gæðaþjónustu og stuttan afhendingartíma.** MYND/PJETUR

# Garri gerir ferðaþjónustu grænni

Garri býr yfir 40 ára reynslu sem einn fremsti birgir landsins í matvælum og hreinlætisvörum á fyrirtækjamarkaði. Nú geta allir aðilar innan ferðaþjónustunnar nýtt sér sérhæfðar lausnir og þjónustu sem heildverslunin Garri hefur upp á að bjóða.

„Síðastliðin ár hefur stefna Garra markvisst tekið mið af auknum ferðamannastraumi til landsins til að mæta þeim auknu kröfum og nýjungum sem sú sívaxandi starfsemi kallar eftir,“ segir Hreinn Elíasson, markaðsstjóri heildsölunnar Garra.

„Aukin meðvitund ferðamanna um umhverfisvernd kallar eftir grænni þjónustu. Fólk vill í auknum mæli velja vistvænar lausnir, sem er bara mjög jákvæð þróun.“

### Umhverfismeðvitund aðlaðandi

Hreinn bendir á að Garri leggi mikið upp úr því að bjóða vörur sem geri fyrirtækjum og stofnunum kleift að vera umhverfismeðvituð. Þá sé auðvelt að hafa samband og fá ráðgjöf um sértækar lausnir.

„Í okkar röðum eru sérfræðingar tilbúnir til að aðstoða með þau mál sem koma upp og bjóða upp á sérhæfða þjónustu sem hentar hverjum og einum. Við hjá Garra erum stolt af að geta boðið upp á breitt úrval af möguleikum til að gera fyrirtæki aðlaðandi og í takt við tímann.“



**Garri er til húsa að Lynghálsi 2 en verslunin BESTA er á Grensásvegi 18.**

> **Síðastliðin ár hefur stefna Garra markvisst tekið mið af auknum ferðamannastraumi til landsins til að mæta auknum kröfum.**
>
> *Hreinn Elíasson*

### Hreinlæti mikilvægt

Hreinlæti og góð ásýnd er mikilvæg í hvers konar fyrirtækjarekstri og býður Garri upp á góðar, skilvirkar lausnir.

„Garri býður upp á þægilegar heildarlausnir sem skila góðum árangri. Í boði er breitt úrval af hreinlætisvörum og má þar finna bæði umhverfisvænar og vistvænar lausnir,“ segir Hreinn.

### Traust, lausnamiðuð þjónusta í yfir 40 ár

Garri hefur í yfir fjörutíu ár lagt áherslu á hágæða matvæli fyrir stóreldhús ásamt hagkvæmum og skilvirkum lausnum á sviði hreinlætis. „Hjá okkur er hægt að kaupa allt á einum stað sem skilar sér í hagræðingu og tímasparnaði,“ segir Hreinn.

Garri rekur faglega sérverslun undir nafninu BESTA sem sérhæfir sig í hreinlætisvörum og áhöldum. „Í versluninni, að Grensásvegi 18 veitir reynslumikið starfsfólk faglega þjónustu og ráðgjöf um þrif og hreinlæti,“ segir Hreinn en þess má geta að viðskiptavinir Garra njóta bestu kjara í BESTA búðinni.




**Hreint land fagurt land**

**Það er þægileg tilfinning að geta boðið viðskiptavinum sínum upp á góða hreinlætisaðstöðu. Það eykur líkur á að gestir komi aftur og mæli með þinni þjónustu. Vel búin salernisaðstaða er skynsamleg fjárfesting sem gagnast bæði viðskiptavinum og starfsfólki. Garri og Besta bjóða fyrirtækjum sem og sveitarfélögum trausta og skilvirka þjónustu og síðast en ekki síst frábærar vörur.**

**Nánari upplýsingar í síma 5 700 300 og á www.garri.is**

## RÉTTA KRYDDIÐ

Vel krydduð steik eða fiskur leikur aðalhlutverkið í góðri máltíð. Það er þó ekki endilega eins auðvelt og ætla mætti að ná réttu krydd-blöndunni á matinn sem um ræðir og það getur verið erfitt að muna hvaða krydd gengur best með hvaða kjöti eða fisk. Þessi yfirgripsmikli listi getur því komið sér vel þegar krydda á næstu máltíð. Auðvitað er svo hægt að blanda saman mismunandi kryddtegundum af listanum.



**Naut**
Basilíka, lárviðarlauf, svartur pipar, cayenne-pipar, broddkúmen, karrí, sinnepsduft, hvítlaukur, grænn pipar, laukur, óreganó, rósmarín, salvía, blóðberg.



**Fiskur**
Lárviðarlauf, cayenne-pipar, karrí, sellerífræ, graslaukur, dill, fennika, sítrónubörkur, kryddmæra, mynta, sinnepsduft, laukur, paprikukrydd, steinselja, rauður pipar, saffran, salvía, sesamfræ, fáfnisgras, blóðberg, túrmerik.

**Lamb**
Basilíka, kanill, broddkúmen, karrí, hvítlaukur, kryddmæra, mynta, laukur, óreganó, rósmarín, salvía, sesamfræ, blóðberg.

**Alifuglar**
Basilíka, lárviðarlauf, kóríanderlauf, kanill, karrí, hvítlaukur, múskathýði, kryddmæra, mynta, laukur, paprikukrydd, steinselja, rósmarín, salvía, saffran, fáfnisgras, blóðberg.

**Svín**
Allspice, sellerífræ, negull, kóríander, fenníka, engifer, einiber, sinnepskrydd, paprikukrydd, salvía.






Viktor Örn æfir nú af kappi fyrir Evrópukeppni Bocuse d'Or sem fram fer í Búdapest í maí. Hér er hann við eitt af sínum uppáhaldstækjum sem er sérhannaður reykskápur. MYND/ANTON BRINK



Fínt tausigti fyrir sósur og olíur er nauðsynlegt þegar maður vill fá sósurnar mjög fínar. Líka mjög hentugt þegar verið er að sigta kryddjurtaolíur.



Mínígrill sem auðvelt er að setja upp og hentar þegar þarf að fá mikinn hita snöggglega. Gefur líka gott grillbragð. Hægt er að nota þau inni ef maður er með góðan háf.

# Æfir fyrir Bocuse d'Or

Landsliðskokkurinn **Viktor Örn Andrésson** æfir nú hörðum höndum fyrir Evrópukeppni Bocuse d'Or sem fram fer í maí. Hann gaf sér þó tíma til að nefna þá fimm hluti í vinnueldhúsinu sínu sem eru í algjöri uppáhaldi hjá honum.

Viktor lærði til kokksins á Hótel Sögu frá 2001 til 2005. Eftir útskrift fór hann til Frakklands þar sem hann vann á Michelin-veitingahúsinu Domaine de Clairefontaine, skammt suður af Lyon. Síðan þá hefur hann víða komið við og í sumar er ætlunin að starfa í Veiðihúsi.

En hvað er heillandi við kokkastarfið? „Fjölbreytileikinn. Fagið þróast svo hratt að maður er alltaf að sjá eitthvað nýtt. Kokkar vinna mikið eftir árstíðum þannig að það er gaman að vinna með það hráefni sem er ferskast hverju sinni. Til dæmis er mjög gaman á vorin þegar skemmtilegt hráefni kemur inn bæði úr sjó og af landi sem við kokkarnir bíðum spenntir eftir."

Viktor er í kokkalandsliði Íslands. Hann segist hafa gaman af að takast á við áskoranir. „Ég hef mjög gaman af matreiðslukeppnum, bæði sem einstaklingur og með kokkalandsliðinu," segir Viktor sem vann Norðurlandatitilinn 2014 í Herning í Danmörku. Hann er einnig mjög ánægður með árangurinn með kokkalandsliðinu þegar það lenti í fimmta sæti á heimsmeistaramótinu í Lúxemborg.

Þessa dagana er Viktor eingöngu að æfa sig fyrir Evrópukeppni Bocuse d'Or sem haldin verður í Búdapest 10. maí. „Ég er búinn að vera að æfa mig með aðstoðarmönnum mínum, þeim Hinna, sem er nemi á Grillinu á Hótel Sögu, og Sölva sem er að læra á Kopar."

Keppnin í Búdapest er tveggja daga keppni þar sem tíu þjóðir keppa hvorn daginn. Þeir sem lenda í ellefu efstu sætunum öðlast rétt til þátttöku í heimsmeistarakeppni Bocuse d'Or sem haldið verður í Lyon í Frakklandi í janúar á næsta ári.

„Núna er lokasprettúrinn á æfingunum. Við æfum sex daga vikunnar og erum með tvær tímaæfingar á viku í sérútbúnu keppniseldhúsi sem við erum búnir að setja upp í samvinnu við Fastus," segir Viktor og bendir áhugasömum á vefsíðuna bocusedor.is.



Blender termomixer er kraftmikill blandari sem hægt er að elda í. Fer upp í 140°C.



Snúrulausi handmixerinn. Þarna er engin snúra sem truflar þegar maður er að mixa sósurnar.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson



Fyrir atvinnukokka og ástríðukokka
IKEA er stoltur samstarfsaðili keppninnar Kokkur ársins
„Við viljum auka vitund almennings um í hverju starf kokkanna felst og koma á tengslum þarna á milli. Samstarfið við IKEA hefur verið einstakt og með notkun á eldhúsum og áhöldum frá IKEA tengjumst við daglegu lífi fólks á nýjan hátt.“
Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri kokkalandsliðsins
„IKEA vörurnar eru frábærar vörur sem þola mikla notkun í eldhúsinu mínu“
Denis Grbic, kokkur ársins 2016
RINGHULT
5.950,-
IKEA 365+ pottur m/loki. 5l
2.950,-
IKEA 365+pottur m/loki. 1l
JAFNLAUNAVOTTUN VR
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2016



Bjarki Long og Svanfríður Anna Lárusdóttir eru hluti af samheldnum hópi reynslumikilla sölufulltrúa hjá MS sem sérhæfir sig í þjónustu við veitingahús, mötuneyti, hótel og önnur stóreldhús.

# Sérhæfð þjónusta við stóreldhús

Mjólkursamsalan býður upp á úrval mjólkurvara fyrir stóreldhúsið sem fást í fjölbreyttum eininga- og umbúðastærðum. Á uppskriftasíðunni Gott í matinn má finna uppskriftir sem henta stóreldhúsum.

Hjá Mjólkursamsölunni (MS) starfar samheldinn hópur reynslumikilla sölufulltrúa sem sérhæfir sig í þjónustu við veitingahús, mötuneyti, hótel og önnur stóreldhús. „MS býður upp á fjölbreytt úrval mjólkurvara fyrir stóreldhúsið og fást þær í fjölbreyttum einingа- og umbúðastærðum sem henta eldhúsum af öllum stærðum og gerðum,“ segir Svanfríður Anna Lárusdóttir, sölufulltrúi á fyrirtækjasviði.

### Sölufulltrúi á Akureyri

Þrír sölufulltrúar starfa á höfuðborgarsvæðinu og sinna auk þess Reykjanesi, Vestfjörðum, Vestur- og Suðurlandi, en það eru þau Svana, Bjarki og Guðmundur. Una Matthildur er fjórði liðsmaðurinn á fyrirtækjamarkaði en hún starfar á Akureyri og sinnir Norður- og Austurlandi.

### Sérsniðinn þjónustuvefur

Á síðasta ári setti MS í loftið sérstakan þjónustuvef fyrir viðskiptavini, panta.ms.is. Þar geta viðskiptavinir meðal annars pantað vörur, fengið upplýsingar um dreifileiðir og útkeyrslu, skoðað innsendar pantanir, séð sölugreiningu og komið ábendingum á framfæri, svo eitthvað sé nefnt. „Vefurinn er sérstaklega einfaldur og þægilegur í notkun. Aðgangur að vefnum er veittur í gegnum netfangið sala@ms.is og í framhaldinu er hægt að óska eftir sýnikennslu þar sem sölufulltrúi MS kemur í heimsókn til viðskiptavina og fer yfir einfalt ferlið,“ útskýrir Svana og bætir við að þessi sýnikennsla sé að sjálfsögðu gjaldfrjáls og hluti af persónulegri þjónustu sem MS býður upp á.

> **MS býður upp á fjölbreytt úrval mjólkurvara fyrir stóreldhúsið og fást þær í fjölbreyttum eininga- og umbúðastærðum sem henta eldhúsum af öllum stærðum og gerðum.**
>
> *Svanfríður Anna Lárusdóttir*

### Fjöldi uppskrifta

Á uppskriftasíðunni gottimatinn.is má svo finna fjöldann allan af girnilegum uppskriftum. „Uppskriftirnar henta bæði einstaklingum, fjölskyldum og stóreldhúsum því auðvelt er að stækka þær eftir fjölda matargesta hverju sinni.“

### Uppfyllir þarfir neytenda

MS er í eigu íslenskra kúabænda sem búsettir eru víðsvegar um landið og hjá fyrirtækinu starfa um fjögur hundruð manns á fimm starfsstöðvum víða um land. Hjá MS er mikil áhersla lögð á að uppfylla þarfir neytenda og kynnir fyrirtækið um tuttugu til þrjátíu nýjar vörur árlega, bæði fyrir almenna neytendur sem og stórnotendur. Á heimasíðu fyrirtækisins, ms.is, er yfirlit yfir allar vörur fyrirtækisins en þetta yfirlit má jafnframt nálgast í vöruhandbók MS sem gefin er út ár hvert, bæði á prenti og rafrænt.






Ramsay hefur pistilinn á orðunum: "Svo virðist sem hver einasta manneskja og hundurinn hennar vilji opna veitingastað nú til dags." Hann hefur eins og flestir vita farið fyrir raunveruleikaþáttum á borð við Hell's Kitchen og MasterChef.

# Draumar duga ekki

**Gordon Ramsay** er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum. Þrátt fyrir að hann þyki hrokafullur er ljóst að hann veit sitthvað og hafa veitingastaðir í hans eigu hlotið samtals 16 Michelin-stjörnur. Á vef bresku sjónvarpsstöðvarinnar Channel 4 gefur hann þeim sem hyggjast stofna veitingastað góð ráð.

„Svo virðist sem hver einasta manneskja og hundurinn hennar vilji opna veitingastað nú til dags. Draumurinn um lítinn huggulegan stað fullan af dásamlegum gestum og drífandi starfsfólki virðist skjóta upp kollinum hjá mörgum og búast flestir við að græða á tá og fingri. Staðreyndin er hins vegar sú að tveir þriðju veitingastaða fara á hausinn áður en þeir ná eins árs aldri. Langir vinnudagar, ergilegir viðskiptavinir og fjárhagsvandræði lýsa raunveruleikanum frekar en hitt,“ segir kokkurinn geðþekki Gordon Ramsay hughreystandi. „Þeir sem hafa samt sem áður hug á að reyna gætu haft gott af því að lesa eftirfarandi,“ bætir hann við.

### Ekki líta of stórt á þig

Allt of margir láta að mínu mati hégómann hlaupa með sig í gönur. Fólk sem kann ekki einu sinni að sjóða egg opnar veitingastaði úti um allar koppagrundir. Það er eins og ef ég myndi kaupa ruðningsfélag af því ég hef gaman af leiknum. Það sem pirrar mig mest er að fólk virðist ekki þurfa að hafa neitt til brunns að bera. Það verður ástfangið af hugmyndinni en nennir ekki að leggja það á sig að læra iðnina. Það tekur mörg ár og mikla skuldbindingu.

### Lærðu heima

Lykillinn að velgengni er að þekkja nærumhverfið og viðskiptavinina. Þarf svæðið sem um ræðir fínan stað eða skyndibitastað? Hvernig standa samkeppnisaðilarnir? Hvað eru þeir að gera vel og hvað ekki?

### Góður kokkur er lykilatriði

Besta fjárfesting veitingahúsaeiganda er í góðum kokki. Hann þarf að vera leiðtogi og geta hvatt aðra starfsmenn eldhússins til dáða. Hann er sá sem trekkir viðskiptavini á staðinn.

### Leggðu rækt við starfsfólkið

Þú þarft að hvetja það til dáða, mennta það og halda í það. Þar liggur ábyrgðin fyrst og fremst hjá eiganda. Þú þarft að vera vel inni í öllu sem gerist í eldhúsinu og utan þess án þess þó að vera „control freak“.

### Samvinna skiptir sköpum

Stjórnendur þurfa að vera í góðum og reglulegum samskiptum við yfirkokkinn og annað starfsfólk. Samskipti á milli starfsfólks þurfa líka að vera góð svo allt gangi snurðulaust fyrir sig. Þá þarf að eiga samskipti við viðskiptavini og hlusta á óskir þeirra, enda eru það þeir sem borga brúsann.

### Margir réttir ekki merki um gæði

Langir matseðlar rugla alla í ríminu. Bæði viðskiptavini og starfsfólk eldhússins. Kokkarnir verða eins og hauslausar hænur að hlaupa á eftir stökum réttum og hættan er sú að biðin frammi í sal verði allt of löng. Byrjaðu á einföldum en góðum seðli sem starfsfólk ræður vel við.

### Innleiddu stöðugt gæðaeftirlit

Það sem misheppnast fer ekki út úr eldhúsinu. Jafnvel þó það sé brjálað að gera er alltaf óásættanlegt að bera subbulegan disk á borð. Ef rétturinn er ekki nógu vel heppnaður ætti ekki að bera hann fram. Það getur eyðilagt orðsporið.

### Hreinlæti ofar öllu

Meginregla hvers eldhúss er að það á að vera tandurhreint. Í hverju eldhúsi þurfa að ríkja skýrar hreinlætisreglur og gilda þær jafnt um starfsfólk og meðhöndlun matvæla. Enginn vill senda gesti frá sér með matareitrun.

### Sveigjanleiki er dyggð

Mín reynsla er sú að það er nauðsynlegt að bregðast strax við breytingum í rekstri; skera niður, draga úr kostnaði og fækka réttum á matseðli ef þess gerist þörf. Ef eitthvað er ekki að virka, kyngdu þá stoltinu og breyttu til. Sveigjanleiki er lykilatriði í hvers kyns rekstri. Þó þú lítir á staðinn eða tiltekna rétti sem afkvæmi þitt er ekki þar með sagt að viðskiptavinir geri það. Ekki þrjóskast við.

### Ekki gefast upp

Þó það sé á brattann að sækja þarftu að vera tilbúinn að berjast, standa af þér alls kyns storma og halda í drauminn. Þéttu starfsmannateymið, hlustaðu á viðskiptavini og hafðu trú á því sem þú ert að gera. Þannig áttu í það minnsta möguleika á að lifa af.

# Fimmföld Skynjun – RATIONAL „persónulegi“ Gufusteikingarofninn þinn

RATIONAL

*NÝJI*

**SelfCookingCenter®**

*Upplifðu núna!*

5Senses



*Senses* stöðuna í sífellu,í eldunarferlinu þínu.

*Recognises* magnið þitt í ofnrýminu og reiknar út brúningarþörf í samræmi við það.

*Thinks* og ákveður besta eldunarmöguleika sem gefur þína niðurstöðu.

*Learns* og vistar þína uppáhalds og mest notuðu eldunarferla þína.

*Communicates* þörf þína fyrir að vita hvað gerist í eldunarferlinu og upplýsir þig stöðugt um hvað ofninn er að gera, hvað hann hefur gert og hvað hann muni gera.

BAKO ÍSBERG

**BAKO ISBERG ehf** • Höfðbakki 9 • 110 Reykjavik • s 595 6200
pontun@bakoisberg.is • www.bakoisberg.is







**„Við höfum aðallega verið að nota þetta til að elda og baka í en það væri vel hægt að kveikja upp eld og sitja við og lesa. Það háir okkur aðallega hvað tíminn er naumur, 2 x 40 mínútur er varla nóg," segir María Maronsdóttir, heimilisfræðikennari í Sunnulækjarskóla á Selfossi, en hún lét útbúa útieldhús fyrir utan kennslustofuna.** MYNDIR/ SUNNULÆKJARSKÓLI

# Baka lummur og brauð í útieldhúsi

Krakkarnir í Sunnulækjarskóla á Selfossi steikja flatkökur og lummur úti undir berum himni þegar vel viðrar en skemmtilegt útieldhús hefur verið útbúið fyrir utan skólann. Timbrið úr smíðastofunni er notað til uppkveikju og krakkarnir læra að umgangast eldstæðið.

„Ég fór fyrir nokkrum árum á útieldunarnámskeið hjá Guðmundi Finnbogasyni kennara en hann veit allt um kúnstina að elda úti. Guðmundur var með hlaðið eldstæði en ég hafði séð steypt rör notuð sem útieldstæði í leikskóla. Ég sá hvað það var sniðugt fyrir krakka, suðaði aðeins í bæjarstarfsmönnunum hér og fékk tvö rör fyrir skólann," segir María Maronsdóttir, heimilisfræðikennari við Sunnulækjarskóla á Selfossi, en hún lét útbúa útieldhús fyrir utan kennslustofuna og færir matreiðslutímana út þegar vel viðrar.

„Við fengum smíðaðar grindur sem fara ofan í rörin og notum timbrið sem til fellur úr smíðastofunni og sprek til að kveikja upp. Fjölbrautin smíðaði fyrir okkur fjórfót sem hægt er að setja ofan á rörin og hengja neðan í hann potta og pönnu. Ég nota þetta mikið í kennslunni og krakkarnir eru að steikja flatkökur og lummur, poppa og hita kakó og súpur. Við höfum meðal annars bakað súkkulaðiköku í sérstökum potti. Deigið fer í pottinn og potturinn ofan á kol, hvert kol er 15 gráðu heitt og krakkarnir reikna út hversu mikið af kolum þarf til að baka kökuna, og læra hvernig undir- og yfirhiti virkar," útskýrir María og segir útieldhúsið einnig mikið notað við sérstaka útikennslu í skólanum.

> **Deigið fer í pottinn og potturinn ofan á kol, hvert kol er 15 gráðu heitt og krakkarnir reikna út hversu mikið af kolum þarf til að baka kökuna.**
>
> *María Maronsdóttir*

„Við höfum aðallega notað þetta til að elda og baka í en það væri vel hægt að kveikja upp eld og sitja við og lesa. Það háir okkur aðallega hvað tíminn er naumur, 2 x 40 mínútur eru varla nóg," segir María. „Við erum með tvö eldstæði og getum þá verið með ólíka hluti í gangi í einu. Það er mjög þægilegt að umgangast eldinn í rörinu og öruggt. Rörin eru í góðri hæð fyrir krakkana til að vinna við og þar sem þau eru staðsett beint fyrir utan heimilisfræðistofuna get ég að notkun lokinni hellt vatni yfir kolin ofan í rörinu og slökkt alla glóð."

Allt fyrir stóreldhúsið
Mikið úrval af matvöru, borðbúnaði og áhöldum




Verið velkomin í sýningarherbergið okkar, sjón er sögu ríkari
Köllunarklettsvegi 6, 104 Reykjavík s. 414 1100
Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

## Nokkur góð ráð í eldhúsinu

**Frystið flatt**
Gott er að frysta mat sem ekki klárast eða sem á að geyma til betri tíma. Besta leiðin er að frysta matinn sem þynnstan. Þannig er hann fljótari að kólna og auðveldara að hita hann upp auk þess sem gott er að stafla honum þannig í frystinn. Ein leið er að setja matinn í frystipoka með góðri læsingu og leggja pokann sem flatastan í frystinn.

**Kælið kjötið**
Þegar skera á niður hrátt kjöt er gott að stinga því í frystinn í korter, tuttugu mínútur. Þannig verður auðveldara að skera það.

**Geymið kryddjurtir í röku eldhúsbréfi'**
Ferskar kryddjurtir eru fljótar að skemmast í lokuðum pokum. Betra er að vefja þeim inn í rakt eldhúsbréf og síðan í poka sem er þó að hluta opinn.



**Ruslafata og skafa**
Þegar verið er að saxa og skera er gott að hafa ruslafötu nálægt og sköfu til að skafa ruslið sem myndast beint ofan í fötuna.



**Eggjaskurn til bjargar**
Þegar lítill bútur af eggjaskurn dettur í hráefnisskálina getur verið erfitt að ná honum upp úr. Gott ráð er nota stærri bút af eggjaskurn til að fiska hann upp.





## Vinsæll veitingastaður

Veitingastaðirnir í IKEA-verslununum eru í raun ein stærsta matsölukeðja veraldar. Staðirnir þjóna um 800 milljónum viðskiptavina árlega í rúmlega 300 verslunum um víða veröld.

Fyrsti veitingastaðurinn var opnaður í Svíþjóð árið 1960 eftir að stofnandi keðjunnar, Ingvar Kamprad, gerði sér grein fyrir því að allt of margir viðskiptavinir yfirgáfu verslanir hans án þess að kaupa neitt, af þeirri einföldu ástæðu að þeir voru svangir.

Í upphafi var ákveðið að bjóða upp á fáa rétti á borð við lax, roast beef og kjötbollurnar vinsælu. Eftir því sem árin liðu hófu veitingastaðirnir að bjóða upp á fleiri rétti auk þess sem veitingastaðir utan Svíþjóðar hófu að bjóða upp á rétti frá viðkomandi landi.

Veitingastaðirnir eru auk þess flestir opnaðir áður en verslunin sjálf og þjóna þannig mörgum sem vilja borða morgunmat.

Vinsælasti réttur keðjunnar er auðvitað sænsku kjötbollurnar, bornar fram með kartöflum eða kartöflumús, sósu og sultu, en árlega seljast yfir 150 milljón kjötbollur á heimsvísu. Þær eru að sjálfsögðu afar vinsælar hér á landi.

## GÓÐUR KOSTUR Á VEISLUBORÐIÐ

Pönnukökur eru algeng sjón á veisluborðum. Þær má bera fram á einfalda mátann, upprúllaðar með sykri eða með rjóma og sultu. Hér kemur einföld uppskrift að gómsætum pönnsum.

**Pönnukökur**
**4 dl hveiti**
**2 msk. sykur**
**1/2 tsk. salt**
**1/2 tsk. lyftiduft**
**2 egg**
**1 tsk. vanilludropar**
**50 g smjör, brætt**
**Mjólk eftir þörfum**

Setjið öll þurrefnin í skál og dálítið af mjólk út í. Bætið eggjum og vanilludropum við. Hellið smjöri saman við og þynnið með mjólk eftir þörfum. Deigið á að vera frekar þunnt. Tæplega ausu af deigsoppu er svo hellt á pönnukökupönnu og hún látin bakast. Pönnukakan er svo losuð frá brúnunum, henni snúið við og klárað að baka hana þeim megin.




# HEILDARLAUSNIR FYRIR STÓRELDHÚS

Fastus býður upp á margþættar lausnir fyrir hótel og veitingastaði, til að mynda mismunandi eldunarlausnir, þvottahús, flutningakerfi og fleira. Reynsla starfsmanna nýtist viðskiptavinum okkar við mat á lausnum og val á tækjabúnaði.

Hjá okkur er úrval af áhugaverðum húsgögnum og innréttingum fyrir veitingastaði.





Ofnar | Pottar og pönnur | Uppþvottavélar






Veislubúnaður | Borðbúnaður | Glös og glervara | Raftæki





Fatnaður og skór fyrir atvinnueldhús | Leirtau






FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar
að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8:30 - 17:00
Fastus hef • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



## Pitsusnúðar á veisluborðið

Pitsusnúðar eru tilvaldir á veisluborð og fara sérstaklega vel í smáfólkið. Þá er hægt að gera með góðum fyrirvara og frysta. Þeir eru svo teknir út morguninn fyrir veislu og haldast þannig mjúkir og fínir. Hér er uppskrift sem auðvelt er að margfalda. Áttföld uppskrift gerir um það bil 160 snúða.

**Pitsusnúðar**

- 4 dl hveiti
- ½ tsk. salt
- 2½ tsk. þurrger
- 1½ dl volgt vatn
- 1 msk. matarolía
- Pitsusósa að eigin vali
- 1 poki rifinn ostur
- Brauðskinka, smátt skorin

Hveiti og salti blandað saman í stórri skál. Gerið leyst upp í volgu vatni og hellt yfir ásamt matarolíu. Deigið hnoðað og látið hefast undir matarfilmu á volgum stað í að minnsta kosti 15 mínútur. Skiptið einfaldri uppskrift í tvo parta. Fletjið út í sporöskjulaga lengju. Smyrjið með pitsusósu. Dreifið skinku og osti yfir. Rúllið upp í lengju og skerið í hæfilegar stóra snúða. Setjið á pappírsklædda ofnplötu og þrýstið ofan á hvern fyrir sig með skeið. Eins er gott að laga þá aðeins til með höndunum svo þeir líti sem best út. Bakið við 180 gráður í um það bil 10 til 15 mínútur eða þar til til gylltir. Látið kólna. Setjið hæfilegan fjölda í frystipoka og frystið. Takið út að morgni veisludags.



## Enga sápu

Uppþvottalögur getur farið illa með yfirborð skurðarbretta úr tré. Nota má aðrar aðferðir til að þvo og sótthreinsa brettin svo þau haldi útliti sínu og gæðum sem lengst.

Borðedik er afar áhrifaríkt til sótthreinsunar og gott ráð að strjúka yfir bretti og borð úr viði með tusku vættri í óblönduðu ediki eftir hverja notkun.

Öðru hvoru mætti sáldra dálitlu af matarsóda yfir flötinn og úða svo ediki yfir. Leyfið blöndunni að freyða í nokkrar mínútur og strjúkið svo af með vatni.

Til að eyða lykt úr viðnum til dæmis eftir laukskurð má nudda yfirborðið með hálfri sítrónu.

Þá má djúphreinsa viðinn með blöndu af salti og sítrónusafa og eins með blöndu af matarsóda, salti og vatni.

Með því að nudda brettin eftir þvott með rökum klút og salti verður litur þeirra bjartur og skýr.

www.rd.com

## MIKILVIRKIR RÆKTENDUR

Einhver þarf víst að rækta og framleiða öll þau hráefni sem stóreldhús heimsins (og önnur smærri eldhús) nota í eldamennsku sína. Þannig fara t.d. 70-75% allrar kryddframleiðslu heimsins fram á Indlandi.



Kínverjar rækta hins vegar gríðarlega mikið af alls kyns grænmeti og engin þjóð ræktar t.d. meira af gulrótum, lauk, blóm- og spergilkáli, kartöflum, spínati, agúrkum og tómötum, svo fátt eitt sé nefnt.

Ræktun ávaxta dreifist þó á fleiri þjóðir. Þannig rækta Indverjar þjóða mest af perum, mangói og sítrónum en Brasilía ræktar mest af appelsínum. Rússar rækta mest af hindberjum en jarðarber og bláber eru ræktuð í mestu magni í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn framleiða auk þess þjóða mest af kjúklingi, nautakjöti og kalkún og Kínverjar framleiða þjóða mest af svína- og lambakjöti.






LYFJAVER
Kate
RIMMEL KYNNING Í LYFJAVERI,
SUÐURLANDSBRAUT 22
14. OG 15. APRÍL FRÁ 13–17.30.
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
FRÁ RIMMEL
Rimmel sérfræðingur verður
á staðnum til að aðstoða þig.
GET THE LONDON LOOK!
RIMMEL
GET THE LONDON LOOK
NÝTT FRÁ RIMMEL / Palletta frá Kate Moss
til að móta og gefa andlitinu ljóma.




Snyrtistofan Fiðrildið

hefur opnað í Hamraborg 20A, 200 Kópavogi
( sama húsi og Í 7 himni heilsusetur ).

**Opið hús í dag frá kl. 14.00-17.00**

Bjóðum alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna.

Kveðja, Monika og Birna

**Stelpurnar Í 7 himni heilsusetur ætla einnig að kynna sína starfsemi í dag.**

Hamraborg 20A • 200 Kópavogi






Hönnuðurinn klæddist sama kjól árið 2014. Hann kostar tæpar 250 þúsund krónur.

# LÁ VIÐ SLYSI

Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton hafa verið í opinberri heimsókn á Indlandi í vikunni og hefur Kate skartað hverjum glæsiklæðnaðinum á fætur öðrum að vanda. Hins vegar lá við slysi þegar pilsfaldurinn á kjól frá Emiliu Wickstead flettist upp í sífellu.

Kate pakkaði niður fötum frá ekki minni spámönnum en Alexander McQueen og Jenny Packham. Með í för var sömuleiðis hvítur kragakjóll frá nýsjálenska fatahönnuðinum Emiliu Wickstead sem starfar í Bretlandi en Kate er mikill aðdáandi hennar.

Kate klæddist kjólnum á öðrum degi heimsóknarinnar en lenti í talsverðum vandræðum með pilsfaldinn. Pilsið á kjólnum er létt og flögrandi og læddist vindurinn ítrekað undir faldinn. Kate átti því í mestu vandræðum með að halda pilsinu niðri til þess að það flettist hreinlega ekki upp um hana. Tískuspekúlantar, sem fylgja henni hvert fótmál, notuðu sumir orðið tískuslys og endaði atvikið á forsíðu Times of India. Blaðið fékk reyndar skömm í hattinn fyrir að gera svo mikið úr því og þótti ekki sæmandi að taka þannig á móti konungbornum gestum. Í blaðinu voru myndirnar af Kate jafnframt bornar saman við frægar myndir af Marilyn Monroe.

Emilia sjálf klæddist sama kragakjól á bresku tískuverðlaununum í lok árs 2014. Hún starfaði lengi í Mílanó og New York og vann meðal annars fyrir Giorgio Armani. Fyrsta línan undir hennar nafni kom á markað árið 2008. Áherslur hennar þykja klassískar með nútímalegu yfirbragði og það hefur hertogaynjan af Cambridge hingað til kunnað meta.





Kate hefur klæðst fötum eftir Emiliu við ófá tilefni.





„Vatnslosandi og kemur meltingu í lag"

Ég tek **Flóru með mér í ferðalagið**, bólgnir fætur, þrútin og þreyttur magi er það sem ég vil helst af öllu forðast, þá hefur Flóra reynst mér einstaklega vel á löngum ferðum.
*(Guðlaug B Jónasdóttir sölufulltrúi ).*

100% kraftur & virkni

ICEHERBS NATURA ISLANDICA



Við stelpurnar erum komnar í rosalega gott sumar-skap og hjálpum þér að finna **rétta dressið fyrir sumarið!**
Stærðir 36-56
FRÁBÆRT ÚRVAL AF FALLEGUM SUMARFATNAÐI!
Léttar úlpur, kjólar, buxur og skór á FRÁBÆRU verði
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
BLÚSSA 7.990kr st. S-XXXL
BLÚSSA 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 9.990kr st. S-XXXL
Skór 5.990,- st. 36-41
KJÓLL 7.990kr st. 42-56
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 7.990kr st. S-XXXL
Einnig til í rauðu og svörtu og í stærðunum 36-56!
ÚLPA 12.990kr st. S-XXL
Skór 8.990,- st. 36-41
Skór 8.990,- st. 36-41
Skór 11.990,- st. 36-41
Skór 4.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

bilfang.is S. 567 2000



**NÝR BÍLL !**
Hyundai Santa Fe Premium Diesel (Panorama) 2016, 7 manna, 200 HÖ, Hlaðinn búnaði ma Leður, glerþak ofl Verð 8.4 mil !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

100 bílar bílasala .is



Dodge Ram 1500 SLT, 5/2011, ek 76 þús km, sjsk, bensín, ásett verð í skiptum 6.690 þús, tilboðsverð 6.190 þús, raðnr 151910.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2014, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.170007. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2014, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.991545.



TOYOTA Auris sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.991677.



SUBARU Legacy. Árgerð 2006, ekinn 215 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.991717.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BÍLA GALLERÍ



MERCEDES-BENZ GLA 220 Cdi Dísel 4x4. Árgerð 2015, ekinn 21 Þ.km, Umboðsbíll , Leður, Glerþak ofl. Verð 7.290 þ. rnr.110219. Sími 663-2430 eftir lokun.



MERCEDES-BENZ E 220 CDI Avantgarde Dísel. Árgerð 2015, Ónotaður ekinn 324 KM !, Umboðsbíll, Leður ofl. Verð 8.5 millj. Tilboð 7.7 stgr !. Rnr.100234. 663-2430 eftir lokun.



M.BENZ GL350 Dísel.7 manna. Árgerð 2014, Ekinn 17 Þ.km, Glæsilegur Umboðsbíll, Leður, glerþak, krókur ofl. Verð 15.8 millj. raðnr 100096. Sími 663-2430 eftir lokun.

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**

STÓRA BÍLASALAN



Vegna góðs samstarfs við Toyota getum við boðið þessa bíla á lækkuðu verði aðeins 2.790.000kr! Sjá nánar á www.stora.is.



Vegna góðs samstarfs við Toyota getum við boðið þessa bíla á lækkuðu verði aðeins 2.790.000kr! Sjá nánar á www.stora.is.



Vegna góðs samstarfs við Toyota getum við boðið þessa bíla á lækkuðu verði aðeins 2.790.000kr! Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar seljast



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2005, ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.110836.



HYUNDAI I10 gl. Árgerð 2009, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 990.000. Rnr.110901.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**


Vissir þú að... börn eiga rétt að leika sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi


## Bílar til sölu



**TIL SÖLU.**
Citroen C-4 árg. 2007. Ekinn aðeins 80þús.km. Bifreiðin er í toppstandi skoðaður 2017. Ný sumardekk, ný tímareim. Er á nýjum ál félgum, með Continental sumardekkjum. Vetrar dekk á felgum fylgir. Ásett verð, 1.1milj. Uppl. Í síma 895-7199 Ómar.



**EINN FLOTTUR Í SUMAR!**
BMW 3 e92 2008, ek. 98þús. Vel með farinn, snyrtilegur bíll og vel þjónustaður allir þjónustupappírar fylgja með. Verð 3890þús, skoða staðgreiðslutilboð eða skipti á 4x4 lúxusbíl. Gunnar sími 772-3838 eða gdkristinsson@gmail.com

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR !!!**
VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955


Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum

# Rafbílar frá 1.990 þús.

Mitsubishi Outlander PHEV
**Nýr 4x4 Rafbíll**



Outlander Tvinn-Jeppi
Flottur rafbíll í innanbæjar akstur og er einnig með eyðslugrannri bensínvél fyrir lengri ferðalög



Fáðu betra tilboð á www.islandus.is
100% fjármögnun og íslensk ábyrgð í boði.

Islandus hefur í meira en áratug aðstoðað við kaup á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA. Fjölmargir hafa sparað hundruði þúsunda, jafnvel milljónir króna, með beinum innflutningi.

islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, á svæði 201-203-210-220-221. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Upplýsingar í síma 863 4291**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**LITALÍNAN EHF**
Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa um helgar, tilvalið f. skólafólk. Uppl. sendist á tilraun13@gmail.com

Vantar mann vanan húsamálun í Uppl. í síma 896 3982

Garðyrkjufyrirtæki óskar eftir duglegu og stundvísu starfsfólki. Kostur er ef fólk er með bíl til umráða. Þurfa að geta byrjað helst strax. S. 7745775

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf sem getur hafið störf strax. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000
e: vinna@verkleigan.is

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR**
Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl kl. 20:00 í húsnæði SÍBS, Síðumúla 6.



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

**Hótel Leifur Eiríksson**

**LEITAR AF ÞRIFAFÓLKI Í FULLA VINNU**
Reynsla af hótelþrifum kostur.
Nánar í s. **562 0800** eða **info@hotelleifur.is**
~
**LOOKING FOR FULL TIME CLEANING STAFF**
Experience with hotel work a plus.
For further details call **562 0800** or email **info@hotelleifur.is**

## fasteignir

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL SÖLU**
**Smiðjuvegur 18, 200 Kópavogur**
Iðnaðarhúsnæði
Stærð 250 fm.
Verð 39,9 millj.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Til sölu 250 fm. iðnaðarhúsnæði - vörugeymsla á jarðhæð við Smiðjuveg. Húsnæðið skiptist í tvo opna vinnusali, kaffistofu, snyrtingu með sturtu og eitt lokað herbergi. Flísar og parket á hluta gólfa. Ein innkeysluhurð með rafmagnsopnara. Húsnæðið þarfnast endurbóta. Laust við kaupsamning.

## fasteignir

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Hlíðarás - Hafnarfjörður - Einbýli



Glæsilegt 341,8 fermetra einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum 63 fermetra bílskúr á frábærum útsýnisstað við Hlíðarás 20 í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Eignin er mjög vel skipulögð, smekklega innréttuð með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Einstakt útsýni er úr húsinu yfir Hafnarfjörð að Esju og víðar. Eignin skiptist í forstofu, hol, fjölskyldurými, þrjú herbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu og tvöfaldan bílskúr. Á efri hæð er herbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, baðherbergi,snyrtingu, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður í s: 896-0058 eða thorbjorn@hraunhamar.is

### Lækjargata - Hafnarfjörður - Einbýli



Glæsilegt einbýlishús við lækinn í Hafnarfirði. Um er að ræða mjög fallegt og virðulegt einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr samtals um 244,2 fermetrar. Húsið er byggt fyrst árið 1906 og stendur á mjög fallegum stað við Lækjargötu 5 við lækinn í hjarta Hafnarfjarðar. Eignin skiptist í forstofu, forstofuherbergi, stofu, borðstofu og eldhús sem er alrými, hol, baðherbergi, þvottahús og tvö stór herbergi. Á efri hæð eru þrjú góð herbergi, fjölskyldurými, baðherbergi og geymsluloft. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður í s: 896-0058 eða thorbjorn@hraunhamar.is.

### Vallarbarð - Hafnarfjörður – Einbýli



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög fallegt vel byggt einbýli á tveimur hæðum með sérstæðum tvöföldum bílskúr samtals 208,6 fm, við Vallarbarð 8 í Hafnarfirði.
Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, herbergi, stofu, borðstofu, eldhús og þvottahús. Á efri hæð eru þrjú herbergi, fjölskyldurými og baðherbergi.
Bílskúr er tvöfaldur 48,8 fermetrar. Glæsilegur garður með verönd og heitum potti. Róleg og góð staðsetning, útsýni.
Nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölufulltrúi 896-0058, í gegnum tölvupóst thorbjorn@hraunhamar.is

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, innan þéttbýlisins Laugarás.**
**Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis á lóð Iðufells.**
Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar sem felst í að svæði fyrir verslun- og þjónustu á lóð Iðufells í Laugarási stækkar á kostnað íbúðarsvæðis. Ástæða breytingar er að fyrirhugað er að reisa nýtt hótel á svæðinu þar sem í gildandi skipulagi eru gert ráð fyrir íbúðarhúsalóðum.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Brekku, Bláskógabyggð.**
**Landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.**
Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 7. apríl 2016 var samþykkt tillaga að breytingu á aðalskipulagi á um 7 ha svæði í landi Brekku. Tillagan var auglýst 7. janúar 2016 með athugasemdafresti til 19. febrúar. Athugasemd barst en að mati sveitarstjórnar gaf hún ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur aðalskipulagsbreytingin nú verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**3. Breyting á deiliskipulagi Norðurkots í Grímsnes- og Grafningshreppi sem nær til lóðarinnar Neðan-Sogsvegar 45.**
Í tillögunni felst að lóðin Neðan-Sogsvegar 45 skiptist í tvær lóðir sitt hvoru megin vegar sem fer í gegnum lóðina að lóðum 41 og 42. Eftir breytingu verður lóð 45 5.719 fm og lóð 45 a 5.887 fm. Afmarkaðir eru byggingarreitir á lóðunum en ekki eru gerðar breytingar á skilmálum svæðisins.

**4. Deiliskipulag fyrir baðaðstöðu/náttúrulaug á jörðinni Hæðarendi í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Í tillögunni felst að útbúa baðaðstöðu/náttúrulaug á svæði umhverfis núverandi fjárhús og hlöðu á jörðinni Hæðarendi, sunnan frístundabyggðar við Selhól.Gert er ráð fyrir að breyta núverandi húsum í þjónustubyggingu í tengslum við starfsemina auk þess sem heimilt verð að byggja allt að 900 fm til viðbótar. Aðgengi að svæðinu verður um núverandi veg frá Búrfellsvegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 14. til 21. apríl 2016 en tillögur nr. 3 - 4 frá 14. apríl til 27. maí.
Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 21. apríl 2014 en 27. maí fyrir tillögur nr. 3 - 4.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

# DEBENHAMS




# LANCÔME KYNNING

## Í DEBENHAMS 14. - 20. APRÍL

**KAUPAUKINN ÞINN ÞEGAR ÞÚ KAUPIR LANCÔME VÖRUR FYRIR 8.900 EÐA MEIRA:**

- CILS TINT maskari full stærð
- RÉNERGIE MULTI-LIFT krem 15 ml
- VISIONNAIRE dropar 7 ml
- BI-FACIL augnfarðahreinsir 30 ml
- La vie est Belle FLORALE nýr ilmur
- LANCÔME snyrtibuda






### CILS TINT MASKARI

CILS TINT er maskari sem endist og þarf ekki að hreinsa af í 72 klst. Gætir þú hugsað þér að vera með maskarann á þér í 3 daga, án þess að fjarlægja hann en samt er hann eins og nýsetur á? Auðveldur í notkun, aðskilur augnhárin vel og virkar eins og það sé ekkert á þeim.

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Margrét Margeirsdóttir**
Brávallagötu 26, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut,
sunnudaginn 10. apríl.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni
í Reykjavík, miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.00.

**Ívar Gissurarson** — **Stefanía Hrólfsdóttir**
**Margeir Gissurarson** — **Hulda Biering**
**Snorri Gissurarson** — **Bára Ægisdóttir**
**Laufey Gissurardóttir** — **Kristinn Ólafsson**
**Lilja Gissurardóttir** — **Árni Beinteinn Erlingsson**
**Ingólfur Gissurarson** — **Valdís Arnórsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Guðmundur Guðjónsson**
óperusöngvari og húsgagnasmiður,
Sléttuvegi 19,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund
mánudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 20. apríl kl. 15.00.

**Kristín Bjarnadóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir** — **Grétar J. Unnsteinsson**
**Hafsteinn Guðmundsson** — **Helga Gylfadóttir**
**Erna Guðmundsdóttir** — **Kristján Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Elísabet Guðmundsson**
(Bettý)
Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands,
Vestmannaeyjum, föstudaginn 1. apríl
síðastliðinn, verður jarðsungin frá
Landakirkju laugardaginn 16. apríl kl. 11.00.

**Jóhann E. W. Stefánsson**
**Guðmundur W. Stefánsson** — **Elly Elíasdóttir**
**Sigurður W. Stefánsson** — **Ásta Traustadóttir**
**Guðmar W. Stefánsson** — **Ragnhildur Ragnarsdóttir**
**Elías W. Stefánsson** — **Hjördís Guðbjartsdóttir**
**Katrín Stefánsdóttir** — **Steingrímur Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ríkarður Pálsson**
tannlæknir,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
við Hringbraut þriðjudaginn 12. apríl
síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Selma Hannesdóttir**
**Hannes Ríkarðsson** — **Hella Willig**
**Smári Ríkarðsson** — **Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar,

**Sigríður Bárðardóttir**
frá Jarðlangsstöðum, Mýrasýslu,

sem andaðist þriðjudaginn 5. apríl á
Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsungin
frá Borgarneskirkju föstudaginn 15. apríl
kl. 13.00. Jarðsett verður að Borg á Mýrum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sigríður Bára Einarsdóttir, Þuríður Einarsdóttir,**
**Kristín Einarsdóttir, Fanney Einarsdóttir og**
**Jóhannes Guðmundur Einarsson**



**„Stuðningur íslenskra leikskóla hefur verið frábær frá byrjun og er kjarninn í þessu starfi. Gestirnir flakka milli þeirra og viða að sér þekkingu,“ segir Bryndís.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslenskar aðferðir til eftirbreytni í leikskólum

**Áhersla á frjálsan leik og útivist barna í íslensku leikskólastarfi hefur getið af sér alþjóðlega röð ráðstefna. International Play Iceland heldur opið málþing í dag í Hannesarholti.**

Það verður einkum fjallað um áhrif þess að börn fái að læra á lífið í gegnum leik og tengsl við náttúruna,“ segir Bryndís Hreiðarsdóttir mastersnemi og ein þeirra sem heldur utan um málþing í Hannesarholti í dag milli 16.30 og 18.30 á vegum International Play Iceland.

Fyrirlesarar á málþinginu eru Janet Lansbury uppeldisráðgjafi, Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri og Tom Shea, leikskólastjóri í Bretlandi og meðstofnandi Play Iceland ásamt Huldu Hreiðarsdóttur. Hulda varð bráðkvödd í júní 2015 og systur hennar, Bryndís og Helga, halda uppi merkinu.

Einnig koma fram í Hannesarholti þau Linda Mjöll Stefánsdóttir og Daníel Hjörtur sem reka hönnunarfyrirtækið Krukku.

Þetta er fjórða ráðstefnan hér á landi á vegum Play Iceland. Sú fyrsta var 2013.

„Tom Shea sér tækifæri í að koma með erlenda leikskólakennara hingað og sýna þeim hvernig íslensk börn læra á náttúrulegan hátt með því að leika sér úti. Líka hvernig þau þjálfast í samskiptum og lýðræðislegri hugsun og ákvarðanatöku. Leikskólastjórar sem hafa komið hingað á vegum Play Iceland undanfarin ár tóku þátt í að breyta hlutum þegar þeir komu heim, sem þeim hafði aldrei dottið í hug að gengju upp, eins og að leyfa börnum að skammta sér sjálf á diskana og borða sjálf.“

> **Við höfum, sem betur fer, ekki enn farið út í að taka upp bóklegt nám hjá þriggja og fjögurra ára börnum.**

Bryndís segir Tom hafa áhyggjur af því að í Bretlandi hafi markaðshyggjan tekið yfir í áherslum leikskólanna því aukinn þrýstingur sé á að börn læri snemma að lesa, skrifa og reikna. Þau fái ekki lengur rými til að þroskast með því að nota skynfærin, vera úti í náttúrunni og tengjast öðrum í frjálsum leik sem börnum sé eðlislægur. Hún telur aðferðir íslensku leikskólanna ekki séríslenskar, heldur víða við lýði á Norðurlöndunum enn. „Við höfum, sem betur fer, ekki enn farið út í að taka upp bóklegt nám hjá þriggja og fjögurra ára börnum,“ bendir hún á.

Sex leikskólar opna dyr sínar þetta árið fyrir erlendum gestum ráðstefnunnar og bjóða þeim að taka þátt í starfinu. Fyrir það er Bryndís afar þakklát. „Stuðningur íslenskra leikskóla hefur verið frábær frá byrjun og er kjarninn í þessu starfi. Gestirnir flakka milli og viða að sér þekkingu. Íslenskir leikskólakennarar eiga heiður skilinn fyrir að deila kunnáttu sinni með þeim.“

Play Iceland er nú orðið að alþjóðlegri hreyfingu. „Fólk sem hefur komið hingað frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu á undanförnum árum ár að kynna sér stefnu íslenskra leikskóla ætlar að útbreiða boðskapinn í sínum heimalöndum með sambærilegum ráðstefnum,“ segir Bryndís.

gun@frettabladid.is

# netto




SS LAMBALÆRI
**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG




GOÐI GRÍSAHAKK
**899**
ÁÐUR 1.798 KR/KG




DANPO KJÚKLINGALUNDIR - 700 G
**1.257**
ÁÐUR 1.795 KR/PK




DR. PEPPER - 33 CL
**99**
KR/STK




COOP KARTÖFLUBÁTAR - 900 G
**398**
ÁÐUR 479 KR/PK




ÖMMUBOLLUR - 800 G
**791**
ÁÐUR 989 KR/PK




GRANDIOSA PIZZA ROLLS OSTUR & SKINKA/PEPPERONI
**379**
ÁÐUR 440 KR/PK




FÓTBOLTAMYNDIR
**199**
KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 14. – 17. apríl 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss




100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g

579 kr. 2x140 g

598 kr. 4x80 g

549 kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x120 g, 2x140 g eða 4x80 g

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

ÍTALSKIR TÓMATAR




79 kr. 400 g

**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir




98 kr. 145 g

**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir




98 kr. 40 g

**Pringles Snakk**
40 g, 3 teg.

NÝBAKAÐ!




100kr verðlækkun

579 kr. 470 g

**Bónus Vínarbrauðslengja**
470 g - Verð áður 679 kr.

NÝBAKAÐ!



259 kr. 4 stk.

**Bónus Langlokur**
4 stk.




159 kr. pk.

2 brauð í pakka

**Euro Shopper**
Hvítlauksbrauð, 2 stk.

12 STYKKI Í PAKKANUM




Aðeins 58kr stykkið

698 kr. pk.

**Plaisir kattamatur**
12x100 g



159 kr. stk.

**Uppþvottabursti**
3 litir




3 fyrir 2

898 kr. 3 stk.

**Sensodyne Tannkrem**
Original

979 kr. 3 stk.

**Sensodyne Tannkrem**
Whitening

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÞYNGD CA.
1,6 KG




TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
CA. 50 TONN

**498**
kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

# BÓNUS skilar til viðskiptavina

## ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti*

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
55.000 POKAR




270kr.
verðlækkun



**1.279**
kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðlæg átt, 3-10 m/s, en 10-18 austan Öræfa. Víða lítilsháttar rigning eða smásúld um morguninn, en léttir til þegar kemur fram að hádegi. Hiti 4 til 10 stig, en svalara NA-til.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | -0° |
| ↑ 2 | ↗ 10 | ↑ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 4° | -2° |
| ↘ 7 | ↓ 7 | ↗ 4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 2° |
| ↑ 8 | ↗ 13 | ↑ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 4° | -0° |
| ↖ 7 | ↖ 3 | ↑ 11 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. halda brott,
6. frá,
8. drulla,
9. eldur,
11. tónlistarmaður,
12. fjölbýlishús,
14. enn lengur,
16. stefna,
17. púka,
18. óðagot,
20. á fæti,
21. fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
1. spjall,
3. samtök,
4. innheimtumaður,
5. ról,
7. þögull,
10. mærð,
13. knæpa,
15. drykkur,
16. upphrópun,
19. eldsneyti.



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fara, 6. af, 8. aur, 9. bál, 11. kk, 12. blokk, 14. áfram, 16. út, 17. ára, 18. fum, 20. il, 21. fróa

**LÓÐRÉTT:** 1. rabb, 3. aa, 4. rukkari, 5. ark, 7. fálátur, 10. lof, 13. krá, 15. malt, 16. úff, 19. mó.

## Skák Gunnar Björnsson

Ziska átti leik gegn Andersen í Danmörku árið 1990. **1. Hxg6! fxg6 2. Dxd5!** Svartur gaf enda á hann ekkert gott svar gegn **3. Hh1.**
**www.skak.is:** Hraðskákmót Víkings í kvöld.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 5 | 9 | |
| 3 | | | | 4 | | | 7 | 2 |
| | 5 | 6 | | | | 8 | 1 | |
| | | 3 | | | 4 | | | |
| 6 | 4 | | 5 | 7 | | 2 | | 1 |
| 9 | 2 | | | | | | | 6 |
| 2 | | | | 3 | 7 | | 4 | 9 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | | | | | 6 | 9 |
| | | | | 6 | 2 | | 4 | |
| | | 9 | 1 | 4 | | 7 | | 3 |
| 3 | | | | | | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 5 | 2 | | 9 | | 3 | | 6 |
| | 2 | | | | 4 | | 5 | |
| 9 | | 1 | 7 | | | 4 | | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 5 | | | 8 | |
| 1 | | | | 6 | | | 7 | |
| | 7 | 8 | 1 | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 3 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | | | 3 | 9 | 2 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | |
| 2 | | 1 | | 4 | 8 | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Eftirréttir
Pralín ostakaka
Ljúffeng ostakaka fyrir 6–8 manns
Pralín ostakaka
Fullkomnaðu augnablikið með ljúffengri sælkeraköku.
– Láttu það eftir þér!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 16-0429

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Gengur með yfirgengilegri vinnu og djöflagangi

**Hanna Styrmisdóttir kynnti í gær glæsilega tón- og sviðslistadagskrá Listahátíðarinnar í Reykjavík sem verður frá og með vorinu tvíæringur. Hanna segir að listin endurspegli alltaf ástand okkar og líðan.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

„Hátíðin er víðameiri en hún hefur verið lengi. Það eru færri viðburðir en stærri og eins við kynntum fyrir ári þá er þetta síðari hluti sömu hátíðar og fór einnig fram á síðasta ári," segir Hanna Styrmisdóttir, stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík, en hún kynnti í gær tón- og sviðslistadagskrá hátíðarinnar sem er sú þrítugasta í röðinni. Hátíðin stendur dagana 21. maí til 5. júní.

**Stórir viðburðir**

„Í undirbúningi þessarar hátíðar, Síðari hluta, var mér frá upphafi tvennt efst í huga, auk höfundarverks kvenna sem var í aðalhlutverki í fyrra. Annars vegar mannslíkaminn sem allar hugmyndir okkar um frelsi og mannréttindi byggjast á og hins vegar tímamótin sem Listahátíð stendur á. Mér þótti mikilvægt að Síðari hluti endurspeglaði þessar vangaveltur." Hanna segir að dagskráin muni í raun hefjast með óformlegum hætti nokkrum dögum fyrir formlega setningu með viðburðum sem tengjast opnunarsviðsviðburðinum í ár sem er sýning Flex-dansara frá Brooklyn og Manchester undir yfirskriftinni FlexN Iceland og síðan reki hver stórviðburðurinn annan á hátíðinni.

„Þetta eru það stórir viðburðir að við þurfum að leggja mikla vinnu í kynninguna á hverjum og einum og því þurfum við að dreifa þessu aðeins. En á næstu tveimur vikum verður einnig kynnt myndlistar- og hönnunardagskrá hátíðarinnar. Það kom vel út á síðasta ári að gera þetta svona en við höfðum reyndar sett okkur það að kynna dagskrána þann 6. apríl en það kom svo reyndar í ljós að það var ekki hentugur dagur," segir Hanna og brosir út í annað.

**Breiddin er til staðar**

Það er kannski umhugsunarvert að á hátíð þar sem m.a. höfundarverk kvenna er í forgrunni eru tvær af skærustu stjörnum hátíðarinnar karlmenn yfir sjötugt. En eins og Hanna bendir á þá væri hreint óhugsandi að láta fram hjá sér fara tækifæri á borð við komu San Francisco ballettsins. „Ég væri einfaldlega ekki starfi mínu vaxin ef ég gerði það. Með Ashkenazy þá var það ákvörðun okkar Örnu Kristínar hjá Sinfóníunni að við vildum heiðra hans þátt í upphafi og uppbyggingu hátíðarinnar.

Þetta er ekki aðeins þrítugasta hátíðin heldur erum við einnig að fara aftur í þetta fyrra form að hátíðin verður aftur tvíæringur. Þess vegna er tilhlýðilegt að horfa aftur til liðins tíma. Þegar dagskráin hefur öll verið kynnt mun koma vel í ljós að hún nær í raun vel yfir öll þrjú meginstefin og allar listgreinar."

**Listin þarf tíma**

Hanna segir að þó svo að Listahátíðin í Reykjavík verði héðan í frá haldin annað hvert ár, verði svokallaður tvíæringur, þá sé í raun verið að auka gæði hátíðarinnar. „Á síðustu tíu árum hafa orðið miklar breytingar á þessu sviði. Hátíðin er í raun orðin helmingi minni en hún var 2005 og það gerist einfaldlega með auknu framboði og umsvifum í menningarlífinu. Framlög til Listahátíðarinnar hafa dregist saman en á sama tíma hefur hátíðaflóran á Íslandi sprungið út. Það eru um fimmtíu hátíðir á hverju ári. Allar stuttar en sumar gríðarlega stórar á borð við Airwaves en þær eru allar sértækari en Listahátíðin í Reykjavík sem á að sinna öllum listum. Mér finnst vanta í íslensku listalífi að hlutunum sé gefin tími. Að það sé tími til þess að þróa hlutina, vinna með listamönnum, panta ný verk og framleiða í samvinnu við þá. Íslenskir listamenn standa frammi fyrir því að fá ekki tækifæri til þess að gera stærri verk eins og þeir þurfa á að halda. En með því að nýta fjárframlög til tveggja ára þá náum við frekar að standast þær væntingar sem eru gerðar til hátíðarinnar.

**Langt yfir þolmörkin**

Staðreyndin er að framlögin til Listahátíðarinnar hafa dregist svo mikið saman að við erum í raun ekki samkeppnishæf lengur. Við höfum ekki burði til þess að koma hingað með stærstu listamennina með sama hætti og Listahátíðin í Reykjavík gerði áður. Það er einungis gerlegt með botnlausri vinnu og því að taka stórfellda áhættu því það er flókið og erfitt að koma slíku í framkvæmd. Ég held því að þessi breyting sé mjög góð, en geri mér vel grein fyrir að margir hafa efasemdir, en þetta er auðvitað háð því að það verði ekki frekari samdráttur. Þeir sem ráða í þessu samfélagi, allavega núna, hafa lofað okkur því að það muni ekki koma til þess enda held ég að ef það verður skorið meira niður til Listahátíðar þá hverfi hún. Við erum í raun komin langt yfir þolmörkin og þetta sem við erum að gera er aðeins hægt með yfirgengilegri vinnu og djöflagangi þeirra sem hér starfa.

Málið er að við þurfum á listinni að halda og ástandið í heiminum jafnt sem atburðir síðustu vikna á Íslandi sýna okkur það svo ekki verður um villst. Maður áttar sig á þessu þegar maður skoðar það sem Listahátíðin hefur fram að færa og þá sér maður að listin er alltaf að endurspegla samfélagið. Það er ekkert til sem heitir listin fyrir listina, því listin endurspeglar alltaf ástand okkar og líðan."



Hanna Styrmisdóttir, stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík, segir mikilvægt að muna að listin endurspegli alltaf ástand okkar og líðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## TÓN- OG SVIÐSLISTAVIÐBURÐIR Á LISTAHÁTÍÐINNI

**FlexN**
Götudans frá Brooklyn og Manchester

**The Mosaic Project**
Terry Lyne Carrington ásamt sjö manna djassbandi

**Play**
Sidi Larbi Cherkaoui og Shantala Shivalingappa

**UR_**
Kammerópera eftir Önnu Þorvaldsdóttur

**Hátindar á ferli Helga**
San Fransisco ballettinn ásamt SÍ

**Sími látins manns**
eftir Söruh Ruhl

**Mistakasaga mannkyns**
Hefðbundin ljóð og tónlist fara í gegnum nýstárlega skapandi hakkavél

**Persóna**
Íslenski dansflokkurinn

**Ashkenazy og Sinfóníuhljómsveit Íslands**
ásamt verðalaunapíanistanum Jean-Efflam Bavouzet

**Blóðhófnir**
Tónlistarhópurinn Umbra

**Jaðarber Got hæfileikar**
#winningartfest #jaðarbergothæfileikar

**Selló, þú barómeter hjarta míns**
Tónleikar helgaðir minningu sellósnillingsins Erlings Blöndal Bengtssonar

**Phoenix – Reykjavík Edition**
eftir Wunderland

**Afhjúpun**
Höfundasmiðja FLH og Borgarleikhússins

**Lucrezia**
Barokkhópurinn Symphonia Angelica

# Eins og að horfa á bíómynd í óvanalega hárri upplausn

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★★

**Verk eftir Ibert, Ravel og Dvorák í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**Einleikari:** Emilía Rós Sigfúsdóttir.
**Stjórnandi:** Antonio Méndez.

**Eldborg, Hörpu**
Fimmtudaginn 7. apríl

Emilía Rós Sigfúsdóttir kom, sá og sigraði á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Hún er flautuleikari og var í aðalhlutverkinu í konsertinum eftir Jaques Ibert. Þetta er snúin tónsmíð, laglínur einleikarans eru flúraðar og vísa í allar áttir. Það getur varla verið auðvelt að læra þær utanað. En Emilía lék blaðlaust og fipaðist aldrei. Ekki aðeins var tæknileg hlið flutningsins afburðagóð, túlkunin var fullkomlega trúverðug líka. Tónlistin er lífleg, rytmísk og snörp, en hægari hlutar eru innhverfir og draumkenndir. Hver svo sem stemningin var þá miðlaði Emilía henni áreynslulaust til áheyrenda. Það var unaður að hlýða á hana leika. Hljómsveitarstjórinn, Antonio Méndez fylgdi Emilíu líka af kostgæfni, útkoman var hárfínt samspil.

Tvo önnur verk voru á dagskránni, hið fyrra var Rapsodie espagnole eftir Ravel. Rapsódía er frjálslegt tónlistarform þar sem oft er leitast við að segja sögu í tónum. Í verki Ravels er andrúmsloftið grípandi, lengi vel er tónlistin lágstemmd, en það er í henni sterk undiralda; maður hefur á tilfinningunni að eitthvað rosalegt sé í aðsigi. Músíkin rís enda upp í magnaða hápunkta, þeir eru gríðarlega áhrifamiklir.

Tónlistin var enn öflugri vegna þess hve leikur hljómsveitarinnar var góður. Satt best að segja er langt síðan hún hefur spilað af slíkri nákvæmni. Sinfónían er vissulega oftast góð, en smáatriðin eru misvel útfærð. Núna var flutningurinn kraftmikill, en samt voru smæstu blæbrigði fáguð og smekklega sett fram. Það var eins og að horfa á bíómynd í óvanalega hárri upplausn, þar sem hægt er að sjá hvert hár á viðkomandi leikara, hvert gras í garðinum, hverja flugu á sveimi.

Eftir hlé var áttunda sinfónían eftir Dvorák á efnisskránni. Þetta er stórbrotin tónsmíð með safaríkum laglínum og hnausþykkum hljómum sem skapa munúðarfullt andrúmsloft. Músíkin er myndræn og þegar hljómsveitin lék hana sá maður allt mögulegt fyrir sér. Aftur voru smáatriðin fínlega ofin, og meginlínur skýrt mótaðar. Strengirnir voru sérlega samtaka og fókuseraðir, og aðrir hljóðfærahópar voru pottþéttir. Krafturinn í túlkuninni var sannfærandi, það var í henni flæði og andagift sem gaman var að upplifa. Þetta var frábært! **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Óaðfinnanlegir tónleikar; magnaður hljómsveitarleikur, glæsilegur einleikur.



# NÝJUSTU GRÆJURNAR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM

80HE00GS

### YOGA3 PRO
**LENOVO MEÐ QHD+ SNERTISKJÁ**

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 199.900

QHD+ IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

360° SNÚNINGUR

Sú allra flottasta frá Lenovo, örþunn og fislétt með QHD+ IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360° ásamt mögnuðu JBL hljóðkerfi!

- Intel Core M-5Y71 2.9GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SATA3 SSD ofur hraður diskur
- 13.3" QHD+ IPS fjölsnertiskjár 3200x1800
- 1GB Intel HD 5300 DX12 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 867Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Örþunn 12.7mm og aðeins 1,19kg
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

**149.900**

FÆST Í 3 LITUM

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.900

### GXT363
**7.1 HEYRNARTÓL**

- Frábær 7.1 leikjaheyrnartól með mic
- Nötrandi bassi fyrir leikina og tónlistina
- Öflugur 50mm vibration búnaður
- Kristaltær hljómur og vandaður mic
- Vönduð vafin Anti-tangle USB snúra
- Allar stillingar á upplýstri fjarstýringu
- LED blá lýsing á hliðum og hljóðnema

**9.900**

POTTÞÉTT Í LEIKINA!

XL2411Z

144Hz 24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

100% KEPPNIS

### 24"3DLED
**144Hz LEIKJASKJÁR**

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**49.990**

27" 99.990 | 27" QHD 129.990

ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

100% KEPPNIS

CHERRY MX SWITCHES FAST MEÐ BROWN, RED EÐA BLUE

### DUCKYONE
**FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU**

- Ducky ONE mekanískt lyklaborð
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX bláir, rauðir eða brúnir svissar
- ABS DS hnappar sem eyðast ekki
- Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Ótrúleg forritanleg LED baklýsing
- Dual Layer PCB eykur líftíma

**24.900**

NÝ SENDING VAR AÐ LENDA:)

### GIGABYTE
**ITX GAMING TILBOÐ 2**

- Thermaltake Core V1 ITX leikjaturn
- Intel Core i5-6600K Quad 3.9GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake Gaming 5 móðurborð
- 16GB DUAL DDR4 2400MHz minni
- 512GB SSD M.2 PCIe SP900 diskur
- 4GB GTX970 XTREME leikjaskjákort
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**279.990**

ÞESSA VERÐUR ÞÚ AÐ SJÁ;)

B3-A20

1280x800 IPS HD FJÖLSNERTISKJÁR 178° SJÓNARHORN

### IconiaOne
**STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA**

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 10" HD IPS fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.3GHz MT8163 örgjörvi
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, BT4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- USB2 micro og MicroSD kortalesari
- Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Aðeins 9.5mm örþunn og fislétt 540gr
- Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.5mm OG 540gr

**29.990**

NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!

S55 **9.990**

ADEINS 100 STK

120GB 6.990

### 240GB SSD DISKUR

ENZO **34.990**

HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR

EINSTAKLEGA ÞÆGILEGIR STÓLAR SEM HENTA VEL FYRIR ÞÁ SEM SITJA LENGI VIÐ TÖLVUNA;)

3 LITIR

### HÁGÆÐA TÖLVUSTÓLAR

DIXXO **9.900**

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.900

LED LÝSING EINSTAKLEGA FLOTT SÉRSTILLANLEG 360 GRÁÐU LED LÝSING

### ÞRÁÐLAUS HÁTALARI

500GB **59.990**

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

### PLAYSTATION 4

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

acer Lenovo GIGABYTE BenQ KOSS Trust Microsoft intel Security

14. Apríl 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng



Gunn Hernes starfar sem verkefnastjóri hjá Norræna húsinu og er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölbreytt Norræn kvikmyndahátíð

**Ellefu kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni sem stendur til 20. apríl. Meðal þeirra er danska heimildarmyndin Facebookistan. Aðgangur, að einni sýningu undanskilinni, er ókeypis.**

Norræn kvikmyndahátíð stendur yfir í Norræna húsinu til 20. þessa mánaðar.

Myndirnar sem sýndar eru á hátíðinni eiga allar norrænar rætur en eru sýndar með enskum texta. Aðgangur er ókeypis, að einni mynd undanskilinni, en sú er sýnd í Bíó Paradís.

„Við bókuðum myndir sem voru gefnar út árið 2015 svo þetta eru frekar nýjar myndir. Sumar þeirra voru í sýningu í kvikmyndahúsum og aðrar eru heimildarmyndir eða smærri myndir,“ segir Gunn Hernes, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu og einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Einnig segir hún fjölbreytileika myndanna sem sýndar verða á hátíðinni talsverðan og að áhersla hafi verið lögð á að sýna fram á fjölbreytileika norrænna kvikmynda þegar dagskráin var skipulögð. „Allt frá því að vera stórar myndir með stóru „budgeti“ yfir í smærri sjálfstæðari heimildarmyndir.“

Á hátíðinni verða ellefu myndir sýndar og eru allar sýningarnar fríar að einni mynd undanskilinni sem sýnd verður í Bíó Paradís. Það er kvikmyndin Louder than Bombs í leikstjórn Joachims Trier sem sýnd verður laugardaginn 15. apríl og fer í kjölfarið í almennar sýningar í bíóhúsinu.

Gunn bendir þó á að hægt sé að taka frá miða á allar myndirnar á vefnum tix.is. Sýningarnar fara fram í Norræna húsinu að sýningunni á Louder than Bombs undanskilinni.

Hátíðin hefur farið fram í Norræna húsinu frá árinu 2012. Markmið hennar er að kynna breitt úrval kvikmynda frá Norðurlöndunum.

„Hátíðin hefur þróast yfir árin. Það sem er sérstakt við hana í ár er að við erum með umræður eftir myndirnar sem fara meira inn í umfjöllunarefni myndanna á almennan hátt,“ segir Gunn og nefnir í því samhengi sérstaklega pallborðsumræður eftir sýningu sænsku heimildarmyndarinnar Bikes vs. Cars í leikstjórn Fredriks Gerrten. Myndin fjallar um fólk sem ákveðið hefur að taka upp bíllausan lífsstíl og stíga á bak reiðhjólsins. Í myndinni er leitast við að varpa ljósi á daglegt umferðaröngþveiti. Eftir sýningu á myndinni þann 18. apríl fara fram pallborðsumræður um efni hennar, sem og stöðu og möguleika reiðhjólsins sem samgöngutækis á Íslandi. Gísli Marteinn Baldursson stjórnar umræðunum og þátttakendur í pallborði verða Þorsteinn R. Hermannsson, nýráðinn samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, Kristín Sigurðardóttir, slysa- og bráðalæknir og stjórnarmaður FÍB, Morten Lange, einn af stofnfélögum samtakanna Hjólafærni á Íslandi, og Sigrún Helga Lund, stofnandi Samtaka um bíllausan lífsstíl.

Einnig mun Jakob Gottschau, leikstjóri dönsku heimildarmyndarinnar Facebookistan, taka þátt í umræðum eftir sýningu hennar á föstudaginn. Með honum verður fréttamaðurinn Baldvin Þór Bergsson. Líkt og nafnið gefur til kynna fjallar myndin um samfélagsmiðilinn Facebook og skoðar Gottschau meðal annars lögin sem miðillinn byggir á, völdin sem hann hefur yfir þeim upplýsingum sem notendur setja inn á hann og tjáningarfrelsi.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar og fleiri umræður má nálgast á vefsíðunni norraenahusid.is. gydaloa@frettabladid.is

## MYNDIRNAR Á HÁTÍÐINNI

The Fencer (FIN)
Facebookistan (DK)
Flocking (SE)
At Home in the World (DK)
Bikes vs Cars (SE)
Louder than Bombs* (NO/DK/FR)
Becoming Zlatan (SE)
The Idealist (DK)
Absolution (FIN)
